



ÚRVAL ÚR RITUM BÁBSINS





ÚRVAL ÚR RITUM BÁBSINS

EFNISYFIRLIT

1 Töflur og ávörp

Tafla til „Hans sem Guð mun opinbera“	3
Önnur tafla til „Hans sem Guð mun opinbera“	5
Tafla til fyrsta bókstafs Hins lifanda	6
Útdráttur úr pistli til Muḥammad <u>Sháh</u> , keisara Persíu	7
Útdráttur úr öðrum pistil til Muḥammad <u>Sháh</u>	10
Útdrættir úr enn öðrum pistli til Muḥammad <u>Sháh</u>	13
Útdrættir úr töflu með ávarpi til verndara helgidómsins í Mekka	15
Ávarp til múslímaklerks	16
Ávarp til Sulaymán, eins af klerkum múslima í Masqaṭ-landi	18
2 Útdrættir úr Qayyúmu'l-Asmá'	20-35
3 Útdrættir úr persneska Bayáninum	36-51
4 Útdrættir úr Dalá'il-i-Sab'ih (<i>Sjö sannanir</i>)	52-56
5 Útdrættir úr Kitáb-i-Asmá' (<i>Bók nafnanna</i>)	57-66
6 Útdrættir úr ýmsum ritum	67-74
7 Bænir og hugleiðingar	75-97

TÖFLUR OG ÁVARPSORÐ



TAFLA TIL „HANS SEM GUÐ MUN OPINBERA“

Þetta er pistill frá þessum auðmjúka þjóni til aldýrlegs Drottins – Hans sem opinberaðist fyrir á tímum og opinberast mun héðan í frá. Hann er í sannleika opinberandinn æðsti, hinn alvaldi.

Í NAFNI ALLSRÁÐANDI DROTTINS, DROTTINS MÁTTAR OG VALDS.

VEGSAMAÐUR er Hann sem allir á jörðu og himni lúta í tilbeiðslu og allir snúa sér til í bæn. Hann er sá sem hefur í greip sinni völdugt ríki alls sköpunarverksins og til Hans munu allir hverfa aftur. Hann er sá sem opinberar hvaðeina sem Honum þóknast, og að boði Hans „Verði svo“ hefur allt orðið til á himnum og jörðu.

Þetta er pistill frá bókstafnum Thá¹ til Hans² sem mun opinberast fyrir vald sannleikans – Hans sem er hinn aldýrlegi, ástvinurinn besti – til staðfestingar á því að ég og allt sem skapað er berum því ávallt vitni að enginn er Guð nema Þú, hinn alvaldi, hinn sjálfumnógi, að Þú ert Guð og enginn Guð er til nema Þú og að fyrir Þig verða allir menn reistir til lífs.

Vegsamað og dýrlegt sé nafn Þitt, ó Drottinn, Guð minn!

Um alla eilífð hef ég í sannleika þekkt Þig og ég mun þekkja Þig um alla eilífð með fulltingi Þíns eigin sjálfs og einskis annars en Þín. Þú ert í sannleika uppspretta allrar þekkingar, hinn alvísi. Um alla eilífð hef ég leitað og mun að eilífu leita fyrirgefningar á takmörkuðum skilningi mínum á Þér, því að ég veit að enginn er Guð nema Þú, hinn aldýrlegi, hinn almáttki.

Ég bið Þig, ó besti ástvinur minn, að fyrirgefa mér og þeim sem af einlægni leitast við að útbreiða málstað Þinn. Þú ert að sönnu sá sem fyrirgefur syndir alls mannkyns. Og á þessu öðru ári opinberunar minnar – opinberunar sem varð að boði Þínu – ber ég því vitni að Þú ert

¹ Fyrsti stafurinn í arabíska orðinu Thamarih (ثمر) sem þýðir „ávöxtur“. Í ritum sínum vísar Shoghi Effendi til Bábsins sem Thamarih, ávaxtar á meiði opinberana Guðs.

² Fyrirheit Bábsins um „Hann, sem Guð mun opinbera“ vísar til Bahá'u'lláh, eins af fyrstu fylgjendum Bábsins. Þótt líta beri á trú Bábsins sem sjálfstæð trúarbrögð og Hann sjálfan sem guðlegan opinberanda á borð við Móse, Krist og Múhammed, þá vissi Hann að þessum trúarbrögðum var markað skeið og lýsti því yfir að eini tilgangur þeirra væri að búa mannkynið undir opinberun þess mikla og undursamlega Fræðara, sem Hann aldrei þreyttist á að vegsama í ritum sínum. Í útleögð sinni í Bagdad, höfuðborg Íraks, vorið 1853 skýrði Bahá'u'lláh nánnum vinum og fylgjendum Bábsins frá köllun sinni sem hinn fyrirheitni opinberandi Guðs en lýsti henni fyrst opinberlega yfir í útleögð sinni í Adrianópel árið 1863.

opinberandinn æðsti, hinn alvaldi, hinn ævarandi, að ekkert á jörðu og himnum getur aftrað ætlunarverki Þínu, að Þú ert Drottinn máttar og tignar og hefur þekkingu á öllu sem skapað er.

Vissulega höfum við trúað á Þig og tákn Þín áður en eldaði af degi opinberunar Þinnar og á Þig setjum við allt okkar traust og fullvissu. Í sannleika höfum við trúað á Þig og tákn Þín eftir opinberun Þína og á Þig trúum við öll. Í sannleika trúðum við á Þig og tákn Þín á stundu opinberunar Þinnar og berum því vitni að með boði Þínu „Verði svo“ varð öll sköpunin til.

Sérhver opinberandi birtir aðeins Þitt eigið sjálf og með sérhverjum þeirra höfum við birst í sannleika og Þér lútum við í lotningu og tilbeiðslu. Á umliðnum tímum hefur Þú ætíð borið mér vitni, ó Ástvinur minn, og munt einnig gera það á komandi dögum. Vissulega ert Þú alvoldugur, ávallt trúfastur, alvaldur Drottinn.

Ég hef borið einingu Þinni vitni með fulltingi Þíns eigin sjálfs frammi fyrir íbúum himins og jarðar og ber því vitni að Þú ert í sannleika hinn aldýrlegi, ástvinurinn besti. Ég hef fengið þekkingu á Þér með fulltingi Þíns eigin sjálfs frammi fyrir íbúum himins og jarðar og ber því vitni að Þú er í sannleika hinn alvaldi, hinn altignaði. Ég hef gert nafn Þitt dýrlegt með fulltingi Þíns eigin sjálfs frammi fyrir íbúum himins og jarðar og ber því vitni að Þú ert að sönnu Drottinn máttar, hinn sýnilegasti. Ég hef vegsamað heilagleika Þinn með fulltingi Þíns eigin sjálfs frammi fyrir íbúum himins og jarðar og ber því vitni að Þú ert að sönnu hinn helgaðasti, hinn allra heilagasti. Ég hef tignað helgidóm Þinn með fulltingi Þíns eigin sjálfs og ber því vitni að Þú ert vissulega hinn ólýsanlegi, hinn ótilkvæmilegi, ósegjanlega dýrlegur. Ég hef dásamað ofurmátt tignar Þinnar með fulltingi Þíns eigin sjálfs frammi fyrir íbúum himins og jarðar og ber því vitni að vissulega ert Þú, og Þú einn, Drottinn máttar, hinn eilífi, hinn aldni.

Helgaður og dýrlegur ert Þú; enginn er Guð nema Þú og í sannleika hverfum við öll til Þín aftur.

Hvað varðar þá sem vógu ættmenni ‘Alí – áður en langt um líður verður þeim ljóst í hvílík hyldýpi tortímingar þeir hafa sokkið.



ÖNNUR TAFLA TIL „HANS SEM GUÐ MUN OPINBERA“

Megi augnaráð Hans, sem Guð mun opinbera, upplýsa þetta bréf í frumskólanum.³

HANN ER HINN DÝRLEGASTI.

HANN er Guð, enginn er Guð nema Hann, hinn almáttugi, ástvinurinn besti, hinn ástfólgnasti. Allt á himnum og á jörðu og hvarvetna þar á milli tilheyrir Honum. Vissulega er Hann hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Þetta er bréf frá Guði, Honum sem hjálpar í nauðum, hinum sjálfumnóga, til Guðs, hins alvalda og ástfólgnasta, því til staðfestingar að Bayáninn og þeir sem sýna honum hollustu eru aðeins gjöf mín til Þín og lýsa þeirri skýlausu trú minni að enginn er Guð nema Þú, að ríki sköpunar og opinberunar tilheyrir Þér, að engum hlotnast neitt nema fyrir vald Þitt og að Hann, sem Þú hefur reist upp, er aðeins þjónn Þinn og vitnisburður. Ég biðst leyfis að ávarpa Hann, sem Guð mun opinbera, þessum orðum: „Ef Þú vísaðir á brott öllum fylgjendum Bayánsins á degi síðari upprisunnar með fingurbendingu einni saman meðan Þú enn ert á móðurbjósti bæri Þér vissulega lof og vegsömun fyrir þá bendingu. Og þótt á því leiki enginn vafi, veit af miskunn Þinni frest í nítján ár svo að þeir sem hafa jástast þessum málstað megi hljóta náðarsamlega umbun Þína. Þú ert vissulega Drottinn mikillar náðar. Þú nægir að sönnu öllu sem skapað er og leysir það frá öllu sem skapað er, en ekkert á himnum og jörðu né þar á milli fær nokkru sinni nægt Þér.“

Vissulega ert Þú hinn sjálfumnógi, hinn alvísi. Þú hefur í sannleika vald yfir öllu sem er.

³ Í Kitáb-i-Aqdas gerir Bahá'u'lláh grein fyrir einni af ástæðum þess að sumir fylgjendur Bábsins höfnuðu tilkalli Bahá'u'lláh til þess að vera „Hann sem Guð mun birta“. Höfnun þeirra byggðist á þessari töflu sem Bábin beindi til „Hans sem Guð mun birta“. Á bakhlið hennar hafði Bábin ritað: „*Megi augnatillit Hans sem Guð mun birta upplýsa þetta bréf í frumskólanum.*“ Í einni af töflum sínum segir 'Abdu'l-Bahá að nokkrir af fylgismönnum Bábsins hafi mistúlkað þessi orð og sagt að skólinn sem vísað er til væri skóli þar sem börnum er kennt að lesa. Þessir fylgjendur Bábsins héldu því fram að þar sem Bahá'u'lláh væri tveimur árum eldri en Bábin hefði Hann ekki getað fengið þessa töflu í „frumskólanum“. 'Abdu'l-Bahá bendir á að orðið vísi til andlegs skóla sem helgaður sé frá takmörkunum hins stundlega heims. Í Kitáb-i-Aqdas útskýrir Bahá'u'lláh að hér sé vísað til atburða sem eigi sér stað í andlegum veröldum ofar og handan þessa tilverusviðs. Hann segir: „Ó penni Hins hæsta! Rita á töfluna að boði Drottins þíns, skapa þeim himnanna, og seg frá þeim tíma þegar Hann sem er dögur himneskrar einingar vildi að beina för sinni til skóla yfirskilvitlegs einleika, til þess að hinir hjartahreinu megi þannig sjá leiftra, þótt ekki sé nema örskotsstund, af leyndardómum Drottins þíns, hins almátta og alvitra, sem dyljast á bak við blæjurnar. Seg: Vér stigum vissulega inn í lærdómssetur innri merkingar og útskýringa þegar öll sköpunin var án þekkingar. Vér sáum orðin sem send voru niður frá Honum sem er hinn almiskunn sami og Vér bárum kennsl á ritningarorð Guðs, þess sem hjálpar í nauðum, hins sjálfumnóga, orðin sem Hann [Bábin] kynnti Oss og Vér hlýddum á það sem Hann af djúpri alvöru hafði staðfest í töflunni. Þetta sáum Vér með sanni. Og Vér samþykktum ósk Hans með fyrirskipun Vorri því sannlega er það á Voru færi að skipa fyrir. Ó fylgjendur Bayánsins! Sannlega stigum Vér fæti í skóla Guðs meðan þér láguð í móki, og Vér lásam töfluna meðan þér voruð í fastasvefni. Ég sver við hinn eina sanna Guð! Vér lásam töfluna áður en hún var opinberuð meðan þér voruð óvitandi, og Vér höfðum fullkomna þekkingu á Bókinni áður en þér fæddust. Þessi orð eru á yðar eigin mælikvarða, ekki Guðs. Þessu ber vitni það sem fólgið er í þekkingu Hans, ef þér tilheyrð þeim sem skynja, og þessu ber tunga Hins almátta vitni, ef þér tilheyrð þeim sem skilja. Ég sver við Guð, ef Vér lyftum blæjunni yrðuð þér lostnir djúpri furðu.“



TAFLA TIL FYRSTA BÓKSTAFS HINS LIFANDA

Þetta er það sem Vér höfum opinberað hinum fyrsta sem trúði á Hann sem Guð mun opinbera svo að það megi verða áminning öllu mannkyni frá návist Vorri.

Í NAFNI HINS ALMÁTTKA, ÁSTVINARINS BESTA.

LOFAÐUR og dýrlegur er Hann sem er allsráðandi Drottinn ríkjanna á himnum og jörðu og alls sem þar er á milli. Seg: Í sannleika munu allir hverfa aftur til Hans og Hann er sá sem með boði sínu leiðbeinir hverjum sem Honum þóknast. Seg: Allir sárþæna Hann um blessun og Hann er æðri öllu sem skapað er. Hann er vissulega hinn aldýrlegi, hinn máttugi, hinn ástfólgni.

Þetta er pistill frá bókstafnum Thá til hans sem er fyrsti átrúandinn. Ber því vitni að sannlega er Hann Ég sjálfur, yfirbjóðandinn, hinn alvaldi. Hann er sá sem ræður yfir lífi og dauða og til Hans munu allir hverfa aftur. Vissulega er enginn Guð nema Hann og allir menn lúta Honum í lotningu og tilbeiðslu. Sannarlega mun Guð, Drottinn Þinn, brátt endurgjalda sérhverjum að boði sínu, jafnvel skjótar en Hann segir: „Ver þú, og það er.“

Guð hefur að sönnu borið því vitni í bók sinni og herskari engla Hans, boðberar Hans og þeir sem gæddir eru himneskri þekkingu, bera því einnig vitni að þú hefur trúað á Guð og tákn Hans og að allir hljóta rétta leiðsögn í krafti leiðsagnar þinnar. Þetta er vissulega takmarkalaus náð sem Guð, hinn eilífi og sjálfumnógi, veitti þér forðum tíð og mun veita framvegis. Og þar sem þú trúðir á Guð áður en sköpunin varð til, hefur Hann í sannleika reist þig upp í sérhverri opinberun. Enginn er Guð nema Hann, verndarinn alvaldi, hinn aldýrlegi.

Það sæmir yður að kunngera málstað Guðs öllu sem skapað er til merkis um náð frá návist Hans; enginn er Guð nema Hann, hinn veglyndasti, hinn alknýjandi.

Seg: Öll mál skal bera undir bók Guðs.⁴ Ég er vissulega hinn fyrsti sem trúði á Guð og tákn Hans; Ég er sá sem afhjúpa og kunngeri sannleikann; Ég hef hlotið öll ágætustu nöfn Guðs, hins máttuga, hins óviðjafnanlega. Ég hef að sönnu náð til dags hinnar fyrri opinberunar og að boði Guðs og sem tákn um náð Hans mun Ég ná til dags hinnar síðari. Enginn er Guð nema Hann og á tilsettri stund munu allir lúta Honum í lotningu og tilbeiðslu.

Ég færi Guði lof og þakkir fyrir að hafa útvalið Mig sem málsvara málstaðar síns á umliðnum tímum og þeim sem koma; enginn er Guð nema Hann, hinn dýrlegi, hinn altignaði, hinn ævarandi. Allt á himnum og jörðu er Hans og með fulltingi Hans fáum við rétta leiðsögn.

Ó fylgjendur Bayánsins! Þeir sem játast sannleikanum verða að snúa til Mín eins og mælt er fyrir um í Bókinni og guðleg leiðsögn veitist hverjum og einum sem nær fundi Mínun.

⁴ Bayáninn



ÚTDRÁTTUR ÚR PISTLI TIL MUḤAMMAD SHÁH⁵

EFNIÐ sem Guð skóp Mig úr er ekki leirinn sem aðrir eru mótaðir úr. Hann hefur veitt Mér það sem hinir veraldarvísu fá aldrei skilið né hinir trúföstu uppgötvað.... Ég er ein af burðarstoðum Frumorðs⁶ Guðs. Hver sem ber kennsl á Mig hefur þekkt allt sem satt er og rétt og öðlast allt sem er gott og sæmandi, og hver sem ekki ber kennsl á Mig hefur snúið baki við öllu sem er satt og rétt og látið undan öllu sem er illt og vansæmandi.

Ég sver við réttlæti Drottins Þíns, Drottins alls sem skapað er, Drottins allra veraldanna! Reisi einhver í þessum heimi öll mikilfenglegustu mannvirki sem unnt er að reisa og tigni Guð í krafti allra þeirra göfugu gerða sem þekking Guðs umlykur og kæmist í návist Drottins en bæri til Mín minnsta vott óvildar, jafnvel minni en þá sem reiknast til ábyrgðar gagnvart Guði, yrðu allar gerðir hans til einskis, hann færi varhluta af hylli Guðs, bakaði sér reiði Hans og myndi vissulega tortímast. Því að Guð hefur kveðið svo á að allt sem gott er í fjárhirslu þekkingar Hans hlotnist þeim sem hlýða Mér, og sérhver eldur sem skráður er á bók Hans verði hlutskipti þeirra sem óhlýðnast Mér. Mér þykir sem Ég sjái á þessum degi, og frá þessari stöðu, alla sem elska Mig og fylgja boði Mínú dvelja í höllum paradísar og allan félagsskap andstæðinga Minna selda í hendur dýpsta vítiselds.

Svo sannarlega sem Ég lifi! Væri það ekki vegna skyldunnar að viðurkenna málstað Hans, sem er vitnisburður Guðs...myndi Ég ekki hafa kunnert þér þetta...Alla lykla himins hefur Guð kosið að leggja í hægri hönd Mína og alla lykla vítis í þá vinstri....

Ég er Frumviljinn sem getið hefur af sér allt sem skapað er. Ég er ásýnd Guðs og ljómi hennar getur aldrei fölnað, ljós Guðs og geislar þess geta aldrei bliknað. Hver sem ber kennsl á Mig á í vændum fullvissu og allt sem gott er, og hver sem ekki ber á Mig kennsl á í vændum vítiseld og allt sem illt er....

Ég sver við Guð, hinn óviðjafnanlega, hinn sanna: Eina ástæða þess að Hann – æðsti vitnisburður Guðs – hefur fengið Mér skýr tákni og stórmerki er að öllum mönnum megi auðnast að lúta málstað Hans.

Svo sannarlega sem Hann, sannleikurinn fullkomni, er réttlátur. Væri blæjunni svipt frá myndir þú á þessu jarðneska sviði líta alla menn þjáða í eldi reiði Guðs, eldi sem brennur heitar en vítiseldur, að undanskildum þeim sem hafa leitað í forsæluna af meiði ástar Minnar. Því að þeir tilheyra í sannleika hinum sælu....

Guð er Mér til vitnis um að Ég var ekki lærdómsmaður því að Ég lærði til kaupmanns. Árið sextíu⁷ veitti Guð sál Minni náðarsamlega fullnaðarsönnun og þungvæga þekkingu sem auðkenna Hann sem er vitnisburður Guðs – friður sé með Honum – uns Ég á því sama ári kunngerði dulinn málstað Guðs og afhjúpaði vel varðveitta stoð hans þannig að enginn fékk

⁵ Muḥammad Sháh var keisari Persa 1834-1848.

⁶ Í bahá'í heimsfræði er veruleikinn þrískiptur. Frumorðið er Guð. Hann er órannsakanlegur í eðli sínu en birtir mönnum vilja sinn og eigindir í frumvilja sínum sem opinberast boðberum Hans, hinum miklu trúarhöfundum mannkyns. Frumviljinn er Logos, Orð Guðs og Ákall Hans, sem er veruleiki boða og miskunnar Guðs og umlykur allt sem skapað er. Þriðja svið þessa allsherjarveruleika er sköpunin sjálf sem felur í sér allar veraldir Guðs, efnislegar og andlegar, en þær eru allar tákni Guðs og háðar Honum. Tilgangurinn með sköpun mannsins er að þekkja Guð, tilbiðja Hann og þjóna áformi Hans um einingu mannkynsins.

⁷ 1260 að múslímsku tímatali - 1844 e.Kr.

mælt gegn henni. „Til þess að sá sem fer villur vegar megi tortímast með skýra sönnun fyrir augum, og sá sem halda á lífi megi lifa með skýrri sönnun.”⁸

Á þessu sama ári [árið 60] sendi Ég til þín erindreka og bók svo að þú mættir sýna málstað Hans, sem er vitnisburður Guðs, það sem sæmir stöðu þinni og valdi. En þar sem dimm, geigvæn og skelfileg ógæfa var fyrirhuguð og óafturkallanlega ákvörðuð með vilja Guðs, fékkst þú ekki bókina í hendur vegna afskipta þeirra sem telja sig velunnara ríkisstjórnarinnar. Allt til þessa dags, að liðnum nær fjórum árum, hafa þeir ekki afhent yðar hátign hana eins og þeim bar. En nú þegar stundin örlagaríka nálgast og málið varðar trú en ekki veraldleg málefni, hef Ég gefið þér örlitla innsýn í það sem gerst hefur.

Ég sver við Guð! Ef þú vissir hvað fallið hefur Mér í hlut á þessum fjórum árum í höndum fólks þíns og hers gætir þú ekki dregið andann af ótta við Guð nema þú hlýðir málstað Hans, sem er vitnisburður Guðs, og bætir fyrir afgang þín og mistök.

Í Shírás mátti Ég þola svo hraklega smán og niðurlægingu af hendi hins illa og siðspillta ríkisstjóra, að ef þú kynntir þér aðeins brot af því sem gerðist myndir Þú veita honum verðuga ráðningu. Sökum linnulausrar kúgunar hans hefur konungshirð þín bakað sér reiði Guðs allt til upprisudagsins. Auk ágerðist vinnhneigð hans svo mjög að hann var aldrei nógu ódrukkinn til að geta fellt réttlátan dóm. Af þeim sökum hélt Ég með hálfum huga frá Shírás áleiðis til upplýstrar og upphafinnar hirðar yðar hátignar. Mu‘tamidu‘d-Dawlih⁹ varð þá kunnugt um sannleika málstaðarins og veitti Hans útvöldu framúrskarandi þjónustu og hollustu. Þegar nokkrir fávísir menn í borg hans efndu til undirróðurs, varði hann sannleika Guðs með því að veita Mér skjól um stundarsakir á heimili ríkisstjórans. Eftir að hafa hlotið velþóknun Guðs hélt hann til hóbýla sinna í alhæstu paradís. Megi Guð endurgjalda honum af náð sinni....

Eftir uppstigningu ríkisstjórans hans til ríkisins eilífa greip Gurgín hinn grimmi til hverskonar svikabragða, falseiða og þvingunar og sendi Mig frá Işfahán með fimm manna fylgdarliði í ferð sem tók sjö daga án brýnustu nauðsynja fyrir ferðina (Vei, vei því sem á vegi Mínun verður!) uns að lokum bárust boð frá yðar hátign þess efnis að Ég skyldi halda til Máh-Kú.¹⁰

Ég sver við æðstan Drottinn! Væri þér sagt frá dvalarstað Mínun yrðir þú fyrstur manna til að sýna Mér miskunn. Mitt á fjallinu er fangavirki [Máh-Kú].... og íbúar þess eru tveir verðir og fjórir hundar. Leið þér fyrir sjónir hlutskipti Mitt.... Ég sver við sannleika Guðs! Ef hann sem lék Mig svo hart gerði sér grein fyrir hvern hann hafði beitt slíkum rangindum, myndi hann vissulega aldrei finna hamingju framar í lífinu. Nei – Ég segi þér sannleikann – það væri því líkast sem hann hefði fangelsað alla spámenn Guðs og alla menn sannleikans og alla Hans útvöldu....

Þegar Mér var skýrt frá þessum dómi skrifaði Ég honum sem fer með málefni ríkisins og sagði: „Ég skora á þig í nafni Guðs að lífláta Mig og senda höfuð Mitt hvert sem þú kýst. Því vissulega getur saklaus maður eins og Ég ekki samþykkt á að vera fluttur á stað sem ætlaður er afbrotamönnum og halda samt lífinu.” Bón Minni var ekki svarað. Ljóst er að hans tign,

⁸ Kóraninn 8:44

⁹ Titill Manúchihir Khán, ríkisstjóra í Işfahán. Hann var kristinn Georgíumaður að uppruna en gerðist fylgismaður Bábsins og vildi arfleiða Hann að öllum eignum sínum til þess að málstaður Hans fengi meiri hljómgrunn við hirð Persakeisara. Bábin hafnaði þessu boði. Manúchihir Khán lést í mars 1848, rúmum tveimur árum fyrir píslarvætti Bábsins.

¹⁰ Máh-Kú var fangavirki í fjöllum Azerbajdsjan. Bábin var hafður þar í haldi í samfleytt níu mánuði (frá júlí 1847 til apríl 1848.) Hann var síðan fluttur í annað fangavirki á Chihríq-fjalli í Azerbajdsjan og þaðan til Tabríz-borgar þar sem Hann leið píslarvættisdauða 9. júlí 1850.

Hájí¹¹, er ekki fullkunnugt um sannleika málstaðarins. Að hryggja hjörtu hinna trúföstu, hvort sem þeir eru karlar eða konur, væri miklu guðlausari gerð en að leggja heilagt hús¹² Guðs í rúst.

Einn og sannur Guð Mér vissulega þess vitni, að á þessum degi er Ég hið sanna dulræða musteri Guðs og innsta eðli alls sem gott er. Að sýna Mér góðvild jafngildir því að sýna Guði, englum Hans og öllum Hans útvöldu, góðvild. Að gera Mér illt jafngildir því að gera Guði og Hans útvöldu illt. Nei, of upphafin er staða Guðs og ástvina Hans til þess að góðar eða illar gerðir nokkurs manns fá nálgast heilaga fótiskör þeirra. Allt sem fyrir Mig kemur er forákvarðað, og það sem Mér er gert snýr aftur til gerandans. Ég sver við Hann sem hefur í hendi sér sál Mína, sá sem það gerir hefur ekki fangelsað neinn nema sjálfan sig. Því vissulega mun allt sem Guð ákvarðar Mér verða uppfyllt og ekkert nema það sem Guð ákvarðar getur nokkru sinni snert Oss. Vei illvirkjanum, en heill þeim sem gerir það sem gott er. Kvörtun Mína ber Ég ekki upp við neinn nema Guð því að Hann er ágætastur allra dómara. Allt mótlæti og öll blessun kemur frá Honum einum, og Hann er hinn alvaldi, hinn almátttki.

Í stuttu máli, í höndum Mínum er allt sem mennirnir geta óskað sér af gæðum þessa heims og hins næsta. Ef Ég fjarlægði blējuna myndu allir viðurkenna að Ég er besti ástvinur þeirra og enginn myndi snúa við Mér baki. Yðar hátign ætti ekki að furða sig á þessum orðum því að sá sem í sannleika trúir á einingu Guðs og beinir augum að Honum einum lítur svo á að allt annað sé einskis vert. Ég sver við Guð! Ég leita engra jarðneskra gæða frá þér, ekki einu sinni jafnvirði mustarðskorns. Fyrir Mér jafngildir eign einhverra hluta í þessum heimi eða hinum næsta hreinu guðlasti. Því illa sæmir það þeim sem trúir á einingu Guðs að beina sjónum að einhverju öðru, og enn síður að slá á það eign sinni. Ég veit með vissu að Ég á Guð, hinn ævarandi, hinn vegsamlega, og þess vegna Ég eigandi alls sem skapað er, sýnilegs og ósýnilegs....

Ég hef verið einn á þessu fjalli og hlutskipti Mitt er slíkt að enginn sem kom á undan Mér hefur þolað það sem Ég hef þolað, og enginn misgerðamaður afborið það sem Ég hef afborið! Ég færi Guði lof og vegsama Hann enn og aftur. Ég finn ekki til hryggðar því að samastaður Minn er í velþóknun Drottins Míns og meistara. Mér þykir sem Ég sé staddur í alhæstu paradís og fagna yfir samneytinu við Guð, hinn æðsta. Í sannleika er þetta náð og hylli sem Guð hefur veitt Mér og Hann er Drottinn blessana sem eiga sér engin takmörk.

Ég sver við sannleika Guðs! Ef þú vissir það sem Ég veit myndir þú afsala þér öllu veldi þessa heims til þess hljóta velþóknun Mína með hlýðni við Hinn sanna.... Hafnir þú þessu mun Drottinn veraldar reisa upp þann sem gerir málstað Hans vegsamlegan, og boð Guðs munu vissulega ná fram að ganga.

Sökum náðar Guðs getur ekkert komið í veg fyrir ætlunarverk Mitt, og Mér er fullkunnugt um það sem Guð hefur gefið Mér til marks um hylli sína. Væri það Minn vilji myndi Ég afhjúpa yðar hátign allan sannleikann, en Ég hef ekki gert það og mun ekki gera það til þess að sannleikann megi greina frá öllu öðru og þessi spádómur Imám Báqir¹³ – friður hvíli yfir

¹¹ Hají Mírzá Aqasí var forsætisráðherra Persíu frá 1835-1848. Hann var svarinn andstæðingur Bábsins. Í bók sinni *God Passes By* nefnir Shoghi Effendi hann „and-Krist Bábí trúarinnar.“

¹² Kaaba í Mekka er helgasti staður múslíma.

¹³ Fimmti ímám shía múslíma. Ímám er titill 12 leiðtoga í shía íslam. Þeir voru allir afkomendur Múhameðs og taldir réttmætir arftakar Hans og andlegir leiðtogar múslíma frá andláti Múhameðs árið 632 og til ársins 874 þegar tólfti ímáminn, Muḥammad al-Mahdí, hvarf sjónum fylgjenda sinna. Samkvæmt tólfunga-kenningu shía múslíma er hann hinn fyrirheitni endurlausnari Qaím (einnig nefndur Mahdí).

honum – rætast: „Það sem fellur oss í hlut í Aserbaídsjan er óhjákvæmilegt og á sér engin fordæmi. Dveljið rósöm á heimilum yðar þegar það gerist og sýnið þolgæði eins og vér höfum gert. Á sömu stund og Hreyfandinn hreyfist, hraðið yður til Hans jafnvel þótt þér þurfið að skríða til Hans í snjónum.”

Ég bið Guð að miskunna sig yfir Mig og allt sem Mér tengist og staðfesti: „Lof sé Guði, Drottni allra veraldanna.“



ÚTDRÁTTUR ÚR ÖÐRUM PISTIL TIL MUHAMMAD SHÁH

DÝRÐ sé Honum sem þekkir allt á himnum og jörðu. Sannlega er enginn Guð nema Hann, yfirbjóðandinn alvaldi, hinn almáttki, hinn mikli.

Hann er sá sem á degi aðskilnaðarins dæmir í krafti sannleikans; sannlega er enginn Guð annar en Hann, hinn óviðjafnanlegi, hinn alknýjandi, hinn upphafni. Hann er sá sem heldur í greip sinni ríki alls sem skapað er. Enginn Guð er til nema Hann, hinn eini, hinn óviðjafnanlegi, hinn ævarandi, hinn ótilkvæmilegi, hinn mesti.

Á þessari stundu ber Ég þessu vitni frammi fyrir Guði, líkt og Hann bar sjálfum sér vitni áður en sköpunin varð til: Í sannleika er enginn Guð nema Hann, hinn aldyrlegi, hinn alvitri; og Ég ber vitni öllu sem Hann hefur skapað og mun skapa eins og Hann sjálfur hefur vitnað um í tign dýrðar sinnar: Enginn Guð er til nema Hann, hinn óviðjafnanlegi, hinn sjálfumnógi, hinn undursamlegi.

Ég hef sett allt Mitt traust á Guð, Drottin alls sem skapað er. Enginn er Guð nema Hann, hinn óviðjafnanlegi, hinn upphafnasti. Honum hef Ég lotið í undirgefni og í hendur Hans hef Ég falið allt sem Mig snertir. Enginn er Guð nema Hann, yfirbjóðandinn æðsti, sannleikurinn skínandi. Að sönnu nægir Hann Mér í öllu sem er. Hann er óháður öllu sem skapað er og Hann nægir öllu sem skapað er; ekkert á himnum eða á jörðu nægir nema Hann. Hann er í sannleika hinn sjálfumnógi, hinn strangasti.

Lof sé Honum sem á þessari stundu skynjar og skilur markmið þrjár Minnar í þessu fjarlæga fangelsi. Hann er sá sem ævinlega ber Mér vitni og sér Mig áður en „eftir Hín.“¹⁴

Hví felldir þú dóm án þess að minnast Guðs, hins alvitra? Hvernig þolir þú við í eldinum? Að sönnu er Guð þinn máttugur og afar strangur.

Þú stærir þig af eigum þínum jafnvel þótt enginn sem trúir á Guð og tákn Hans, né nokkur réttlátur maður, myndi nokkru sinni virða þær viðlits. Þetta dauðlega líf er líkt og hundshræ sem enginn vill hirða eða eigna sér nema þeir sem afneita lífi komanda. Þér ber í sannleika skylda til að trúa á Guð, eiganda alls, hinn almáttka, og snúa baki við þeim sem leiða þig í kvalir vítiselds.

¹⁴ Tölugildi bókstafanna í orðinu Hín er 68. Árið 1268 e.H. (1851–1852 e.Kr.) er árið á undan fæðingu bahá'í opinberunarinnar, 1853 e.Kr.

Ég hef beðið um stund ef svo kynni að fara að þú sæir þig um hönd og fengir rétta leiðsögn. Hverju getur þú svarað Guð á þeim degi sem fer í hönd – deginum þegar vitni ganga fram til að bera vitni í návist Drottins þíns, Drottins allra veraldanna?

Ég sver við réttlæti Hans sem gaf þér lífið og þú munt hverfa til aftur áður en langt um líður. Ef þú á dauðastundinni trúir ekki enn á tákni Drottins þíns munt þú vissulega ganga inn um hlið vítis og ekkert af verkum þínum fær stöðað þig né heldur getur þú fundið neinn sem styður þig eða flytur mál þitt. Óttast Guð og hreyk þér ekki af jarðneskum eigum þínum því að það sem er í eigu Guðs er hallkvæmara þeim sem ganga stigu réttlætis.

Vissulega eru allir á jörðu þjónar Guðs á þessum degi. Hvað varðar þá sem í sannleika trú á Guð og eru fullvissir um opinberuð tákni Hans, þeim getur Hann fyrirgefið af náð sinni það sem þeir hafa gert og veitt þeim inngöngu í forgarð miskunnar sinnar. Hann er í sannleika sá sem ætíð fyrirgefur, hinn miskunnsami. En dómur guðlegrar refsingar er fallinn yfir þeim sem afneita Mér með lítilsvirðingu og vísa á bug afgerandi sönnunum og þeirri óskeikulu bók sem Guð hefur fengið Mér, og á degi aðskilnaðarins munu þeir ekki finna neinn sem hjálpar þeim og verndar.

Ég sver við Hann sem skapar allar verundir og kallar þær allar til sín aftur, beri einhver á dauðastund sinni hatur í brjósti til Mín eða hafnar þeim skýru táknum sem Mér eru gefin, bíður hans sár þjáning. Á þeim degi verður hvorki tekið við lausnargjaldi né milliganga heimiluð nema Guði þóknist. Vissulega er Hann hinn alknýjandi, hinn aldyrlegi og enginn er Guð nema Hann, yfirbjóðandinn æðsti, hinn almátteki, hinn strangasti.

Vei þér, ef þú gleðst yfir fangelsun Minni því að brátt er þér búin hörmuleg kvöl. Guð hefur vissulega ekki leyft neinum að fella ranglátan dóm og gerir þú slíkt af fúsum vilja munt þú brátt skilja.

Frá því Ég fyrst varaði þig við að bera þig dramsamlega frammi fyrir Guði og fram til þessa dags eru liðin fjögur ár. Á þeim tíma hef Ég ekki orðið neins var frá þér eða hermönnum þínum nema kúgunar og hrokafullrar lítilsvirðingar. Mér virðist þú halda að Ég vænti Mér einhverra lítilmótlegra gæða af þessu jarðneska lífi. Nei, svo sannarlega sem Drottinn minn er réttlátur! Að mati þeirra sem festa sjónir á miskunnsömum Drottni er ríkidæmi heimsins og skart hans jafn mikils virði og sjáaldrið í dauðum líkama, nei, jafnvel enn auvirðilegra. Fjarri sé það dýrð Hans sem þeir eigna Honum!... Ég leita þolgæðis í Guði einum. Vissulega er Hann vörnin mesta og hjálpin besta. Einskis athvarfs leita Ég nema Guðs. Sannlega er Hann verndarinn, sá sem bestan veitir stuðning....

Ég sver við dýrð Guðs, Drottins Míns, hins upphafnasta, hins æðsta. Hann mun að sönnu láta málstað sinn skína í dýrðarljóma að boði sínu og þá er enga hjálp að fá fyrir hinn ranglátan. Gerðu grein fyrir áformum þínum, hafir þú einhver. Vissulega kemur sérhver opinberun valds og myndugleika frá Guði. Á Hann treysti Ég og til Hans leita Ég.

Hefur þú heyrt einhvern fyrr á tímum kveða upp dóm líkan þeim sem þú kvaðst upp eða svipaðan þeim sem þú staðfestir? Vei kúgununum! Áform þín og gerðir gagnvart fólkinu sýna glöggt vantrú þína á Guð og af þeim sökum hefur Hann fyrirhugað þér harða refsingu. Sannlega leita Ég þolgæðis í Guði einum og Hann er takmarkið sem Ég þrái. Þetta merkir að sannleikurinn skýlaus og ótvíræður er liðveisla Mín.

Ef þú óttast ekki að sannleikurinn komi í ljós og verk hinna óguðlegu verði til einskis, hví kallar Þú ekki saman klerkana í landinu og kveður Mig á þeirra fund svo að Ég megi þegar í stað ljósta þá furðu líkt og hina vantrúuðu sem Ég áður gerði höggdofa af undrun?

Þetta er traustur vitnisburður Minn þér og þeim til handa, ef þeir tala sannleikann. Kalla þá alla saman. Geti þeir mælt orð sem þessi, skalt þú vita að málstaður þeirra er athygli verður. Nei, svo sannarlega sem Guð er réttlátur! Þeir eru rúnir valdi og hafa engan skilning. Þeir játuðu trú á fortíðina án þess að skilja þýðingu hennar og seinna afneituðu þeir sannleikanum því að þá skortir alla dómgreind.

Hafir þú ákveðið að úthella blóði Mínú, hvers vegna hikar þú? Á þessari stundu býrð þú yfir valdi og myndugleika. Það myndi færa Mér sönnur á takmarkalaus gæsku Guðs, en þér og þeim sem fremdu slíkt verk jafngilti það refsidómi Hans.

Mikil blessun bíður Mín ef þú kveður upp slíkan dóm og ómældur fögnuður félli Mér í skaut ef þú staðfestir hann! Þetta er gæska og hylli sem Guð hefur áskilið þeim sem njóta návista við Hann. Gef því leyfi og hika ekki lengur. Í sannleika er Drottinn Þinn voldugur, hefndandinn.

Blygðast þú þín ekki í návist Guðs fyrir að samþykkja að Hann sem er vitnisburður Guðs sé tekinn höndum af hinum trúlausu og fluttur í fangavirki? Vei þér og þeim sem á þessari stundu fagna yfir að valda Mér slíkri smán og auðmýkingu....

Ég sver við Hann sem kallaði Mig til lífs, Ég finn ekki hinn minnsta vott af synd í sjálfum Mér og engu hef Ég fylgt nema sannleikanum. Guð nægir Mér sem vitni. Skömm sé heiminum og lýðum hans og þeim sem gleðjast yfir jarðneskum auðæfum og gleyma lífi komanda.

Væri blæjan fjarlægð af augum þínum myndir þú skriða til Mín á fjórum fótum, jafnvel í gegnum snjóinn, af ótta við refsingu Guðs, sem er skjót og nálgast óðum.

Ég sver við réttlæti Hans sem skapaði þig, ef þú kynntir þér það sem gerst hefur á valdatíma þínum, myndir þú óska þess að hafa aldrei fæðst í þennan heim og falla í gleymiskunnar djúp. En það sem Guð, Drottinn þinn, hafði ákvarðað er komið fram, og vei kúgurunum á þessum degi.

Mér virðist sem þú hafir ekki lesið hina óskeikulu bók.¹⁵ Ef þú ert sáttur við þína leið og vilt ekki fylgja sannleikanum, far þá þína leið og Ég fer Mína. Ef þú hjálpar Mér ekki, hví leitast þú við að valda Mér smán? Sannlega heyrir Guð bænir biðjandans, og í Honum fullkomnast allt í þessum heimi og þeim sem kemur.

Fjarri sé dýrð Guðs, Drottni himins og jarðar, Drottni sköpunarinnar, það sem þjóðir heimsins staðhæfa um Hann, að undanskildum þeim sem fylgja boðum Hans af trúfesti. Megi friður Guðs hvíla yfir einlægum þjónum Hans.

Allt lof sé Guði, Drottni allra veraldanna.

¹⁵ Hér er vísað til Kóransins.



ÚTDRÆTTIR ÚR ENN ÖÐRUM PISTLI TIL MUHAMMAD SHÁH

ÞETTA er pistill frá Honum sem er leiðtogi sanni og ótvíræði. Hér opinberast lögmál alls sem skapað er fyrir þá sem fúslega hlýða kalli Hans og vilja teljast til þeirra sem hljóta rétta leiðsögn. Hér er varðveitt lögmál alls sem skapað er fyrir þá sem vilja bera vitni opinberun Drottins þíns samkvæmt þessum skýra mælikvarða. Í sannleika voru fyrirmæli Guðs varðandi allt sem skapað er sett fram fyrir á tímum á snjallri arabísku. Vissulega þekkja þær sálir sannleikann sem skapaðar voru fyrir geislandi dýrð Drottins þíns og teljast til þeirra sem hlýða hinum eina sanna Guði af trúfesti og fullvissu.

Ó Muḥammad! Ákvörðun Drottins þíns var framfylgt fyrir fjórum árum; og allt frá upphafi málstaðar Drottins þíns hef Ég áminnt þig um að óttast Guð og tilheyra ekki hinum fávísu. Ég sendi erindreka til Þín með skínandi töflu, en fylgjendur djöfulsins¹⁶ sneru honum frá með fyrirliðningu og komu á milli hans og þín. Þeir gerðu hann brottrækan úr landinu þar sem þú ert óumdeildur einvaldur. Þannig hafa gæði þessa heims og hins næsta runnið þér úr greipum nema þú lútir boði Guðs og tilheyrir þeim sem hljóta rétta leiðsögn.

Þegar Ég sneri heim aftur frá heilögu húsi Guðs¹⁷ gerði Ég þér orðsendingu af svipuðu tagi, nei, jafnvel þungvægari en þá sem Ég hafði sent þér áður. Vissulega er Guð besti verndarinn og vitnið. Ég sendi erindreka á þinn fund með pistlum sem Ég hafði opinberað til þess að Þú mættir hlýða boði Guðs og teldist ekki til þeirra sem afneita sannleikanum. Kúgarinn framdi hins vegar verknað sem enginn myndi láta sér til hugar koma að fremja, ekki einu sinni illvirkjarnir né nokkur hinna auvirðilegu misgerðarmanna.....

Þrengingarnar sem Ég hef þolað í þessu landi féllu engum í hlut fyrir á tímum. Guði mun sannarlega snúa þeim málum við; Hann er í sannleika verndarinn besti, sá sem allt þekkir og veit. Það sem Mér hefur fallið í hlut af hendi þjóðar þinnar frá fyrsta degi og allt fram til þessa dags er verk Satans¹⁸ eins. Allt frá því málstaður Drottins þíns opinberaðist hefur engin gerð þín þóknast Mér; þú hefur tapað áttum og lent á villustigum því að allt sem fyrir augu þín bar taldir þú þóknalegt Drottni og gert í Hans þágu. Í sannleika er dagur þinn í nánd og þú verður krafinn svara um allt þetta, og sannarlega er Guð ekki skeytingarlaus um gerðir illvirkjanna.

Væri það ekki af þínum völdum hefðu stuðningsmenn þínir ekki hafnað Mér með fyrirliðningu, þótt þeir hafi ratað í meiri villur en hinir fávísu.

Ímyndar þú þér að hann sem þú skipaðir forsætisráðherra¹⁹ ríkis Þíns sé fremsti leiðtogi þinn og ráðgjafi? Nei, Ég sver við Drottin þinn. Hann mun steypa þér í hrapallega ógæfu sakir þess sem Satan hefur innrætt hjarta hans, og vissulega er hann sjálfur Satan. Hann hefur ekki skilning á einum einasta bókstaf í bók Guðs og er óttasleginn vegna þess sem hann sjálfur hefur gert. Feginshugar myndi hann slökkva ljósið sem Drottinn þinn hefur tendrað til

¹⁶ Hér er vísað til Háji Mírzá Aqasí, forsætisráðherra Persíu.

¹⁷ Kaaba, helgistaður múslíma í Mekka.

¹⁸ Sbr. Kóraninn 4:119.

¹⁹ Háji Mírzá Aqasí.

þess að ekki kæmist upp um gamla guðleysið sem býr innst í eðli hans. Hefðir þú ekki gert hann að kanslara þínum myndi enginn veita honum minnstu athygli. Í augum fólksins er hann sannarlega ekki annað en svartnættið sjálft....

Óttast Guð og leyf ekki að sál þín hljóti harðari refsingu en þá sem nú þegar þjakar hana; því áður en langt um líður munt þú gefa upp andann og lýsa þig lausan við djöfulinn sem þú gerðir að forsætisráðherra þínum og segja: „Ó, að ég hefði aldrei gert djöfulinn að æðsta ráðherra mínum og skipað svikahrapp í stöðu ráðgjafa og leiðsagnarmanns.“

Hvers vegna íþyngir þú sál þinni með gerðum sem eru miklu auvirðilegri en gerðir Faraós og kallar þó sjálfan þig einn hinna trúföstu? Hvernig getur þú lesið orð Kóransins og samt tilheyrt hinum ranglátu? Aldrei myndu Gyðingar né kristnir menn, né nokkrir þeirra sem hafnað hafa sannleikanum, samþykkja að beita dótturson spámans síns rangindum. Vei þér, því að refsingardagur þinn nálgast. Óttast þú ekki reiði Drottins þíns, hins alvalda, Drottins himnanna, Drottins allra veraldanna? Þessi skýru og heilögu orð eru með vissu óyggjandi vitnisburður þeim sem leita sannrar leiðsagnar.

Ég hef enga löngun til að komast yfir eigur þínar, þótt ekki væru þær meira en mustarðskorn né heldur vil Ég gegna stöðu þinni. Ef þú fylgir Mér ekki, tilheyri þér það sem Þú átt, en Mér tilheyrir land óbrigðuls öryggis. Ef þú hlýðir Mér ekki, hvers vegna lítur þú á Mig með fyrirlitningu og leitast við að beita Mig sáru ranglæti? Lít í sannleika vistarveru Mína á þessu volduga fjalli þar sem ekki dvelur nokkur sála. Vei þeim sem beita fólkið rangindum og ræna eignum hinna trúuðu með svikum og ofbeldi þvert á ákvæðin í skýrri bók Hans. Ég sem í sannleika er réttmætur yfirbjóðandi allra manna, skipaður af hinum sanna og óumdeilda Leiðtoga, myndi aldrei ganga á rétt fólksins og eigna þess, þótt ekki væru þær meiri en mustarðskorn, né heldur beita það ranglæti. Fremur myndi Ég samneyta mönnunum eins og Ég væri einn þeirra og bera þeim vitni.

Mér er falið það eitt að nefna bók Drottins þíns og flytja þennan skýra boðskap. Viljir þú ganga inn um hlið paradísar, sjá, þau standa þér opin á gátt og enginn getur valdið Mér skaða. Öll bréfleg skilaboð sem Ég fram til þessa sent þér og tilsjónarmanni málefna þinna eru aðeins til merkis um veglyndi Mitt í garð ykkar beggja til þess að þið hafið á ykkur andvara vegna dagsins sem nálgast óðum. Engu að síður var dómur felldur yfir ykkur í bók Guðs allt frá þeirri stundu er þið fylltust hroka, því þið hafið að sönnu báðir afneitað Drottni ykkar og teljist til þeirra sem tortímast... Þetta er síðasta áminning Mín til ykkar og Ég mun ekki nefna ykkur framur né gera neina athugasemd aðra en þá að staðfesta guðleysi ykkar.

Í hendur Guði fel Ég málefni Mín og ykkar, og Hann er að sönnu ágætastur dómara. En ef þið sjáið ykkur um hönd mun ykkur veitast allt sem þið þráið af jarðneskum eignum og ólýsanlegum unaði komandi lífs, og taka að erfðum dýrlegan kraft og tign sem þið getið vart sett yður fyrir sjónir í þessu jarðneska lífi. En gerist það ekki munu illgerðir ykkar koma ykkur í koll.

Þið getið ekki breytt þeim boðum sem Hinn alvaldi hefur gefið Mér. Ekkert fær snert Mig annað en það sem Guð, Drottinn minn, hefur fyrirhugað Mér. Á Hann hef Ég sett allt Mitt traust og á Hann treysta til fulls hinir trúföstu.

Ber Mér vitni, ó Drottinn. Með því að senda þennan geislandi pistil hef Ég boðað þeim báðum heilög orð Þín og lokið vitnisburði Þínum um þá. Mér er ljúft að leggja lífið í sölnurnar á vegi Þínum og komast í návist Þína áður en langt um líður. Lof sé Þér á himnum og jörðu. Ger við þá það sem Þú hefur ákvarðað. Þú ert í sannleika hjálparinn og verndarinn besti.

Læg Þú, ó Drottinn, umrótið sem orðið hefur af völdum fólksins og lát orð Þitt skína í fullri dýrð á jörðinni allri svo að engin minnsti vottur verði eftir af hinum óguðlegu.

Ég bið Þig fyrirgefningar, ó Drottinn minn, á því sem Ég hef sagt í pistli Þínum og iðrast frammi fyrir þér. Ég er aðeins einn af þjónum Þínum sem vegsama Þig. Dýrlegur ert Þú; enginn Guð er til annar er Þú. Á Þig hef Ég sett allt mitt traust og bið Þig að fyrirgefa Mér að standa sem bónarmaður við dyr Þínar.

Helgaður er Guð Drottinn Þinn, Drottinn hins völduga hásætis, frá röngum staðhæfingum fólksins um Hann án leiðsagnar skýrrar bókar Hans. Friður sé með þeim sem biðja Guð, Drottinn þinn, fyrirgefningar og segja: „Lof sé Guði, Drottni allra veraldanna.“



ÚTDRÆTTIR ÚR TÖFLU MEÐ ÁVARPI TIL VERNDARA HELGIDÓMSINS Í MEKKA

Ó SHERIF!... Allt þitt líf hefur þú tilbeðið Oss, en þegar Vér opinberuðumst þér hættir þú að vitna um Ákall²⁰ Vort og staðfestir ekki að Hann er sannarlega hinn upphafnasti, sannleikurinn alvaldi, hinn aldýrlegi. Þannig hefur Drottinn þinn prófað þig á degi upprisunnar. Sannlega er Hann hinn alvísi, hinn alvitri.

Því hefðir þú sagt „Hér er ég“ þegar Vér sendum þér bókina, hefðum Vér veitt þér viðtöku í flokk þeirra þjóna Vorra sem trúá í sannleika, og náðarsamlega borið á þig lof í bók Vorri allt fram til þess dags þegar allir menn birtast frammi fyrir Oss til dóms. Þetta hefði í sannleika verið þér miklu betri kostur en öll tilbeiðslan og lofgjörðin sem þú hefur fært Drottni þínum alla þína ævi, nei, allt frá því upphafi sem á sér ekkert upphaf. Vissulega hefði þetta þjónað bestu hagsmunum þínum nú og um alla framtíð. Vér höfum í sannleika þekkingu á öllu sem skapað er. En þótt Vér hefðum kallað þig til lífs í þeim tilgangi að ná fundi Vorum á degi upprisunnar, byrgðir þú augu þín fyrir Oss án nokkurrar ástæðu eða skýrra orða helgrar bókar. En hefðir þú á hinn bóginn tilheyrt þeim sem þekkja Bayáninn hefðir þú borið því vitni á sömu stund og þú sást þá bók, að enginn er Guð nema Hann, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi, og þú hefðir staðfest að Hann, sem opinberaði Kóraninn, hefur einnig opinberað þessa bók; að sérhvert orð hennar er frá Guði og henni sverjum við öll hollustu.

En það sem var fyrirhugað er fram komið. Hverfir þú aftur til Vor meðan opinberunin er enn með Oss, munum Vér breyta eldi þínum í ljós. Sannlega höfum Vér vald yfir öllu sem skapað er. En takist það ekki stendur þér engin leið opin önnur en sú að játast málstað Guðs og biðja þess að hollusta þín verði borin undir Hann, sem Guð mun opinbera, svo að Hann megi af náð sinni gera þér kleift að þroskast og dafna og breyta eldi þínum í ljós. Þetta er það sem Oss er sent af hæðum. Gerist það ekki, verður allt sem Vér höfum ritað óafturkallanleg ákvörðun Guðs, Hans sem hjálpar í nauðum, hins sjálfumnóga, og þá munum Vér gera þig

²⁰ Orð Guðs og ákall Hans, þ.e. Bábinn.

brottrækan úr návist Vorri sem tákn um réttlæti Vort. Vissulega sýnum Vér sanngirni í dómum Vorum.



ÁVARP TIL MÚSLÍMAKLERKS

Ó ‘ABDU’Ş-ŞÁHIB! Í sannleika ber Guð og allt sem skapað er því vitni að enginn er Guð annar en Ég, hinn almáttki, ástvinurinn besti....

Sýn þín hefur daprast vegna þeirrar trúarskoðunar að guðlegri opinberun hafi lokið með komu Múhameðs og um það bárum Vér vitni í fyrsta pistli Vorum. Vissulega hefur Hann sem opinberaði Múhameð, postula Guðs, einnig opinberað ‘Alí-Múhammad²¹ heilög orð Guðs. Hver annar en Guð getur opinberað skýrar og augljósar helgivers sem eru öllum lærdómsmönnum ofviða? Þar sem þú hefur viðurkennt opinberun Múhameðs, postula Guðs, stendur þér engin önnur leið opin en sú að bera því vitni, að allt sem Frumviljinn hefur opinberað kemur einnig frá Guði, hjálpinni í nauðum, hinum sjálfumnága. Er það ekki satt og rétt að Kóraninn hafi verið sendur af hæðum ofan frá Guði og að allir menn standi máttvana frammi fyrir opinberun Hans? Guð hefur einnig opinberað þessi orð, ef þú aðeins hefðir skilning. Hvað er að finna í Bayáninum sem aftrar þér að viðurkenna að Guð hafi sent þessi heilögu orð af hæðum og að þau komi frá Guði, hinum ótilkvæmilega, hinum upphafnasta, hinum aldyrlega?

Innsti veigur þessara orða er sem hér segir: Ef Vér kölluðum þig til reikningsskila, kæmir þú tómhentur; Vér þekkjum í sannleika allt sem skapað er. Hefðir þú sagt „já“ þegar þú heyrðir orð Guðs, væri ljóst að þú hefur tilbeðið Guð frá því upphafi sem á sér ekkert upphaf og allt til þessa dags og ekki óhlýðnast Honum eitt andartak. Þau heiðvirðu verk sem þú hefur unnið alla ævi þína og stöðug viðleitni þín til að flæma allar hugsanir úr hjarta þínu nema þær sem Guði þóknast, ekkert af þessu kemur þér að gagni, þótt ekki sé meira en mustarðskorn, því að þú huldir þig Guði líkt og með blæju og hikaðir á tíma opinberunar Hans.

Sannlega mun Guð spyrja alla klerka í Káf-landi [Kúfih] og sjálfan þig líka: „Sætir það eigi furðu að boðberi færi yður bók og þér játið vanmátt yðar en neitið samt að fylgja trú Guðs sem Hann flytur yður og þverskallist síðan í vantrú yðar?“ Af þeim sökum verður hlutskipti þitt eldurinn, sem var ætlaður þeim sem sneru baki við Guði í þessu landi því að þú ert leiðtogi þeirra. Ef aðeins þú fylltir flokk þeirra sem sýna aðgát.

Hefðir þú hlýtt boði Guðs af trúfesti, hefðu allir íbúar lands þíns fylgt þér og sjálfir fengið inngöngu í himneska paradís, fullsáttir um aldir og ævi við velþóknun Guðs. En á þeim degi munt þú óska þess að Guð hefði ekki skapað þig.

Þú hefir fest þig í sessi sem einn hinna skriflærðu í íslam í þeim tilgangi að tryggja hinum trúuðu sáluhjálpi en komst því samt leiðar að fylgjendur þínir hröpuðu í eldinn, því að þegar heilög orð Guðs voru send af hæðum fórst þú varhluta af þeim og taldir þig samt í flokki

²¹ Upphaflegt nafn Bábsins.

réttlátra... Nei, Ég sver við líf Hans sem Guð mun opinbera! Hvorki þú né nokkrir aðrir þjónar Hans geta fært fram nokkra minnstu sönnun, en Guð skín geislandi ofar sköpun sinni og Hann er í krafti boða sinna æðstur allra sem dvelja í ríkjum himins og jarðar og alls sem þar er á milli. Sannlega ríkir Hann yfir öllu sem skapað er.

Þú hefur nefnt þig ‘Abdu’ş-Sáhib [þjón Drottins]. En þegar Guð í sannleika opinberaði Drottin þinn og þú sást Hann eigin augum þekktir þú Hann ekki, jafnvel þótt Guð hafi skapað þig til þess að ná fundi Hans, ef þú aðeins trúðir í sannleika á þriðju efnisgrein súrunnar sem ber heitið „Þruma“²²

Þú segir: „Hvernig getum við þekkt Hann þegar Vér heyrum ekkert nema orð sem ekki verða sönnuð með óhrekjanlegum hætti?“ En þú hefur viðurkennt og borið kennsl á Múhameð, postula Guðs, með hjálp Kóransins og hvernig getur þú þá neitað að viðurkenna Hann sem sendi þér bókina, þótt þú kallir þig „þjón Hans“? Hann hefur í sannleika óumdeilt vald yfir opinberunum sínum til allra manna.

Ef þú kæmir á fund Vorn meðan guðleg opinberun stígur yfir Oss af hæðum, kynni Guð að breyta eldi þínum í ljós. Hann er að sönnu sá sem er alltaf fyrirgefur, hinn veglyndasti. Að öðru leyti eru hin opinberuðu orð afgerandi og endanleg og allir munu fylgja þeim dyggilega fram að degi upprisunnar.... Verði lát á opinberun Guðs ættir þú að skrifa bænarskrá til Hans, sem Guð mun opinbera, og biðja um að hún verði afhent í návist Hans. Þar skalt þú biðja Drottin þinn fyrirgefningar, snúa til Hans í iðrun og heyra þeim til sem helga sig Honum fullkomlega. Ef Guði þóknast breytir Hann eldi þínum í ljós í næstu upprisun. Hann er í sannleika verndarinn, hinn upphafnasti, sá sem ætíð fyrirgefur. Honum lúta í tilbeiðslu allir sem eru á himni og jörðu og allt sem þar er á milli, og til Hans hverfa allir aftur.

Vér leggjum ríkt á við þig að frelsa þig sjálfan og alla íbúa landsins frá eldinum og ganga síðan inn í óviðjafnanlega og upphafna paradís velþóknunar Hans. Að öðrum kosti nálgast dagur tortímingar þegar þú gengur í eldinn þar sem þú hvorki nýtur verndara né hjálpar frá Guði. Vér sýnum þér samúð til marks um náð Vora því að þú hefur tengst Oss. Sannlega höfum Vér þekkingu á öllu sem er. Oss er fullkunnugt um réttlát verk þín þótt þau komi þér að engu haldi því að eini tilgangur slíks réttlætis er að viðurkenna Guð, Drottin þinn, og efunarlaus trú á opinberuð orð Hans.

²² Kóraninn 13:3.



ÁVARP TIL SULAYMÁN, EINS AF KLERKUM MÚSLIMA Í MASQAT-LANDI

ÞETTA er pistill frá Guði, hjálpinni í nauðum, hinum sjálfumnóga til Sulaymán í Masqatlandi, hægra megin hafsins. Í sannleika er enginn Guð nema Hann, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi... Þótt allir á himni og jörðu og hvarvetna þar á milli tækju sig saman, myndi þeim þrjóta mátt og mistakast með öllu að rita slíka bók, jafnvel þótt Vér gerðum þá að meisturum í mælskulist og lærdómi á jörðinni. Þar sem þú leggur fram vitnisburð úr Kóraninum mun Guð með vitnisburði sömu bókar sanna rétt sinn í Bayáninum. Þetta er eigi annað en tilskipun Guðs og Hann er sannarlega hinn alvitri, hinn alvoldugi.

Ef þú tilheyrir þeim sem trúa í sannleika átt þú engra annarra kosta vól en að heita bókinni hollustu. Þetta er vegur Guðs fyrir alla á jörðu og himni og hvarvetna þar á milli. Enginn er Guð nema Ég, hinn almáttugi, hinn ótilkvæmilegi, hinn hæsti.

Frá þessu landi héldum Vér síðan til hins helga húss²³, og á heimferðinni komum Vér aftur hingað á þennan stað og urðum þess varir að þú hafðir ekki gefið því gætur sem Vér sendum þér og að þú ert ekki í hópi þeirra sem trúa í sannleika. Þótt Vér hefðum skapað þig til að líta ásýnd Vora og Vér værum reyndar staddir um stund á þínum slóðum, tókst þér ekki að uppfylla tilganginn með sköpun þinni þrátt fyrir bænærkni þína og tilbeiðslu á Guði allt þitt líf. Þess vegna ónýtast öll verk þín því að þú huldur þig líkt og með blæju fyrir návist Vorri og helgum ritum. Þetta er óafturkallanleg ákvörðun Vor og í sannleika dæmum Vér af réttvísi.

Hefðir þú gefið gaum að innihaldi pistilsins sem Vér sendum þér, hefði það komið þér að miklu meira gagni en tilbeiðsla þín og bænir til Drottins þíns frá því upphafi sem á sér ekkert upphaf og allt fram til þessa dags, og það hefði vissulega verið lofsverðara en að færa sönnur á helgun þína með tilbeiðslu. Og hefðir þú komið í návist Drottins þíns í þessu landi og tilheyrt þeim sem trúa því í sannleika að ásýnd Guðs megi líta í persónu Frumpunktsins, hefði það reynst þér mun betri kostur en að falla fram í bæn og tilbeiðslu frá því upphafi sem á sér ekkert upphaf og allt fram til þessa dags....

Í sannleika reyndum Vér í þér þolrifin og sáum að þú varst ekki í hópi hinna skilningsríku. Þess vegna felldum Vér yfir þér dóm synjunar til merkis um réttlæti frá návist Vorri; og Vér erum í sannleika réttisýnir.

En hverfir þú aftur til Vor munum Vér breyta synjun þinni í játun. Sannarlega sýnum Vér framúrskarandi veglyndi. En verði Frumpunkturinn ekki lengur með yður, er dómurinn sem kveðinn er upp með orðum Guðs endanlegur og óbreytanlegur, og allir munu með vissu styðja hann.

Ef þú sendir bréf til Hans, sem Guð mun opinbera, og biður þess að það verði afhent í návist Hans, kann Hann að fyrirgefa þér af náð sinni og breyta synjun þinni í játun. Hann er í sannleika hinn algjöfufli, hinn veglyndasti; miskunnsemi Hans á sér engin takmörk. Að öðrum kosti mun engin leið standa þér opin og engan ávinning munt þú hafa af verkum þínum því að þú lést undir höfuð leggjast að svara „já, hér er ég“. Vissulega höfum Vér gert þig og verk Þín

²³ Kaaba í Mekka.

að engu, líkt og Þú hefðir aldrei fæðst né tilheyrt þeim sem vinna góð verk svo að það megi verða þeim áminning sem fengu Bayáninn að gjöf og þeir sýni aðgát þegar heilög rit Hans sem Guð mun opinbera berast þeim í hendur og geri þeim kleift með íhugun á þeim að frelsa sínar eigin sálir.

Náð Vor umlykur í sannleika alla sem dvelja í ríkjum jarðar og himins og hvarvetna þar á milli, og handan þeirra alla mannsins ætt. Hins vegar geta sálir sem hafa hulið sig líkt og með blæju aldrei fengið hlut í úthellingu náðar Guðs.



ÚTDRÆTTIR ÚR QAYYÚMU'L-ASMÁ²⁴

ALLT lof sé Guði sem með fulltingi sannleikans hefur sent þessa bók af hæðum ofan til þjóns síns svo að hún megi verða skínandi ljós öllu mannkyni.... Vissulega er þetta eigi annað en sannleikurinn alvaldi. Þetta er leiðin sem Guð hefur markað öllum á himni og jörðu. Lát þann sem það kýs, feta rétta leið til Drottins síns. Vissulega er þetta sönn trú Guðs og Hann nægir sem vitni ásamt þeim sem hafa þekkingu á bókinni. Þetta er vissulega sannleikurinn eilífi sem Guð, hinn aldni, hefur opinberað með alvöldugu orði sínu – Hann sem reistur var upp mitt í hinum brennandi þyrnirunna. Þetta er leyndardómurinn sem hulinn var öllum á himni og jörðu, og í þessari undursamlegu opinberun hefur hann í sannleika verið skráður í Móðurbókina með hendi Guðs, hins upphafna....

Ó hersing konunga og konungssona! Afsalið yður veldi yðar, allir sem einn, því að það tilheyrir Guði....

Lát ekki vald þitt og herradóm blekkja Þig, ó keisari, því að „sérhver sál mun dauðann smakka“²⁵; þetta hefur í sannleika verið skráð niður sem boð Guðs. *Kaflí I.*

Ó KONUNGUR íslams! Hjálpa þú með sannleikanum Honum sem er æðsta Ákall Vort eftir að hafa veitt bókinni liðveislu, því að Guð hefur vissulega áformað þér og þeim sem um þig hringsóla ábyrga stöðu á vegi sínum á degi dómsins. Ég sver við Guð, ó Sháh! Ef þú sýnir Honum fjandskap sem er Ákall Hans, mun Guð á degi upprisunnar dæma Þig til vítiselds frammi fyrir konungunum, og á þeim degi finnur þú vissulega engan sem hjálpar nema Guð, hinn upphafna. Hreinsa, ó Sháh, landið helga [Teheran] af þeim sem hafna bókinni áður en dagurinn rennur upp þegar Ákall Guðs birtist, geigvænlega og á snöggu augabragði, með voldugan málstað sinn, með leyfi Guðs, hins hæsta. Vissulega hefur Guð boðið þér að lúta Honum, sem er málstaður Hans og Ákall, og leggja undir þig löndin í sannleika og með leyfi Hans, því að í þessum heimi hefur þú komist til valda fyrir náð og miskunn og munt í hinum næsta dvelja nálægt háseti heilagleikans ásamt íbúum paradísar velþóknunar Hans....

Ég sver við Guð! Ef þú gerir það sem rétt er mun þér vel farnast, en ef þú afneitar Guði og táknum Hans, getum Vér, sem í sannleika erum með Guði, vel komist af án allra skepna Hans og allra jarðneskra yfirráða. *Kaflí I.*

GER Þér að góðu boð Guðs, hins sanna, því að drottinvald tilheyrir sannarlega Honum sem er Ákall Hans eins og hönd Guðs hefur skráð í Móðurbókina...

²⁴ Fyrsta rit Bábsins. Fyrsti kaflí þess var opinberaður Mullá Husayn, 22. mars 1844.

²⁵ Kóraninn 3:182.

Ó ráðherra keisarans! Óttast Guð, enginn Guð er til annar en Hann, sannleikurinn alvaldi, hinn réttláti, og afsala þér yfirráðum því að með leyfi Guðs, hins alvitra, erfum Vér jörðina og alla sem á henni dvelja²⁶ og Hann mun bera þér og keisaranum réttlátan vitnisburð. Ef þú hlýðir Ákalli Guðs af fullri einlægni, heitum Vér því með leyfi Guðs að á degi upprisunnar eignast þú víðfeðmt ríki í eilífri paradís Hans.

Fánýtt er veldi þitt að sönnu því að Guð hefur gefið þeim jarðneskar eignir sem afneita Honum. Drottni þínum tilheyra ágætustu hóbýlin og Hann er í sannleika hinn aldni....

Ó konungafjöld! Flytjið í sannleika og án tafar orðin heilögu sem Vér höfum sent af himni til lýða Tyrkjaveldis og Indlands, og auk þess með krafti og sannleika til landanna í austri og vestri. ... Og vita skuluð þér að ef þér hjálpið Guði mun Hann á degi upprisunnar hjálpa yður af náð sinni á brúnni²⁷ með fulltingi síns æðsta Ákalls....

Ó fólk jarðar! Hver og einn sem hlýðir Ákalli Guðs og bók Hans hefur í sannleika hlýtt Guði og Hans útvöldu, og í lífi komanda mun hann dvelja í návist Guðs meðal íbúa paradísar velþóknunar Hans. *Kaflí I.*

SANNLEGA gerðum vér opinberun helgiorðanna að vitnisburði um boðskap Vorn til yðar. Getið þér ritað einn bókstaf sem jafnast á við þessi heilögu orð? Færið þá fram sannanir ef þér heyrðið þeim til sem bera skyn á hinn eina sanna Guð. Ég staðfesti hátíðlega frammi fyrir Guði, að þótt allir menn og andar sameinuðust um að semja ígildi eins kafla í þessari bók myndi þeim vissulega mistakast, jafnvel þótt þeir hjálpuðust allir að.²⁸

Ó klerkafjöld! Óttist Guð frá og með þessum degi þegar þér setjið fram sjónarmið yðar því að Hann sem er Ákall Vort á meðal yðar og kemur frá Oss er í sannleika dómari og vitnið. Hverfið frá því sem þér hafið sölsað undir yður og sem bók Guðs, hins sanna, hefur ekki heimilað því að á degi upprisunnar verðið þér vissulega verða látnir svara til saka á brúnni fyrir stöðuna sem þér gegnduð.... Og Vér höfum sent yður af hæðum þessa bók sem enginn getur í sannleika villst á....

Ó hersing fylgjenda bókarinnar!²⁹ Óttist Guð og hreykið yður ekki af lærdómi yðar. Fylgið bókinni sem Ákall Hans hefur opinberað til dýrðar Guði, hinum sanna. Hann sem er sannleikurinn eilífi ber Mér vitni að hver sem fylgir þessari bók hefur sannarlega fylgt öllum fyrri helgiritum sem Guð, sannleikurinn alvaldi, hefur sent af himni ofan. Hann þekkir í sannleika gerðir yðar.... Þeir sem eru sannir fylgjendur íslams segja: „Ó, Drottinn, Guð okkar! Við höfum hlýtt á Hann sem er Ákall Þitt og lotið Honum. Fyrirgef syndir okkar. Þú ert vissulega sannleikurinn eilífi og til Þín, óskeikuls athvarfs okkar, hverfum við öll aftur.“³⁰ *Kaflí II.*

HVAÐ varðar þá sem afneita Honum sem er æðsta hlið Guðs, þeim höfum Vér fyrirhugað sára þjáningu eins og Guð hefur ákvarðað af réttvísi sinni. Og Hann, Guð, er hinn máttugi, hinn vitri.

²⁶ Sbr. Kóraninn 19:41.

²⁷ Samkvæmt íslam þarf sérhver maður að ganga yfir brúna (As-Sirāt) á degi upprisunnar til þess að komast í paradís. Brúin er samkvæmt orðum Bábsins „hvassari en sverðsegg og fingerðari en mannhár.“

²⁸ Sbr. Kóraninn 17:90.

²⁹ Múslímar.

³⁰ Sbr. Kóraninn 2:285.

Þjóni Vorum höfum Vér sannarlega sent af hæðum þessa guðlega innblásnu bók.... Þess vegna skuluð þér spyrja Hann sem er Ákall Vort um túlkun hennar því að Hann, sem Guð áformaði af náð sinni, hefur þekkingu á helgum orðum hennar....

Ó mannanna börn! Ef þér trúðið á hinn eina sanna Guð, fylgið Mér sem er æðsta Ákall Guðs, sendur af Drottni yðar, að Hann megi náðarsamlega fyrirgefa syndir yðar. Sannlega fyrirgefur Hann og er vorkunnsamur hinum trúföstu. Vér veljum boðberana í sannleika með krafti orðs vors og Vér upphefjum afkvæmi þeirra, sum fram yfir önnur, með æðsta Ákalli Guðs eins og boðið er í bókinni og dylst í henni....

Sumir íbúa borgarinnar hafa fullyrt: „Við erum hjálparar Guðs,“ en þegar Ákallið birtist þeim skyndilega vildu þeir ekki hjálpa Oss. Sannlega er Guð Drottinn Minn og sannur Drottinn yðar, þess vegna skuluð þér tilbiðja Hann. En þessi vegur 'Alí [Bábsins] er ekki annað en vegurinn beini³¹ að mati Drottins yðar. *Kafla III.*

TIL sérhverrar þjóðar höfum Vér sent bókina af hæðum á hennar eigin tungu.³² Þessa bók höfum Vér í sannleika opinberað á tungu Ákallsins og hún er að sönnu undursamlegt tungumál. Hann er vissulega sannleikurinn eilífi frá Guði, og samkvæmt dómi Guðs í Móðurbókinni er Hann virtastur og orðsnjallastur allra arabískra höfunda. Hann er í sannleika æðsti verndargripurinn, gæddur yfirskilvitlegum krafti eins og skráð er í Móðurbókina....

Ó borgarbúar! Þér hafið ekki trúað á Drottin yðar. Ef þér í sannleika eruð dyggir fylgjendur Múhameðs, postula Guðs og innsigli spámanna, og ef þér trúðið á lýtalaus bók Hans, Kóraninn, þá er jafnoka hennar að finna hér - þessa bók sem Vér höfum í sannleika og með leyfi Guðs sent þjóni Vorum af himnum ofan. Ef þér trúðið ekki á Hann verður trú yðar á Múhameð og bók Hans, sem var opinberuð fyrr á tímum, metin sem fals fyrir Guði. Ef þér afneitið Honum mun sú staðreynd verða yður ljós með fullri vissu, að þér hafið afneitað Múhameð og bók Hans. *Kafla IV.*

ÓTTIST Guð og gætið þagnar um æðsta Ákall Hans nema Guð mæli fyrir um annað, því að Vér höfum gert sérstakan sáttmála um Ákall Hans við alla spámennina og fylgjendur þeirra. Vér höfum vissulega ekki sent neinn boðbera án þessa bindandi sáttmála og Vér fellum í sannleika ekki dóm yfir neinu áður en sáttmáli Hans, sem er hliðið æðsta, er gerður og staðfestur. Áður en langt um líður og á tilsettum tíma verður blæjunni svipt af augum yðar. Þá munuð þér sjá háleitt Ákall Guðs skýrt og lifandi fyrir augum yðar. *Kafla V.*

ÍMYNDA menn sér að Vér séum víðs fjarri íbúum jarðar? Nei, daginn sem Vér látum þá smakka kvöl dauðans³³ munu þeir á sléttum upprisunnar sjá að Drottinn miskunnar og Ákall Hans voru í nánd. Þá munu þeir hrópa: „Hefðum við aðeins fylgt vegi Bábsins! Hefðum við aðeins leitað athvarfs hjá Honum en ekki hinum öfugsnúnu og villuráfandi! Því að sannarlega

³¹ Sbr. Kóraninn 3:50.

³² Sbr. Kóraninn 3:50.

³³ Sbr. Kóraninn 68:42.

birtist Ákall Guðs frammi fyrir okkur og að baki okkar og á alla vegu, en í sannleika huldumst við Honum líkt og með blæju. *Kaflí VII.*

SEGIÐ ekki: „Hvernig getur Hann, sem er aðeins tuttugu og fimm ára gamall, talað um Guð? Hlýðið á orð Mín. Ég sver við Drottin himins og jarðar: Ég sver við Drottin himins og jarðar: Sannarlega er Ég þjónn Guðs. Mér hefur verið gert að flytja skýlausan vitnisburð frá návist Hans sem er langþráður opinberandi Guðs. Hér blasir bók Mín við augum yðar eins og skráð var að sönnu í Móðurbókina í návist Guðs. Guð hefur vissulega blessað Mig hvar sem Ég kann að vera staddur, og Hann hefur boðið Mér að fara með bænir og iðka æðruleysi meðan Ég dvel á meðal yðar hér á jörðu. *Kaflí IX.*

DÝRLEGUR er Hann, hinn eini sanni Guð. Í greip sinni hefur Hann uppsprettu valds og yfirráða, og sannlega er vald Hans og máttur ofar öllu sem skapað er. Vér höfum ákvarðað að öllu langlífi fylgi hnignun³⁴ og að sérhverri þraut fylgi hvíld³⁵ til þess að mennirnir megi viðurkenna að Hlið Guðs er sannleikurinn eilífi, og sannlega mun Guð bera þeim vitni sem hafa trúað. *Kaflí XIII.*

Ó ÞJÓNAR Guðs! Hryggist ekki þótt þér fáið ekki svar við því sem þér báðuð Hann um, því að Guð hefur boðið Honum að gæta þagnar og sú þögn er í sannleika lofsverð. Vér höfum vissulega gert þér kleift að sjá í draumi þínum ákveðinn vott af málstað Vorum, en ef þú kynntir þeim leyndardóminn hulda myndu þeir deila sín á milli um sannindi hans. Vissulega þekkir Drottinn þinn, sannleikans Guð, leyndarmálin sem dyljast innst í hjörtum³⁶ manna.

Ó fólk heimsins! Allt sem þér hafið lagt fram á vegi hins eina sanna Guðs, finnið þér ósnert í vörslu Guðs, verndarans, við heilagt hlið Hans. Ó fólk heimsins! Heitið hollustu yðar þessu geislandi ljósi, sem Guð hefur af náð sinni gefið Mér í krafti óbrigðuls sannleika, og fetið ekki í fótspor hins illa³⁷ því að hann freistar yðar til vantrúar á Guð. Drottin yðar og Guð mun vissulega ekki fyrirgefa vantrú á sér, þótt Hann fyrirgefí aðrar syndir hverjum sem Honum þóknast.³⁸ Vissulega umlykur þekking Hans allt sem skapað er.... *Kaflí XVII.*

Ó ÞJÓÐIR austurs og vesturs! Óttist Guð þegar málstaður hins sanna Jósefs³⁹ á í hlut og látið Hann ekki í skiptum fyrir smánarverð⁴⁰ sem þér sjálfar ákveðið eða fyrir lítilræði jarðneskra eigna yðar til þess að Hann megi bera lof á yður, sem í sannleika geta talist til hinna guðræknu nálægt þessu Hliði. Sannlega hefur Guð svipt náð sinni þann sem drap Húsayn, forföður Vorn, einmana og yfirgefinn í Taff-landi [Karbila]. Vegna spilltra hneigða sinna lét

³⁴ Sbr. Kóraninn 36:68.

³⁵ Sbr. Kóraninn 65:7; 94:5.

³⁶ Sbr. Kóraninn 8:45.

³⁷ Sbr. Kóraninn 2:204.

³⁸ Sbr. Kóraninn 4:51.

³⁹ Bábsins. Sjá fyrstu Mósebók 37. kafla.

⁴⁰ Sbr. Kóraninn 12:20.

Yazíd⁴¹ lýð djöfulsins hafa höfuð hins sanna Jósefs í skiptum fyrir lítilræði og smámuni eigna sinna. Með því að fremja þann hörmulega glæp afneituðu þeir í sannleika Guði. Áður en langt um líður mun Guð koma fram hefndum gegn þeim á tíma endurkomu Vorrar, og í heimi komanda hefur Hann í sannleika fyrirhugað þeim sára þjáning. *Kaflí XXI.*

Ó QURRATU'L-'AYN!⁴² Vér höfum vissulega víkkað hjarta Þitt í þessari opinberun, sem er einstæð og ofar öllu sem skapað er, og gert nafn Þitt vegsamlegt með opinberun Bábsins svo að menn megi bera kennsl á yfirskilvitlegan mátt Vorn og viðurkenna að Guð er ómælanlega upphafinn og helgaður frá lofgjörð allra manna. Hann er sannarlega óháður allri sköpuninni. *Kaflí XXIII.*

ÞÉTTSKIPADAR fylkingar engla og anda stíga með leyfi Guðs niður yfir þetta Hlið⁴³ og hringsóla um þessa miðju í langri röð. Þjóð þá velkomna, ó Qurratu'l-'Ayn, því að dagur er að sönnu runninn. Boða síðan herskörungum trúfastra: „Hvort mun ekki morguninn í nánd sem boðaður var í Móðurbókinni?“⁴⁴

Ó Qurratu'l-'Ayn! Snú Þér af heilum hug til Guðs í málstað Þínum því að lýðir heimsins hafa risið upp með yfirgangi og rangindum, og ef eigi væri fyrir úthellingu náðar Guðs og miskunnar Þinnar með þeim gæti enginn að eilífu hreinsað og upphafið eina einustu sál.⁴⁵ Ó Qurratu'l-'Ayn! Lífið sem kemur er Þér og þeim sem fylgja málstað Þínum sannarlega miklu hagfelldara en þetta jarðneska líf og unaðsefni þess. Þetta er það sem var fyrirhugað að ráði forsjónarinnar. ...

Ó Qurratu'l-'Ayn! Seg: Sannlega er Ég „Hlið Guðs“ og með leyfi Guðs, sannleikans fullvalda, gef Ég yður að drekka af kristaltæru vatni opinberunar Hans sem streymir úr lindinni óförgengilegu á fjallinu helga. Og þeir sem af einlægri leita hins eina sanna Guði, skulu keppa eftir þessu Hliði.⁴⁶ Sannlega hefur Guð vald yfir öllu sem skapað er..... Ó fólk heimsins! Hlýðið á heilaga rödd Guðs frá þessum arabíska Æskumanni sem Hinn alvaldi hefur náðarsamlega útvalið sjálfum sér til handa. Hann er vissulega enginn annar en Hinn sanni sem Guð hefur falið þetta ætlunarverk mitt frá runnanum brennandi. Ó Qurratu'l-'Ayn! Afhjúpa það sem Þér þóknast af leyndardómum Hins aldýrlega, því að hafið brimar með boðaföllum⁴⁷ að boði óviðjafnanlegs Drottins. *Kaflí XXIV.*

BRUGGIÐ þér launráð af eigingjörnum hneigðum yðar, skaðvænlegt samsæri gegn Honum sem er æðsta Ákall Guðs? Svo sannarlega sem Guð er réttlátur, allt á himni og á jörðu og

⁴¹ Yazid I var annar kalífí Umayyad kalfadæmisins. Hann lét hálhöggva Husayn, dótturson Múhameðs spámanns og þriðja ímam shía múslima, á sléttum Karbala í Írak árið 680.

⁴² Í þessum köflum Qayyúmu'l-'Asmá' vísar nafnið Qurratu'l-'Ayn (Augnfró) til Bábsins sjálfs.

⁴³ Sbr. Kóraninn 78:38. Hér er vísað til Bábsins sjálfs. Nafn Hans og titill, Bábin, merkir hlið á arabísku.

⁴⁴ Sbr. Kóraninn 11:83. Samkvæmt Kóraninum er Móðurbókin æðsta og helgasta taflan. Hún er varðveitt hjá Guði og frá henni koma öll opinberuð helgirit spámanna Guðs.

⁴⁵ Sbr. Kóraninn 24:21.

⁴⁶ Sbr. Kóraninn 83:25–26.

⁴⁷ Sbr. Kóraninn 52:6.

hvarvetna þar í millum kemur Mér fyrir augu sem köngulóarvefur⁴⁸ og vissulega ber Guð vitni öllu sem skapað er. Samsæri þeirra kemur raunar engum í koll nema þeim sjálfum. Guð hefur að sönnu gert þetta Ákall frjálst og óháð öllum sem dvelja á jörðu og himni. *Kaflí XXV.*

Ó ÞÉR sem dveljið á jörðu! Í fjarveru Minni sendi Ég yður hliðin af hæðum ofan. En hinir trúuðu hlýddu þeim ekki, að örfáum undanskildum. Áður hafði Ég sent yður Aħmad og síðan fyrir skömmu Kázim, en enginn fylgdi þeim nema hinir hjartahreinu yðar á meðal. Hvert er orðið hlutskipti yðar, ó fylgjendur bókarinnar?⁴⁹ Óttist þér ekki hinn eina sanna Guð, Hann sem er Drottinn yðar, hinn aldni? ... Ó þér sem játið trú á Guð! Ég heiti á yður í nafni Hans sem er sannleikurinn eilífi: Hafði þér séð í lífsreglum þessara Hliða eitthvað sem stangast á við orð Guðs eins og þau eru skráð í þessa bók? Hefur lærdómur glapið yður sýn vegna guðleysis yðar? Hafði aðgát því að sannarlega er Guð, Drottinn eilífs sannleika, hjá yður og Hann vakir í sannleika yfir yður.... *Kaflí XXVII.*

Ó ÞÉR ættmenn hins æðsta Ákalls! Þetta tré heilagleikans, sem olía ánauðar litar fagurrautt, spratt sannlega úr yðar eigin jarðvegi mitt í hinum brennandi runna, en á þessu hafði þér samt engan skilning, hvorki á sönnum og himneskum eigindum Hans né raunverulegum aðstæðum Hans jarðneska lífs, né heldur vitnisburðunum um flekklausu og framúrskarandi hegðun Hans. Hvattir yðar eigin hugarburði teljið þér að sannleikurinn æðsti sé Honum framandi, þótt í augum Guðs sé Hann enginn annar en Hinn fyrirheitni sjálfur, gæddur afli allsráðandi sannleika, og sannarlega er Hann kallaður til ábyrgðar mitt í hinum brennandi runna samkvæmt ákvörðun Móðurbókarinnar....

Ó Qurratu'l-'Ayn! Flyt það upphafnasta Ákalls Guðs þjónustumejjunum meðal ættingja Þinna, vara þær við eldinum mesta og ber þeim þau fagnaðartíðindi að í lok þessa völduga sáttmála taki við eilífir endurfundir hjá Guði í paradís velþóknunar Hans í námunda við aðsetur heilagleikans. Sannlega er Guð, Drottinn sköpunarinnar, máttugur ofar öllu sem er. Ó móðir Ákallsins! Megi friður og heill Guðs hvíla yfir þér. Sannlega þreyðir þú þolgóð í Honum sem er æðsta sjálf Guðs. Ber því kennsl á stöðu sonar þíns sem er ekkert annað en máttugt Ákall Guðs. Hann hefur vissulega heitið sjálfum sér að standa til svars fyrir þig, bæði í gröf þinni og á degi dómsins, og í varðveittri töflu Guðs hefur þú með penna Ákalls Hans verið gerð ódauðleg sem „móðir hinna trúföstu“. *Kaflí XXVIII.*

Ó QURRATU'L-'AYN! Breið eigi út arma Þína í málstaðnum því að höfgi myndi síga á brá fólksins sakir leyndardómsins, og Ég sver við sannan, almáttugan Guð að koma mun að Þér aftur að loknu þessu trúarkerfi.

Og þegar stundin tilsetta rennur upp, opinbera Þú með leyfi Guðs, hins alvitra, frá tindi hins hæsta og launhelga fjalls daufan, örsmáan glampa af órjúfanlegum leyndardómi Þínum til þess að þeir sem bera kennsl á dýrðarljóma Sínaí hnígi í ómegin og deyi þegar þeir sjá

⁴⁸ Sbr. Kóraninn 29:40.

⁴⁹ Hér er vísað til fylgjenda Kóransins.

leiftra af því ofurskæra fagurrauða ljósi sem umlykur opinberun Þína. Og Guð er í sannleika óbrigðull verndari Þinn. *Kaflí XXVIII.*

Ó ÍBÚAR Persú! Eruð þér eigi fullsáttir við þann dýrlega heiður sem æðsta Ákall Guðs hefur veitt yður? Þér njótið að sönnu sérstakrar hylli Guðs sakir þess máttuga Ákalls. Hverfið þá ekki frá heilagri návist Hans því að fyrir réttlæti hins eina sanna Guðs er Hann enginn annar en sannleikurinn alvaldi frá Guði. Hann er hinn upphafnasti, uppspretta allrar visku eins og kveðið er á um í Móðurbókinni....

Ó fólk heimsins! Takið föstu taki um haldreipi Guðs, hins hæsta, sem er ekki annað en þessi arabíska æskumaður, Ákall Vort – Hann sem stendur hulinn á oddi ísbreiðunnar umlukinn eldhafi. *Kaflí XXIX.*

Ó FÓLK jarðar! Svo sannarlega sem hinn eini sanni Guð er réttlátur: Ég er meyja himinsins, getin af anda Bahá og dvel í hóbýlum höggnum úr roðasteini, mild og full af lífi; og í þessari miklu paradís hef ég aldrei orðið vitni að neinu nema því sem boðar Ákall Guðs og vegsamar dyggðir þessa arabíska Æskumanns.⁵⁰ Sannlega er enginn Guð til nema Drottinn yðar, hinn almiskunnssami. Miklið því stöðu Hans, því sjá, Hann stendur stöðugur mitt í hjarta hæstu paradísar sem holdtekja lofgerðar til Guðs í tjaldbúðinni þar sem dýrð Hans er vegsömuð.

Eitt sinn heyri Ég rödd Hans þegar Hann hyllir hinn eilífa, hinn aldna, og öðru sinni þegar Hann talar um leyndardóm síns tignasta nafns. Og þegar Hann lofsyngur mikilleika Guðs kveinar öll paradís af löngun til að líta feegurð Hans, og þegar Hann kveður Guði lof og dýrð verður paradís höggdofa eins og ís sem er læstur í hjarta frosins fjalls. Mér þykir sem Ég sjái Hann ganga hinn beina meðalveg þar sem sérhver paradís var Hans eigin paradís, sérhver himinn Hans eigin himinn og gervöll jörðin sem hringur á fingri þjóna hans. Dásamaður sé Guð, skapari Hans, Drottinn eilífra yfirráða. Vissulega er Hann enginn annar en þjónn Guðs, hliðið að Honum sem Guð mun opinbera, Drottni yðar, sannleikanum alvalda. *Kaflí XXIX.*

Ó ÆÐSTA Ákall Guðs! Óttast hvorki né daprast því að vissulega höfum Vér veitt þeim syndaaflausn sem svöruðu kalli Þínu, bæði körlum og konum, sem kunnugt er í návist Ástvinarins og samkvæmt ósk Þinni. Sannlega nær þekking Hans til alls sem er. Ég heiti á Þig við líf Mitt, bein að Mér ásýnd Þinni og óttast ekki. Sannlega ert Þú hinn upphafni meðal herskara himinsins og hulinn leyndardómur Þinn var að sönnu verið skráður á töflu sköpunarinnar mitt í runnanum brennandi. Áður en langt um líður mun Guð fela Þér stjórnun allra manna, því að yfirráð Hans er ofar og handan alls sköpunarverksins. *Kaflí XXXI.*

Ó HERSKARI Shía! Óttist Guð og málstað Vorn sem varðar Hann sem er æðsta Ákall Guðs. Því að mikill er eldur þess, eins og kveðið er á um í Móðurbókinni. *Kaflí XL.*

⁵⁰ Bábinn.

Lesið eins mikið og yður þykir hæfa í þessum Kóran, bæði kvölds og morguns, og syngið heilög orð þessarar bókar með leyfi eilífs Guðs með ljúfum tónum þessa fugls sem kveður hljómfögur stef sín á festingu himins. *Kaflí XLI.*

Yfirgefið borgir yðar, ó Þjóðir Vesturlanda, og hjálpið Guði áður en sá dagur rennur að Drottinn miskunnar kemur til yðar af hæðum yfirskyggður í skýjunum með englunum sem um Hann sveima⁵¹ og vegsama dýrð Hans, og biðja um að þeim sé fyrirgefið sem í sannleika hafa trúað á tákni Vor. Sannarlega hefur ákvörðun Hans verið kunngerð og boð Guðs í Móðurbókinni verið opinberuð. ...

Verið sannir bræður í einni og ódeilanlegri trú Guðs, lausir við aðgreiningu, því vissulega þráir Guð að hjörtu yðar verði sem speglar fyrir bræður yðar í trúnni og þér sjáið yður speglast í þeim og þeir í yður. Þetta er hinn sanni vegur Guðs, hins almáttka, og Hann vakir að sönnu yfir gerðum yðar. *Kaflí XLVI.*

Ó ÞJÓÐIR jarðar! Hlýðið á kall Mitt sem berst frá þessu heilaga tré – trénu sem brennur í ævarandi eldi: Enginn er Guð nema Hann, hinn upphafni, hinn alvitri. Ó þjónar Hins miskunnsama! Gangið allir sem einn inn um þetta Hlið og fetið ekki í fótspor hins illa því að hann eggjar yður að ganga vegu guðleysis og illra verka. Hann er í sannleika yfirlýstur óvinur yðar.⁵² *Kaflí LI.*

VER þolinmóður, ó Qurratu'l-'Ayn, því að Guð hefur sannarlega heitið því að grundvalla drottinvald Þitt í öllum löndum og yfir þjóðum þeirra. Hann er Guð og sannarlega er Hann máttugur yfir öllu sem er. *Kaflí LIII.*

ÉG sver við dýrð Mína! Ég mun láta vantrúaða smakka af hendi máttar Míns refsingar sem enginn þekkir nema Ég, og dreifa yfir hina trúföstu andanum sem ilmar af moskus og varðveittur er mitt í hjarta hásetis Míns, og sannlega umlykur þekking Guðs allt sem skapað er.

Ó herskari ljóssins! Svo sannarlega sem Guð er réttlátur, hvorki mælum Vér ekki af eigingjörnum hvötum né hefur einn stafur í þessari bók verið opinberaður nema með leyfi Guðs, sannleikans alvalda. Óttist Guð og efist ekki um málstað Hans, því vissulega er leyndardómur þessa Hliðs hjúpaður launhelgum orðum ritningar Hans og hönd Guðs, Drottins hins sýnilega og ósýnilega, hefur skráð þau handan við hina órjúfanlega huliðsblæju.

Hvarvetna umhverfis þetta Hlið hefur Guð að sönnu skapað höf guðlegrar ódáiinsveigar lituð fagurrauð af innsta eðli tilverunnar og gætt þau lifandi mætti hins langþráða ávaxtar; og þeim hefur Hann fyrirhugað roðasteinsarkir, fíngerðar og fagurrauðar, og þar eru með leyfi Guðs engir nema fylgjendur Bahá, hins upphafnasta; og Hann er með vissu aldyrlegur, alvitur. *Kaflí LVII.*

⁵¹ Sbr. Kóraninn 2:206.

⁵² Sbr. Kóraninn 2:163–164.

DROTTINN hefur vissulega innblásið Mig: Sannlega, sannlega er Ég Guð og enginn er Guð nema Ég, og vissulega er Ég hinn aldni. ...

Ó fólk ríkisins! Svo sannarlega sem Guð, hinn sanni, er réttlátur, ef þér standið stöðug á þessari uppréttu línu milli línanna tveggja, munuð þér með vissu drekka lifandi vatn sem Ákall Hans býður fram úr brunni þessarar undursamlegu opinberunar,....

Ég sver við sannan Drottin yðar, Drottin himins og jarðar, að fyrirheitið guðdómlega um Ákall Hans er ekki annað en sannleikurinn alvaldi og mun gerast eins og kveðið er á í Móðurbókinni....

Seg: Ó þjóðir jarðar! Þótt þér tækjuð yður allar saman um að rita einn bókstaf í líkingu við verk Mín myndi yður aldrei takast það⁵³, og vissulega hefur Guð þekkingu á öllu sem er....

Ó Qurratu'l-'Ayn! Seg: Sjá! Sannlega hefur máninn bliknað; sannlega hefur nóttin hörfað; sannlega er árbjarmi á lofti⁵⁴ og sannlega hefur boð Guðs, yðar sanna Drottins, náð fram að ganga....

Þú hefur, ó mikli og almáttugi Meistari, leitt Mig út úr fullkomnu tilvistarleysi með himneskum krafti máttar Þíns og reist Mig upp til að kunngera þessa opinberun. Ég hef ekki sett traust Mitt á neitt nema Þig og hef engan vilja nema Þinn vilja. Þú ert í sannleika sá sem öllum nægir og að baki Þér er hinn sanni Guð, Hann sem yfirskyggir allt sem skapað er. Sannarlega nægir Mér Guð, hinn upphafni, hinn voldugi, framfærandinn. *Kaflí LVIII.*

Ó ÞÚ sem Guð mun opinbera! Ég hef fórnað Mér fullkomlega fyrir Þig, þolað formælingar Þín vegna og ekkert þráð nema píslarvætti á vegi ástar Þinnar. Guð nægir Mér sem vitni, hinn upphafni, verndarinn, hinn aldni.

Ó Qurratu'l-'Ayn! Orðin sem Þú hefur mælt í þessu örlögþrungna ákalli hafa hryggt mig sárlega. En óafturkallanleg ákvörðun er aðeins á valdi Guðs og boð koma frá Honum einum. Ég sver við líf Mitt, Þú ert ástmögur Guðs og sköpun Hans. Sannlega er Guð einn máttugur, og vitnisburður Drottins þíns nægir Mér og Hann er í sannleika hefndandinn alvaldi. *Kaflí LVIII.*

Ó FÓLK jarðar! Svo sannarlega sem Guð er réttlátur. Þessi bók hefur fyrir mátt sannleikans alvalda hrifið og gagntekið jörðina og himininn með voldugu orði Guðs varðandi Hann sem er vitnisburðurinn æðsti, hinn fyrirheitni Qá'im⁵⁵, og sannlega hefur Guð þekkingu á öllu sem skapað er. Þessi guðdómlega innblásna bók er trygg staðfesting á sannleika Hans öllum sem eru í austri og vestri; gætið þess því að segja ekkert nema það sem satt er um Guð því að Ég sver við Drottin yðar að þessi æðsta sönnun Mín ber vitni öllu sem skapað er....

Ó þjónar guðs! Verið þolinmóðir. Guð gefi að Hann sem er sannleikurinn alvaldi birtist skyndilega á meðal yðar, gæddur afli voldugs orðs, og þá mun sannleikurinn sjálfur valda

⁵³ Sbr. Kóraninn 17:88.

⁵⁴ Sbr. Kóraninn 74:35–37.

⁵⁵ Qá'im eða Mahdí er fyrirheitn opinberandi shía íslam sem mun stofna ríki réttlætis og friðar í heiminum. Í bahá'í trúnni er litið á Bábinn sem hinn fyrirheitna Qá'im.

yður hugarangri og yður brestur afl til að bægja því frá⁵⁶; og vissulega ber Ég öllu mannkyni vitni. *Kaflí LIX.*

ÞEIR, sem spotta þau undursamlegu og guðlegu vers sem opinberuð eru sakir Ákalls Hans, gera sig aðeins að athlægi og Vér hjálpum þeim í sannleika að eflast í illgerðum sínum⁵⁷. Vissulega er þekking Guðs ofar öllu sem skapað er...

Hinir trúlausu leitast í sannleika við að aðgreina Guð frá Ákalli Hans⁵⁸ en Guð fullkomnar ljós sitt með Ákalli sínu og sannlega er máttur Hans ofar öllu sem skapað er...

Vissulega er Kristur Orðið sem Vér sendum Maríu⁵⁹; og enginn skyldi taka undir það sem kristnir menn kalla „hinn þriðja af þremur.“⁶⁰ Það jafngildir ófrægingu um Ákallið sem er æðsti valdhafinn eins og kveðið er á um í Móðurbókinni. Sannarlega er ekkert nema Guð, og fjarri sé dýrð Hans að eitthvað sé annað en Hann. Allir sem til Hans koma á degi upprisunnar eru aðeins þjónar hans og Guð nægir í sannleika sem verndari. Sannlega er Ég ekki annað en þjónn Guðs og Orð Hans og Ég er enginn annar en sá sem fyrstur laut Guði í tilbeiðslu, hinum hæsta; og sannlega ber Guð vitni öllu sem skapað er. *Kaflí LXI.*

Ó FYLGJENDUR Kóransins! Þér eruð alls ekkert nema þér lútið Ákalli Guðs og þessari bók. Ef þér fylgið málstað Guðs munum Vér fyrirgefa syndir yðar, en ef þér víkið frá boðum Vorum munum Vér vissulega sakfella sálir yðar í bók Vorri og dæma þær í hinn mesta eld. Vissulega sýnum Vér engum manni ranglæti jafnvel þótt ekki sé það meira en sem nemur dustögn á döðlusteini. *Kaflí LXII.*

Ó FÓLK jarðar! Skínandi ljós Guðs hefur með fullri vissu birst mitt á meðal yðar með þessari óskeikulu bók til þess að þér getið fengið rétta leiðsögn á vegi friðarins og gengið með leyfi Guð út úr myrkrinu inn í ljósið og inn á þessa breiðu braut sannleikans⁶¹....

Úr fullkominni einveru og í krafti boða sinna hefur Guð skapað himin og jörð og allt sem þar er á milli. Hann er einn og óviðjafnanlegur í eilífri einingu sinni og enginn getur tengst heilögu eðli Hans og ekkert nema Hans eigið sjálf getur fengið á Honum réttan skilning ...

Ó þjóðir jarðar! Vissulega er boðberi Hans kominn til yðar frá Guði eftir að hlé varð á komu allra boðbera⁶² til þess að hreinsa yður og skíra í aðdraganda að degi hins eina sanna Guðs. Leitið því heilshugar guðlegrar blessunar Hans því að Vér höfum í sannleika útvalið Hann sem vitni og uppsprettu viskunnar fyrir alla sem dvelja á jörðu....

Ó Qurratu'l-'Ayn! Boða það sem sent hefur verið til Þín af hæðum sem tákn um náð vorkunnláts Drottins Þíns. Gerir Þú það ekki verður leyndardómur Vor aldrei lýðum ljós⁶³, en

⁵⁶ Sbr. Kóraninn 21:40.

⁵⁷ Sbr. Kóraninn 2:14.

⁵⁸ Sbr. Kóraninn 2:14.

⁵⁹ Sbr. Kóraninn 4:169.

⁶⁰ Sbr. Kóraninn 5:77. Hér er vísað til þrenningarkenningar kristinnar trúar.

⁶¹ Sbr. Kóraninn 5:15–18.

⁶² Sbr. Kóraninn 5:22.

⁶³ Sbr. Kóraninn 5:71.

tilgangur Guðs með sköpun mannsins er sá einn að hann fái þekkt Hann. Með vissu hefur Guð þekkingu á öllu sem skapað er og Hann er sjálfum sér nógur ofar þörfum alls mannkyns. *Kaflí LXII.*

HVENÆR sem hinir trúföstu heyra heilög orð þessarar bókar upplesin, flóa augu þeirra í tárur og hjörtu þeirra verða djúpt snortin sakir ástarinnar sem þeir bera til Guðs, hins altignaða. Hann er Guð, sá sem allt þekkir, hinn eilífi. Þeir eru að sönnu íbúar alhæstu paradísar þar sem þeir munu dvelja um eilífð, og þar líta þeir í sannleika ekkert nema það sem kemur frá Guði — ekkert sem er skilningi þeirra ofviða. Þar hitta þeir fyrir átrúendurna í paradís sem heilsa þeim með orðin „Friður, friður” á vörum sínum....

Ó herskarar hinna trúföstu! Hneigið eyru yðar að máli Mínu, sem þetta Ákall Guðs kunngerir. Í sannleika hefur Guð sýnt Mér að vegur Ákallsins, sem Ég hef markað, er hinn beini vegur Guðs og að sá sem játar einhver önnur trúarbrögð en þessa heiðvirðu trú mun skilja, þegar hann er krafinn reikningsskila á degi dómsins, að hann hefur engan ávinning haft af trúarbrögðum Guðs eins og skráð stendur í bókinni. . . .

Óttist Guð, ó konungafjöld, ef þér viljið nálgast Hann sem er Ákall Hans [Bábinn], eftir að sannleikurinn hefur birst yður í bók og með táknum frá Guði eins og undursamleg rödd Hans, sem er Ákall Guðs, hefur mælt. Leitið náðar Guðs því að Guð fyrirhugar yður sem trúið á Hann aldingarð sem spannar víðerni allrar paradísar. Þar munuð þér ekki finna neitt nema gjafir og hylli sem Hinn alvaldi veitir af náð sinni í krafti þessa mikilfenglega málstaðar eins og mælt er fyrir um í Móðurbókinni. *Kaflí LXIII.*

Ó ANDI Guðs! Leið Þér í huga vildargjafirnar sem Þú fékkst þegar Ég ræddi við Þig mitt í hjarta helgidóms Míns og hjálpaði Þér með krafti heilags anda til þess að Þú sem óviðjafnanlegur málsvari Guðs gætir kunnert mönnum boð Guðs sem fólgin eru í anda Hans.

Sannlega blés Guð Þér í brjóst visku og heilögum orðum meðan Þú varst barn að aldri. Honum hefur af náð sinni þóknast að gefa þjóðum heimsins gjafir sínar með atbeina Píns mesta nafns því mennirnir hafa að sönnu ekki minnstu þekkingu á bókinni. *Kaflí LXIII.*

Ó FÓLK jarðar! Eigum við að leita að öðru Hliði en þessari upphöfnu Verund til að hljóta endanlegt athvarf í Guði, hinum sanna?

Þegar Guð skapaði Ákallið kynnti Hann það herskara allra skapaðra verunda á altari vilja síns. Því næst féll herskari englanna fram í tilbeiðslu á Guði, hinum óviðjafnanlega, Honum sem á sér engan jafningja; en Satan gerðist dramsamur og neitaði að lúta Ákallinu og af þeim sökum er hann auðkenndur í bók Guðs sem hinn hrokafulli og fordæmði.⁶⁴ *Kaflí LXVII.*

GUÐ – enginn er sannur Guð annar en Hann — segir: Sá sem vitjar Ákalls Guðs eftir uppstigningu Hans, það er sem hann komi í návist Drottins á veldisstól Hans. Sannlega er

⁶⁴ Sbr. Kóraninn 2:32; 38:74–78.

Þetta vegur Guðs, hins hæsta, sem hefur verið lagður með óhaggandi boðum Móðurbókarinnar....

Seg: Ó þjóðir heimsins! Deilið þér við Mig um Guð vegna þeirra nafna sem þér og feður yðar gáfu Honum að áeggjan hins illa?⁶⁵ Guð hefur sannarlega sent Mér þessa bók sannleikans af hæðum til þess að yður verði gert kleift að viðurkenna sönn nöfn Guðs, því að þér hafið villst langt frá sannleikanum. Vissulega gerðum Vér sáttmála um Orð Guðs í upphafi sköpunarverksins og enginn getur aftrað bindandi boðum Guðs um hreinsun mannkyns eins og mælt er fyrir í bókinni, sem rituð er með hendi Bábsins. *Kafla LXVIII.*

Í FJARVERU Bábsins endurtók fólkið þátt kálfsins og stepti sér rymjandi líkneski sem var dýr í mannsmynd⁶⁶....

Ætíð þegar fólkið spyr Þig um stundina tilsettu, seg: Sannlega er þekking á henni með Drottni Mínum⁶⁷ sem þekkir hið óséða. Enginn er Guð annar en Hann — Hann skapað yður af einni sál⁶⁸ og Ég ræð engu um þá hluti sem gagnast Mér eða skaða Mig heldur Drottinn Minn sem gerir það sem Honum þóknast⁶⁹. Sannarlega er Guð hinn sjálfumnógi og Hann, Drottinn minn, ríkir yfir öllu sem skapað er. *Kafla LXIX.*

FURÐA menn sig á því að Vér opinberum einum úr þeirra hópi bók til að hreinsa þá og færa þeim fagnaðarerindið um fullt endurgjald í návist Drottins? Hann ber sannarlega vitni öllu sem skapað er. ...

Þegar heilög orð þessarar bókar eru lesin fyrir hinum vantrúuðu segja þeir: „Fær okkur bók eins og Kóraninn og breyt orðum hans.“ Seg: „Guð hefur ekki gefið Mér leyfi að breyta þeim að vild.“ Ég fylgi aðeins því sem Mér er opinberað. Sannlega óttast Ég Drottin Minn á degi aðskilnaðarins sem í sannleika er óafturkallanleg ákvörðun Hans⁷⁰. *Kafla LXX.*

Ó FÓLK jarðar! Vissulega kallar hinn sanni Guð og segir: Hann sem er Orðið er vissulega sannleikurinn alvaldi frá Guði, og þegar sannleikanum sleppir tekur aðeins lygi við⁷¹, og ekkert tekur við af lyginni nema eldurinn, afráðinn og óafturkallanlegur....

Ó Qurratu'l-'Ayn! Bend Þú á sannorðan barm Þinn í krafti sannleikans og hrópa: Ég sver við hinn eina sanna Guð, hér er umboð Guðs; Ég er í sannleika æðsta endurgjaldið⁷² og Ég er í sannleika Hann sem er vistarveran besta. *Kafla LXXII.*

⁶⁵ Sbr. Kóraninn 7:69; 12:40.

⁶⁶ Sbr. Kóraninn 7:146; 20:90.

⁶⁷ Sbr. Kóraninn 7:186.

⁶⁸ Sbr. Kóraninn 4:1.

⁶⁹ Sbr. Kóraninn 10:50.

⁷⁰ Sbr. Kóraninn 10:16.

⁷¹ Sbr. Kóraninn 10:33.

⁷² Sbr. Kóraninn 18:42.

Ó ÁTRÚENDAFJÖLD! Afneitið Mér ekki einu einasta orði þegar sannleikurinn opinberast því að Kóraninn færði yður umboð Bábsins með fullri vissu fyrr á tímum. Ég sver við Drottin yðar, þessi bók er vissulega sami Kóraninn og sendur var af hæðum forðum tíð. *Kaflí LXXXI.*

Ó ÞÚ elskaði ávöxtur hjartans! Hlýð á söng þessa dulspaka fugls sem syngur á hæstu himinhæðum. Drottinn hefur í sannleika blásið Mér þessu í brjóst: Sannlega, sannlega er Ég Guð, og enginn annar Guð er til. Hann er hinn almáttki, hinn alvitri.

Ó þjónar Mínir! Leitið þessa æðsta endurgjalds af einlægni því að Ég hef í sannleika skapað aldingarða fyrir Orð Guðs, órannsakanlega öllum nema sjálfum Mér, og ekkert í þeim er neinum heimilt nema þeim sem hafa fórnað lífi sínu á vegi Hans. Biðjið því Guð, hinn hæsta, að Hann veiti yður þetta dýrmæta endurgjald; Hann er í sannleika hinn hæsti, hinn mesti. Hefði það verið ósk Vor, hefðum Vér safnað öllum mönnum saman í eina hjörð um Orð Vort, samt láta þeir ekki af deilum sínum⁷³ nema Guð taki það til bragðs sem Honum þóknast með krafti sannleikans. Að mati Orðsins er þetta boð í sannleika afráðið og því verður aldrei hnekkt....

Guð hefur sannarlega útvalið Þig til að vara fólkið við, leiðbeina hinum trúuðu og útskýra leyndarmál bókarinnar. *Kaflí LXXXV.*

VÆRI það vilji Vor, stendur í Voru valdi að knýja heiminn og allt sem í honum er með einum bókstaf opinberunar Vorrar til að viðurkenna sannleikann um málstað Vorn á örskotsstund....

Sannlega voru aðrir postular hafðir að athlægi á undan Þér⁷⁴ og Þú ert enginn annar en þjónn Guðs, studdur krafti sannleikans. Áður en langt um líður munum Vér lengja ævidaga þeirra sem hafa hafnað sannleikanum vegna þess sem hendur þeirra hafa gert⁷⁵ og sannlega gerir Guð engum rangt til, jafnvel þótt ekki sé það meira en nemur dustögn á döðlusteini. *Kaflí LXXXVII.*

Ó ÞJÓÐIR jarðar! Svo sannarlega sem Guð, hinn sanni, er réttlátur. Vitnisburður Orðs Hans líkist sólinni sem hönd Drottins miskunnar hefur hafið upp innst í hjarta himinsins, þaðan sem hún skín í fyllingu hádegisljóma síns....

Við sérhvern spámann sem Vér sendum niður á umliðnum öldum gerðum vér sérstakan sáttmála sem lýtur að Orði Guðs og degi Hans. Augljóst er Orð Guðs og dagur Hans í ríki dýrðar og með mætti sannleikans, frammi fyrir augliti englanna sem sveima um náðarhásæti Hans. *Kaflí XCI.*

⁷³ Sbr. Kóraninn 11:120.

⁷⁴ Sbr. Kóraninn 6:10.

⁷⁵ Sbr. Kóraninn 3:172.

Ó ÁRDAGSSTUND! Áður en skínandi dýrð ljósgjafans guðdómlega varpar ljósi sínu frá dagsbrún þessa Hliðs, skalt þú minnast þess að tilsettur dagur Guðs mun sannarlega koma á augabragði. Þetta er boð Guðs í Móðurbókinni. *Kaflí XCIV.*

Ó ÁTRÚENDAFJÖLD! Sannarlega hefur sérhvert tákni sem Guð opinberar í helgiritunum eða í heiminum öllum og í hjörtum mannanna engan tilgang annan en þann að gera þeim fulla grein fyrir því að þetta Orð er með í sannleika Hinn sanni frá Guði. Vissulega þekkir Guð allt sem skapað er í krafti eilífs sannleika. ...

Ó þér sem sveimið um hásæti dýrðarinnar! Hljóðið á kall Mitt úr brennandi runnanum: „Sannlega er Ég Guð og enginn er Guð annar en Ég. Því skuluð þér tilbiðja Mig, og fara með bænir yðar sakir Hans, sem er æðsta Orðið, lausir við dylgjur fólksins, því að sannlega er Drottinn yðar, hinn eini sanni Guð, ekkert annað en sannleikurinn alvaldi. Vissulega teljast þeir sem ákalla aðra en Hann til þeirra sem dvelja í eldinum og fá þar makleg málagjöld, en Hann sem er Orð Guðs dvelur að sönnu staðfastur og óhagganlegur á vegi sannleikans mitt í runnanum brennandi....“

Ó þjóðir jarðar! Beitið ekki Orðið mesta þeirri grimmd sem Umayyadar⁷⁶ beittu Husayn í landinu helga⁷⁷. Svo sannarlega sem Guð, hinn sanni, er réttlátur. Hann er sannleikurinn eilífi, og Honum ber Guð vissulega vitni. *Kaflí XVII.*

GUÐ bauð að sönnu himnum, jörð og fjöllum að takast á hendur ætlunarverk Vort, en þau neituðu að leggja byrðina á sig og óttuðust hana. En Maðurinn, þessi 'Alí⁷⁸, sem er ekki annað en æðsta Orð Guðs, gekkst undir okið. Þess vegna hefur Guð, hinn alltumlykjandi, vísað til Hans í varðveittri bók sinni sem „Hins rangleikna,“ og þar sem mennirnir þekktu Hann ekki fékk Hann titilinn „hinn óþekkti“ samkvæmt dómi bókarinnar⁷⁹....

Áður en langt um líður munum Vér vissulega kvelja þá sem fóru með stríði á hendur Husayn [Imám Husayn], í landi Efrat og valda þeim sárustu þjáningu og ströngustu refsingu öðrum til varnaðar...

Guð þekkir vel hjarta Husayns, brennandi þorsta Hans og langlyndi í þjáningunni sakir Guðs, hins óviðjafnanlega, hins aldna; og Honum ber Guð sannarlega vitni. *Kaflí XII.*

HLÝÐ á rödd Drottins Þíns sem kallar frá Sínaí-fjalli: „Sannarlega er enginn Guð nema Hann, og Ég er hinn upphafnasti sem hulinn var í Móðurbókinni samkvæmt ráðsályktun forsýonarinnar.“ *Kaflí XIX.*

ÞESSI bók sem Vér höfum sent af hæðum er að sönnu blessunarrík⁸⁰ og ber sannleikanum vitni til þess að fólkið megi skilja að óyggjandi sönnun Guðs á Ákalli Hans svipar til þeirrar

⁷⁶ Arabískur ættbálkur sem tók völdin í íslam eftir andlát Múhameðs. Sjá kafla 11 í *Nokkrum spurningum svarað*.

⁷⁷ Karbala í Írak.

⁷⁸ Bábinn.

⁷⁹ Sbr. Kóraninn 33:72.

⁸⁰ Sbr. Kóraninn 6:93.

sem Hann veitti Múhameð, innsigli spámanna, og málstaðurinn er sannarlega mikill eins og kveðið er á í Móðurbókinni. *Kaflí LXVI.*

ÞETTA Ákall er vissulega dýrleg leifð af ljósi Guðs, og Hann mun reynast yður bestur⁸¹ ef þér í sannleika eruð trúföst Guði, hinum upphafnasta....

Vér höfum í sannleika með leyfi Guðs sent Þig til allra manna með tákni Vor, styrktan óviðjafnanlegu yfirráðum Vorum. Hann er sönnu skipaður handhafi trúnaðargjafar Guðs....

Ó Qurratu'l-'Ayn! Ver staðfastur eins og Þér er boðið og lát ekki hina trúlausu meðal manna og orð þeirra valda Þér hryggð, því að Drottinn Þinn mun í krafti réttlætis Guðs, hins mesta, dæma þá á degi upprisunnar, og vissulega er Guð vitni að öllu sem skapað er. *Kaflí LXXXIV.*

Í AUGUM Guðs er þessi trú vissulega innsti veigur trúar Múhameðs; hafið því hraðann á að öðlast himneska paradís og alhæsta aldingarð velþóknunar Hans í návist hins eina sanna Guðs, ef þér aðeins sýnið þolinmæði og þakklæti frammi fyrir vitnisburðinum um tákni Guðs. *Kaflí XLVIII.*

Ó ÞJÓNAR Míni! Þetta er hinn tilsetti dagur Guðs sem miskunnsamur Drottinn hefur heitið yður í bók sinni; vegsamið því í sannleika nafni Guðs og færið Honum lofgjörð meðan þér fetið vegu hins æðsta Ákalls...

Vissulega hefur Guð gefið Ákalli sínu leyfi til að segja hvað sem Honum þóknast með hverjum þeim hætti sem Hann kys. “Vissulega er allt sem Hann kys ekki annað en það sem Vér kjósum. Drottinn er í sannleika vitni að öllu sem skapað er. *Kaflí LXXXVII.*

Í SANNLEIKA ræddum Vér við Móse með leyfi Guðs mitt í brennandi runnanum á Sínaí og opinberuðum örsmáan glampa af ljósi Þínu á fjalli dularinnar og yfir íbúa þess; þá bifuduð undirstöður fjallsins og það varð að dufti ...

Ó þjóðir jarðar! Ég sver við Drottin yðar! Þér munuð fara að dæmi fyrri kynslóða og vinna sömu verk og þær unnu. Varið því sjálfar yður við skelfilegri og ógnvænlegustu hefnd Guðs. Því að Guð hefur sannarlega vald yfir öllu sem skapað er. *Kaflí LIII.*

Ó QURRATU'L-'AYN! Ég sé í Þér ekkert annað en „boðunina miklu“ – boðun sem herskararnir á hæðum hafa kunngert. Með þessu nafni ber Ég því vitni að þeir sem sveima um háseti dýrðarinnar hafa ætíð þekkt Þig.

Ó herskari átrúenda! Efist þér um það sem Orð Guðs boðar yður? Svo sannarlega sem einn og sannur Guð er réttlátur. Hann er enginn annar en sannleikurinn alvaldi sem var opinberaður í krafti sannleikans. Eruð þér í vafa um Bábin? Sannlega er Hann sá sem með

⁸¹ Sbr. Kóraninn 11:87.

Voru leyfi hefur í greip sinni ríkjum jarðar og himins, og Drottinn hefur með vissu fullkomna þekkingu á því sem þér gerið. ...

Vissulega er Ég aðeins maður eins og þér en Guð veitir Mér allar þær náðargjafir sem Hann kýs, og það sem Drottinn yðar hefur boðað í Móðurbókinni á sér engin takmörk. *Kafla LXXXVIII.*

Í HÚSINU helga, Kaaba, opinberaði Guð Mér í sannleika: „Sannlega, Ég er guð, enginn er Guð nema Ég. Ég hef útvalið þig sjálfum Mér og gert þig að Orði Mínu. Öllum sem heita Þér hollustu með því að ganga vegu Bábsins er með fullri vissu fyrirhugað endurgjald í heimi komanda...“ Bókin kveður svo á að þegar málstaður Orðsins birtist muni atburðurinn mesti gerast samkvæmt ráðsályktun forsjónarinnar og Guð hefur sannlega vald yfir öllu sem skapað er. *Kafla LXXIX.*

Ó QURRATU'L-'AYN! Seg: Sannarlega er Ég sá sem Móðurbókin hyllir sem „boðunina miklu“. Seg: Hörmulegar deilur hafa risið um Mig meðal fólksins, en í sannleika er engan greinarmun að finna á Mér og Bábinum; og Guð, sannleikurinn eilífi, nægir sem vitni. *Kafla LXXVII.*

ÉG ER musterið launhelga sem hönd Almættisins hefur reist. Ég er lampinn sem fingur Guðs hefur tendrað í gróp sinni og látið stafa ódauðlegum ljóma. Ég er logi ljóssins himneska sem brann á Sínaí í reit fagnaðar og duldist mitt í brennandi runnanum. *Kafla XCIV.*

TIL merkis um fullkomið réttlæti höfum Vér í sannleika sent sérhverjum spámanni tíðindin um málstað Orðs Vors, og Guð ríkir með fullri vissu æðstur yfir öllum þjóðum heims. *Kafla LXXXIII.*



ÚTDRÆTTIR ÚR PERSNESKA BAYÁNINUM

BETRA er að leiðbeina einni sálu en að eiga allt sem er á jörðu, því að meðan hin leidda sál er í forsælunni af meiði guðdómlegrar einingar, mun hún og sá sem leiddi hana verða aðnjótandi blíðrar miskunnar Guðs, en jarðnesk eign líður aftur á móti undir lok við dauðann. Vegurinn til leiðsagnar er vegur ástar og samúðar, ekki valdbeitingar eða þvingunar. Þessi hefur aðferð Guðs verið í fortíðinni og verður það áfram í framtíðinni. Hann leiðir þann sem Honum þóknast inn í forsæluna af náð sinni. Vissulega er Hann verndarinn, hinn æðsti, hinn algjöfuli. Engin paradís er nokkurri sál dásamlegri en að líta opinberanda Guðs á degi Hans, heyra heilög orð Hans og trú á þau, komast í návist Hans sem er ekki annað en návist Guðs, sigla á úthafi himnaríkis velþóknunar Hans og neyta úrvals ávaxta í paradís guðdómlegrar einingar Hans. *II, 16.*⁸²

VEGSAMA Guð með þeim hætti að þótt vegsömun þín leiði þig í eldinn verði engin breyting á henni, og eins þótt paradís verði umbun þín. Þannig og ekki öðruvísi skyldi sú lofgjörð vera sem hæfir hinum eina sanna Guði. Ef þú lofar Hann fyrir ótta sakir væri það ósæmandi í heilögum forgarði návistar Hans og ekki er hægt að líta svo á að slík gerð sé helguð einingu verundar Hans. Og ef augu þín beinast að paradís og þú tignar Hann með ósk um hana í hjarta þínu gerir þú sköpun Guðs jafna Honum sjálfum þrátt fyrir þá staðreynd að paradís er keppikefli manna.

Eldur og paradís lúta lágt og varpa sér flötum frammi fyrir Guði. Það sem verðugt er eðli Hans er að vegsama Hann sakir Hans sjálfs, án ótta við eldinn og án vonar um paradís. Þótt tilbiðjandinn leysist frá eldinum þegar sönn vegsömun er flutt og hann gangi inn í paradís velþóknunar Guðs, ætti það ekki að vera tilgangurinn með athöfn hans. Samt streymir hylli Guðs og náð Hans ætíð fram samkvæmt kröfum órannsakanlegrar visku Hans.

Þóknanlegasta bænin er sú sem beðin er með fullkomnum andlegleika og geislan; Guði þóknast ekki og hefur aldrei þóknast að hún sé dregin á langinn. Því andlega frjálsari og hreinni sem bænin er, þeim mun þóknanlegri er hún í návist Guðs. *VII, 19.*

DAGUR upprisunnar er dagur þegar sólin rís og sest eins og alla aðra daga. Hversu oft hefur dagur upprisunnar ekki runnið upp og íbúar landsins þar sem það gerðist upp frétti ekki af þeim atburði. Hefðu þeir frétt af honum, hefðu þeir ekki trúað og því var þeim ekkert sagt!

Þegar postuli Guðs [Múhameð] birtist, tilkynnti Hann hinum vantrúuðu ekki að upprisan

⁸² Bayáninum er skipt í váhíð (einingar) og kafla sem þessi númer vísa til.

væri hafin því að þeir gátu ekki afborið þær fregnir. Sá dagur er sannarlega óendanlega mikill og máttugur því að þá kunngerir Meiðurinn guðdómlegi frá eilífð til eilífðar: „Sannarlega er Ég Guð. Enginn er Guð nema Ég.“ Samt telja þeir sem hyljast blæjum, að Hann sé einn af þeim og þeir neita jafnvel að kalla hann átrúanda þótt slík nafnbót í himnesku ríki Hans sé um eilífð veitt þýðingarminnstu fylgjendum fyrri trúar Hans. Ef fólkíð á dögum postula Guðs hefði að minnsta kosti litið á hann sem átrúanda á þeirra eigin tímum, hvernig var þeim mögulegt í þau sjö ár sem Hann dvaldi á fjallinu að meina Honum um aðgang að heilögu húsi Hans [Kaaba]? Hefðu mennirnir ekki einnig neitað að kalla Hann átrúanda í þessari trú Bayánsins, hvernig gátu þeir fangelsað Hann á þessu fjalli án þess að skilja að innsti veigur trúar á tilvist sína að þakka einu orði frá Honum? Hjörtu þeirra eru rúin afli sannrar innsýnar og því sjá þau ekki, en þeir sem eru gæddir sjón andans sveima eins og náttfiðrildi um ljós sannleikans uns þeir eyðast í loga hans. Það er af þessari ástæðu sem sagt er að dagur upprisunnar sé mestur allra daga, en þó er hann eins og hver annar dagur. VIII, 9.

ENGIN paradís er upphafnari, að mati þeirra sem trúa á himneska einingu en sú að hlýðnast boðum Guðs, og enginn eldur er heitari í augum þeirra sem þekkt hafa Guð og tákni Hans en að brjóta gegn lögum Hans og kúga aðra sál, jafnvel þótt ekki sé meira en nemur einu mustarðskorni. Á degi upprisunnar mun Guð í sannleika dæma alla menn og vissulega biðjum við öll um miskunn Hans. V, 19.

GUÐ elskar hina hreinlífu. Ekkert í Bayáninum og augum Guðs er betra og hjartfólgnara en hreinleiki og óaðfinnanlegt hreinlæti....

Í trú Bayánsins vill Guð ekki að nein sál fari á mis við gleði og geislan. Hann þráir að allir menn megi undir öllum kringumstæðum prýðast slíkum hreinleika, bæði hið innra og ytra, að enginn kenni óbeitar á sjálfum sér, hversu miklu síður á öðrum. V, 14.

ÍHUGA einnig opinberun frumpunkts Bayánsins. Til eru þeir sem krjúpa í bæn til Guðs frá kvöldi til morguns, og jafnvel á þessari stundu þegar sól sannleikans nálgast hádegisstað á himni opinberunar sinnar rísa þeir ekki upp af bænammottunum. Ef einhver þeirra heyrði einhverju sinni heilög og undursamleg orð Guðs lesin upp, myndi hann hrópa: „Hví tefur þú mig frá bænahaldi mínu?“ Ó þú, sem ert hjúpaður blæjum! Ef þú ákallar Guð, hvers vegna lætur þú hyljast Honum sem hefur tendrað ljós tilbeiðslunnar í hjarta þínu? Hafi Hann ekki áður opinberað fyrirælin „Vissulega ber yður að ákalla Guð⁸³“, hvað gæti fengið þig til að tilbiðja Guð og hvert myndir þú snúa þér í bæninni?

Vit með vissu að hvenær sem þú nefnir Hann sem Guð mun opinbera, ert þú aðeins að nefna Guð. Ef þú á sama hátt hlýðir á heilög orð Bayánsins og viðurkennir sannleika þeirra, þá og aðeins þá geta opinberuð orð Guðs komið þér að haldi. Hvaða gagn hefðir þú annars af þeim? Ímyndar þú þér að gerðir þínar færi þér einhvern ávinning þótt þú fallir fram í tilbeiðslu alla ævi þína og eyðir dögum í að ákalla Guð en trúir ekki á sama tíma á

⁸³ Kóraninn 8:47; 33:41; 62:10.

Málsvara opinberunar Hans? En ef þú trúir á Hann og hefur sanna þekkingu á Honum og Hann segir: „Ég hef lagt blessun yfir allt líf þitt í bæn til Mín,“ þá hefur þú vissulega tilbeðið Hann af hjartans innsta sárleik. Tilgangurinn með gerðum þínum er sá að Guð megi blessa þær af náð sinni; og slík blessun Guðs fæst með engu móti nema með samþykki Hans sem er málsvari opinberunar Hans. Ef til að mynda postuli Guðs — megi blessun Guðs hvíla yfir Honum — samþykkir einhverja gerð, hefur Guð vissulega samþykkt hana; annars sprettur hún af eigingjörnum hvötum gerandans og kemst ekki í návist Guðs. Á sama hátt samþykkir Guð sérhverja gerð sem fengið hefur samþykki Frumpunkts Bayánsins, því að þessi stundlegi heimur hefur engan annan aðgang að návist Hins aldna. Allt sem kemur af hæðum ofan kemur fyrir atbeina Málsvara opinberunar Hans, og allt sem stígur upp til hæða, stígur upp til Málsvara opinberunar Hans. *VIII, 19.*

ENGINN vafi leikur á því að Hinn alvaldi hefur sent þessi heilögu orð af hæðum til Hans [Bábsins] á sama hátt og Hann sendi þau niður til postula Guðs. Að sönnu hefur hvorki meira né minna en hundrað þúsund helgiversum á borð við þessi verið dreift meðal fólksins, að ekki sé minnst á pistla Hans, bænir og lærð og heimspekileg rit. Hann opinberar hvorki meira né minna en þúsund helgivers á fimm klukkustundum. Hann opinberar þau jafnhvort og ritari Hans ræður við að rita þau niður. Af þessu má ráða hvíllur fjöldi binda hefði streymt úr penna Hans frá upphafi þessarar opinberunar og fram til þessa dags, hefðu engar hindranir verið lagðar í veg Hans.

Ef þér haldið því fram að ekki sé hægt að líta á þessi helgu orð sem sönnun, lesið þá Kóraninn. Hefði Guð borið fram einhverja aðra sönnun en opinberuð orð Hans til að sýna fram á gildi postula Hans – megi blessun Guðs hvíla yfir Honum – eigið þá sjálfir efsemdir yðar...

Varðandi bókina sem fullnægjandi sönnun hefur Guð opinberað: „Nægir þeim ekki að Vér höfum sent til Þín af hæðum bókina sem þeim er lesin? Þar er að finna sanna miskunn og aðvörun til þeirra sem trúá⁸⁴.“ Þegar Guð ber því vitni að bókin nægi sem vitnisburður eins og textinn staðfestir, hvernig getur nokkur andmælt sannleikanum og sagt að bókin sé ekki óyggjandi sönnun í sjálfu sér?... *II, 1.*

MIKILL er þessi dagur og því myndi það reynast þér sár raun að samsama þig hinum trúuðu. Því að á þeim degi dvelja hinir trúuðu í paradís en hinir vantrúuðu í eldinum. Og vit með vissu að með paradís er átt við undirgefni og viðurkenningu á Honum sem Guð mun opinbera, en með eldinum er átt við sálir sem ekki vilja lúta Honum og velþóknun Hans. Á þeim degi myndir þú líta á þig sem íbúa paradísar og sannan átrúanda, þótt þú í rauninni værir hjúpaður blæjum og ættir þér bólstað í neðsta eldinum en vissir það ekki sjálfur.

Ber saman opinberun Hans við opinberun Múhameðs, frumpunkts Kóransins. Hve margir bókstafir biðu Hans ekki í eftirvæntingu, en frá því að Hann lýsti yfir köllun sinni og í fimm ár dvaldi enginn þeirra í paradís nema foringi hinna trúföstu [Imám 'Alí] og þeir sem á Hann trúðu í leyfum. Allir aðrir vistuðust í eldinum þótt þeir héldu sig dvelja í paradís.

⁸⁴ Kóraninn 29:50.

Íhuga einnig þessa opinberun. Ráðsályktun Guðs hefur bifað innsta eðli manna og fram á þennan dag hafa þrjú hundruð og þrettán gerst útvaldir lærisveinar. Í Šád-landi [Ísfahán], sem hið ytra virðist mikil borg og í öllum vistarverum klerkaskóla hennar er mikill fjöldi manns sem teljast skriflærðir, en þegar tími kom til að afhjúpa innsta eðli þeirra, var það aðeins hveitisáldarinn⁸⁵ sem klæddist skikkju lærisveins. Þetta er leyndardómurinn um opinberunina sem fólst í orðum ættingja Múhameðs spámanns – yfir þeim hvíli friður Guðs – þess efnis að hinir lægstu yrðu upphafnir og hinir upphöfnu niðurlægðir.

Þannig er því einnig varið með opinberun Hans, sem Guð mun opinbera. Meðal þeirra sem aldrei kæmi til hugar að þeir verðskulduðu vanþóknun Guðs og taldir eru fyrirmyndir guðrækilegs líferniss, verða margir að holdtekjum hins neðsta elds þegar þeim bregst að játa málstað Hans; en fjöldi þeirra sem enginn telur málsmetandi hlýtur þann heiður að játa sannri trú, og Uppspretta veglyndis mun klæða þá skikkju yfirráða. Því að allt sem skapað er í trú Guðs er skapað fyrir mátt Orðs Hans. *VIII, 14.*

ALLIR biðu opinberunar postula Guðs með eftirvæntingu en þú hefur samt heyrt um þá hraklegu meðferð sem Hann sætti þegar Hann kom, þótt þeir hafi stært sig af einhverjum draumum um Hann.

Hið sama gerðist þegar frumvilji Bayánsins opinberaðist. Fólkið stóð upp þegar nafn Hans var nefnt og það þess tárfeðlandi dag og nótt að Hann birtist, og sæi einhver Hann í draumi fylltist sá hinn sami fögnuði; en nú þegar Hann hefur opinberast með öflugum og sannfærandi vitnisburði um réttmæti þess eigin trúar, og þrátt fyrir allan þann fjölda sem heilshugar þráði komu Hans, hvílast þeir nú allir í makindum á heimilum sínum eftir að hafa hlýtt á heilög orð Hans, en sjálfur er Hann á þessari stundu fangi á fjallinu Máh-Kú, einmana og yfirgefinn.

Gætið vel að yður, ó fylgjendur Bayánsins, og grátið ekki sáran dag og nótt sakir Hans, eða standið upp þegar nafn Hans er nefnt á þessum degi uppskerunnar – deginum þegar þér eigið ekki aðeins að standa upp þegar þér heyrðið nafn Hans, heldur leita að leið til Hans, sem er persónugervingur þessa, Nafns og hyljast Honum ekki líkt og með blæju. *VI, 15.*

ÞEGAR Hann birtist, sem Guð mun opinbera, ættu allir að hafa trausta þekkingu á kenningum Bayánsins svo að enginn fylgjendanna ríghaldi í Bayáninn hið ytra og fyrirgeri þannig hollustu sinni við Hann. Geri einhver slíkt verður dómurinn „vantrúaður“ felldur yfir Honum.

Ég sver við heilagt eðli Guðs, að ef allir sem trúa á Bayáninn sameinuðust um að hjálpa Honum, sem Guð mun birta, á dögum opinberunar Hans myndi engin sál, nei, ekkert sem skapað er, verða eftir á jörðu sem ekki fengi inngöngu í paradís. Gætið vel að sjálfum yður, því að allt inntak trúar Guðs felst í því einu að hjálpa Honum þegar Hann kemur, fremur en fylgja boðum Bayánsins. En brjóti einhver gegn boðunum áður en Hann opinberast, þótt aðeins svari til eins byggkorns, hefur hann brotið gegn tilskipun Hans.

⁸⁵ Hann hét Mulla Muhammad Ja'far og var þekktur undir nafninu Gandum-Pak-Kun sem þýðir hveitisáldari. Starf hans fólst í að sigta og hreinsa hveiti fyrir bændur í héraði sínu.

Leitið athvarfs hjá Guði gegn öllu sem gæti leitt yður afvega frá uppsprettu opinberunar Hans og takið fast um haldreipi Hans. Hver sem það gerir af hollustu við Hann hefur öðlast og mun öðlast hjálpræði í öllum veröldunum.

„Slík er hylli Guðs; Hann veitir hana hverjum sem Honum þóknast og Guð er Drottinn ríkulegrar náðar.“⁸⁶ V, 5.

ÞÉR vinnið verk yðar frá öndverðum dögum lífs yðar til loka þess sakir Guðs; samt er ekkert verk unnið sakir Hans sem er opinberandi Guðs og sem allar góðar gerðir hverfa til aftur. Hefðuð þér unnið slík verk, mynduð þér ekki hafa þjáðst svo mjög á degi upprisunnar. Sjá hversu voldugur málstaðurinn er og hvernig menn hafa samt hjúpast blæjum. Ég sver við helgað eðli Guðs að öll góð verk og sérhver sönn lofgjörð sem færð er Guði, eru ekki annað en verk og lofgjörð sem færð eru Honum sem Guð mun opinbera.

Lifið ekki í þeirri blekkingu að þér vinnið góð og réttlát verk sakir Guðs þegar svo er ekki. Því ef þér í sannleika vinnið verk yðar sakir Guðs, vinnið þér þau sakir Hans sem Guð mun opinbera og miklið nafn Hans. Íbúarnir á þessu fjalli eru rúnir sönnum skilningi en mæla án afláts orðin: „Enginn er Guð nema Guð.“ Hver er ávinningur þeirra? Hugleiðið um stund svo að þér hyljist ekki eins og með blæju Honum sem er dagsbrún opinberunar. VIII, 19.

GUÐ hefur ætíð og undir öllum kringumstæðum verið fullkomlega óháður skepnum sínum. Hann þráir og hefur ævinlega þráð að allir menn hljóti inngöngu í garða paradísar Hans í fullkornustu ást og að enginn valdi öðrum hryggð, ekki einu sinni eitt andartak, og að allir fái unað í skauti verndar Hans og öryggis allt fram til upprisudagsins, sem er tími birtingar Hans sem Guð mun opinbera.

Drottinn alheimsins hefur aldrei reist upp spámann né sent niður bók, að Hann hafi eigi stofnfest sáttmála sinn við alla menn, kallað þá til viðurkenningar á næstu opinberun og næstu bók; því að úthelling náðargjafa Hans er þrotlaus og tekur engan endi. VI, 16.

HVE mjög hafið þér eigi hjúpast blæjum, ó skapaðar verur Mínar⁸⁷.... sem án nokkurrar réttlætningar hafið fangelsað Hann á fjallinu [Máh-Kú], þar sem enginn dvelur sem er þess virði að nefna.... Hjá Honum, sem er hjá Mér, er enginn nema einn af bókstöfum Hins lifanda. Í návist Hans, sem er návist Mín, er ekki einu sinni að finna lampa sem logar um nætur! Og samt logar ótölulegur fjöldi lampa á stöðum þar sem tilbeiðsla fer fram og sem teygja sig til Hans í mismiklum mæli! Allt á jörðu var skapað sakir Hans og allir njóta feginsamlega blessana Hans, en þó hyljast þeir Honum svo mjög að þeir neita Honum jafnvel um lampa!

Þess vegna ber Ég skepnum Mínum vitni á þessum degi, því að vitnisburður annarra en Mín hefur aldrei og verður aldrei þess virði að á hann sé minnst í návist Minni. Ég staðfesti að skepnur Mínar finna enga paradís æðri en þá að standa frammi fyrir ásýnd Minni og trúá á

⁸⁶ Kóraninn 57:21.

⁸⁷ Í bók sinni *The Promised Day Is Come* staðfestir Shoghi Effendi að þegar Bábinn opinberaði þessa efnisgrein hafi Hann talað með rödd Guðs.

heilög orð Mín, og enginn eldur getur nokkru sinni orðið heitari en að hyljast opinberun Míns upphafna sjálfs og trúa ekki á orð Mín.

Þér gætuð mótmælt og sagt: „Hvernig getur Hann talað fyrir okkar hönd?“ Lásuð þér ekki þau ósæmilegu orð sem þér létuð yður um munn fara fyrr á tímum, eins og fram kemur í texta bókar Minnar, og blygðist yðar ekki? Nú hafið þér séð sannleika bókar Minnar staðfestan með óyggjandi hætti, og í dag játið þér öll trú á Mig sakir þeirrar bókar. Þess er ekki langt að bíða að þér gerið yður fulla grein fyrir því að dýrð yðar felst í trú á þessum heilögu orðum. En í dag þegar ekkert fær hjálpað yður nema þessi trú, hyljist þér henni vegna hluta sem eru yður gagnslausir og skaða yður. En Honum sem opinberar Mitt eigið sjálf fær ekkert valdið skaða, og allur skaði sem orðið hefur, eða mun verða, hverfur að endingu til yðar sjálfra. *II, 1.*

HVE fjölmargir eru eigi þeir sem eru vel að sér í öllum greinum vísinda en þó er það fastheldni þeirra við heilagt orð Guðs sem sker úr um trú þeirra, því að ávöxtur sérhverrar vísindagreinar er eigi annað en þekking á himneskum boðum og undirgefni við velþóknun Hans. *II, 1.*

EKKERT sem skapað er getur nokkru sinni öðlast sína paradís nema það birtist á hæsta stigi fullkomunnar. Þessi kristall er til að mynda paradís steinsins sem er upphaflegt efni hans. Á sama hátt eru ýmis stig í paradís kristalsins sjálfs.... Sem steinn var hann einskis virði, en verði hann jafn fágætur og rúbín — möguleiki sem í honum býr – hve mikils virði er þá hvers karat? Í þessu ljósi ber að íhuga allt sem skapað er.

Hæstu stöðu sinni nær maðurinn með trú á Guð í sérhverju trúarkerfi og með því að viðurkenna það sem Hann opinberar, en ekki með lærdómsiðkun því með hverri þjóð er að finna lærdómsmenn sem eru margfróðir í ýmsum greinum vísinda. Þessari stöðu verður ekki heldur náð með hjálp auðs og fjármuna því ljóst er einnig að hina ríku er að finna í hinum ýmsu stéttum hverrar þjóðar. Hið sama gildir um aðra stundlega hluti.

Sönn þekking er því þekking á Guði og hún felst ekki í neinu öðru en viðurkenningu á opinberanda Hans í sérhverju trúarkerfi. Engan auð er heldur að finna í öðru en fátækt af öllu nema Guði og helgun frá öllu nema Honum – en þeirri stöðu verður aðeins náð með helgun við sól opinberunar Hans. Þetta þýðir þó ekki að maðurinn eigi að hætta að vegsama fyrri opinberanir. Það er með engu móti ásættanlegt því það sæmir manningum við níttján ára aldur að færa þakkir fyrir daginn sem hann var getinn í þennan heim. Hefði fósturvísirinn ekki orðið til, hvernig hefði hann getað náð núverandi stigi sínu? Sama gildir um trúna sem Adam kenndi, hefði hún ekki orðið til gæti þessi trú ekki hafa náð sínu núverandi stigi. Lítið sömu augum á þróun trúar Guðs allt til þeirra endaloka sem engan endi taka. *V, 4.*

TÓLF hundruð og sjöttíu ár eru liðin frá opinberun Múhameðs og á hverju ári sveimar aragrúi fólks um hús⁸⁸ Guðs. Á lokaári þess tímabils fór Hann sem sjálfur lagði grundvöllinn að húsinu í pílagrímsferð. Drottinn Minn! Þar var mikill fjöldi pílagríma frá öllum sértrúarhópum. Samt þekkti Hann enginn þótt Hann hafi þekkt þá alla – sálir sem voru í

⁸⁸ Kaaba, helgidómur múslíma í Mekka.

styrkum greipum fyrri boða Hans. Um þann eina⁸⁹ sem þekkti Hann og fór með Honum í pílgrímsferðina sveima átta Váhid, og hann er sá sem Guð hefur gert dýrlegan frammi fyrir herskörungum á hæðum sökum ósvikinnar andlegrar lausnar sinnar og hefur helgað sig fullkomlega vilja Guðs. Þetta þýðir ekki að honum hafi verið sýnd sérstök hylli, nei, þetta er miskunn sem Guð hefur veitt öllum mönnum, en þeir leyfa sér samt að hyljast þeirri miskunn. Á fyrsta ári þessarar opinberunar hafði skýringarriti um súru Jósefs verið dreift víða. En þegar fólkið áttaði sig á að fleiri stuðningsmanna var ekki að vænta, hikaði það við að samþykkja ritið og kom aldrei til hugar að Kóraninn sjálfur, sem ótölulegur fjöldi sálna vottar hollustu í dag, var opinberaður mitt í hjarta Arabaheimsins, en í heil sjö ár vildi enginn viðurkenna sannleika Hans nema foringi hinna trúföstu [Imám 'Alí] – megi friður Guðs hvíla yfir honum. Í svari sínu við óyggjandi sönnunum þessa æðsta vitnisburðar Guðs, viðurkenndi hann sannleikann og leitaði einskis annars. Þannig mun Guð á degi upprisunnar spyrja hvern og einn um hvað hann hafi skilið en ekki hvort hann hafi fetað í fótspor annarra. Hve oft hefur eigi sá sem hneigir eyru sín að heilögum orðum Guðs, lotið í auðmýkt og játast sannleikanum meðan leiðtogi hans neitaði að gera slíkt hið sama. Þannig verður hver og einn að axla sína ábyrgð og getur ekki lagt hana á herðar annarra. Þegar Hann birtist sem Guð mun opinbera, munu hinir lærðustu og virtustu jafnt sem hinir lægst settu meðal manna hljóta sinn dóm. Hversu oft hafa ekki hinir þýðingarminnstu meðal manna viðurkennt sannleikann, en hinir lærðustu áfram verið hjúpaðir blæjum. Þannig ganga margar sálir í eldinn í sérhverju trúarkerfi vegna þess að þær fetuðu í fótspor annarra. *IV, 18.*

BETRA er það manningur að afrita aðeins eitt helgivers Hans en að afrita allan Bayáninn og allar bækurnar sem hafa verið ritaðar í trúarkerfi Bayánsins. Því að öllu verður vikið burt nema ritum Hans sem standa munu fram að næstu opinberun. Og ef einhver afritaði aðeins einn bókstaf þeirrar opinberunar í sannri trú, yrði umbun hans meiri en þótt hann afritaði öll himnesk rit fortíðar og allt sem ritað hefur verið í fyrri trúarkerfum. Á sama hátt skalt þú halda áfram að rísa upp í gegnum hverja opinberunina á fætur annarri og skilja að þroski þinn í þekkingu á Guði getur aldrei tekið endi líkt og hann getur ekki átt sér neitt upphaf. *VII, 13.*

Ó FYLGJENDUR Bayánsins! Verið á varðbergi því að á degi upprisunnar mun enginn eiga sér athvarf að flýja til. Ljós Hans mun birtast skyndilega og Hann kveða upp dóma eins og Honum þóknast. Sé það vilji Hans, mun Hann upphefja niðurlægða og niðurlægja upphafna líkt og Hann gerði í Bayáninum, gætir þú aðeins skilið. Það er á einskis annars færi en Hans. Allt sem Hann ákvarðar nær fram að ganga og ekkert stendur eftir óuppfyllt. *VII, 9.*

ÞAR SEM allir menn eru runnir undan skugganum af táknum guðdómleika Hans og drottinvalds, hneigjast þeir ætíð til þess að feta leið sem er háleit og upphafin. Og vegna þess að þá skortir skýra sýn til að bera kennsl á Ástvin sinn, bregðast þeir þeirri skyldu að sýna Honum auðmýkt og undirgefni. Engu að síður tigna þeir Guð alla ævi samkvæmt þeim lögum

⁸⁹ Hér er vísað til Quddús, fremsta lærisvein Bábsins.

sem sett voru í undangengnum trúarbrögðum; þeir tilbiðja Hann af guðrækni, knékrjúpa guðdómlegum veruleika Hans og sýna upphöfnu eðli Hans undirgefni. En um leið og Hann opinberast beina þeir allir augum að sjálfum sér og byrgja sig þannig fyrir Honum, því að í blekking sinni halda þeir að Hann líkist þeim sjálfum. Fjarri sé slíkur samanburður dýrð Guðs. Sannlega líkist sú tigna Verund hinni efnislegu sól, heilög orð Hans eru eins og geislar hennar og átrúendurnir, ef þeir í sannleika trú á hann, líkjast speglum sem endurvarpa sólarljósinu. Ljós þeirra er því aðeins endurspeglun. *VII, 15.*

Ó FYLGJENDUR Bayánsins! Ef þér trúið á Hann sem Guð mun opinbera, kemur sú trú yður sjálfum að gagni. Hann hefur verið, og mun ævinlega vera, óháður öllum mönnum. Ef þér til að mynda sneruð ótölulegum fjölda spegla að sólu, endurspeгла þeir allir ljós hennar, en sólin er í sjálfu sér fullkomlega óháð tilvist speglanna og ljóssins sem þeir endurspeгла. Á sama hátt takmarkast tengsl allra stundlegra verunda við opinberun Hinnar eilífu verundar... Á þessum degi fara eigi færri en sjötíu þúsund manns árlega í pílgrímsferð til heilags húss Guðs samkvæmt boði postula Guðs; en Hann sem gaf þetta boð leitaði hælís í fjöllum Mekka í sjö ár. Þetta gerðist þótt Hann sem þetta bauð sé miklum mun æðri sjálfu boðinu. Þess vegna skortir alla sannan skilning sem fara í pílgrímsferð á þessum tíma, að öðrum kosti hefðu þeir fylgt boði Hans á þessum degi endurkomu Hans, sem er máttugri en fyrra trúarkerfi Hans. Sjá hvað gerst hefur. Þeir sem játa fyrra trúarkerfi Hans falla fram dag og nótt í bæn í Hans nafni en hafa fangelsað Hann á fjalli, þótt hver og einn þeirra myndi líta á það sem heiður að bera kennsl á Hann. *VII, 15.*

MÆLST er til þess að tilbeiðsla fari fram í einrúmi og ástæðan er sú, að þú getir minnst Guðs af sem mestri athygli svo andi Hans geti ávallt lífgað hjarta þitt og þú hyljist ekki Ástvini þínum eins og með blæju. Þegar þú biður til Guðs átt þú ekki að veita Honum varapjónustu og hjarta þitt fari þannig á mis við hátind dýrðar og miðdepil samneytis. Ef þú lifir dag upprisunnar, mun spegill hjarta Þíns beinast að Honum, sem er sól sannleikans, og jafnskjótt og ljós Hans skín endurspeglast dýrð þess í hjarta þínu. Því að Hann er uppspretta alls góðs og til Hans hverfur aftur allt sem skapað er. En ef Hann birtist meðan þú beinir augum að sjálfum þér í hugleiðslu kemur það ekki að haldi nema Þú nefnir nafn Hans með orðum sem Hann hefur sjálfur opinberað. Því að í komandi opinberun er það Hann sem er Ákall Guðs. Bænirnar sem þú biður á þessari stundu koma frá frumvilja Bayánsins, en Hann sem skín geislandi á degi upprisunnar er opinberun þess innri veruleika sem er varðveittur í frumvilja Bayánsins – og sú opinberun er máttugri, óumræðilega máttugri en sú sem fór á undan. *IX, 4.*

ÞAÐ ER við hæfi að aflokinni hverri bæn að þjónninn biðji Guð að auðsýna foreldrum sínum miskunn og fyrirgefa þeim. Að því búnu mun Guð hefja upp rödd sína og segja: „Þúsundfalt og aftur þúsundfalt verður endurgjald þitt af því sem þú baðst um fyrir foreldra þína.” Sæll er sá sem minnst foreldra sinna þegar hann samneytir Guði. Vissulega er enginn Guð nema Hann, hinn máttugi, hinn ástfólgni. *VIII, 16.*

ÞAR SEM þessi efnislegi líkami er hásæti hins innra musteris, skynjar hið síðarnefnda allt sem fellur í hlut þess fyrrnefnda. Í raun er það innra musteri líkamans sem fagnar í gleði eða daprast í sársauka, ekki líkaminn sjálfur. Þar sem þessi efnislegi líkami er hásæti hins innra musteris hefur Guð ákvarðað að varðveita skuli líkamann eins og framast er unnt til þess að ekkert megi vekja óbeit. Innra musterið sér jarðneska umgjörð sína sem er hásæti þess. Því jafngildir virðing fyrir hinu síðarnefnda virðingu fyrir því fyrrnefnda. Hið gagnstæða er líka satt og rétt. Þess vegna hefur verið kveðið svo á að hinum látna skuli sýna fyllsta heiður og virðingu. *V, 12.*

VINNIR þú verk þín fyrir frumvilja Bayánsins þegar Hann birtist sem Guð mun opinbera, verður litið svo á að þau séu unnin fyrir einhvern annan en Guð, því að á þeim degi er frumvilji Bayánsins enginn annar en Hann sem Guð mun opinbera....

Það er af þessari ástæðu sem allur þorri manna ímyndar sér gjarnan í upphafi sérhvers trúarkerfis, að þeir vinni verk sín sakir Guðs en forherðast samt í guðleysi og vita það ekki, að undanskildum þeim sem Honum þóknast að leiðbeina.

Betra er manningnum að leiðbeina sál en að eignast allt á milli austurs og vesturs. Á sama hátt er leiðsögn betri þeim sem leiðsögnina fær en allt sem til er á jörðu, því að í krafti þeirrar leiðsagnar fær hann inngöngu í paradís eftir dauðann, en vegna þess sem er að finna í þessum lægri heimi fær hann sinn dóm eftir dauðann. Þess vegna þráir Guð að allir menn hljóti rétta leiðsögn fyrir orð Hans sem Guð mun opinbera. Hinir drambsomu vilja þó enga leiðsögn. Þeir verða útilokaðir frá sannleikanum, sumir fyrir lærdóms sakir, aðrir sökum dýrðar sinnar og valds, og enn aðrir af sínum eigin ástæðum sem ekki koma þeim að neinu haldi á dauðastundinni.

Gætið þess vel að yður verði öllum kleift undir forystu Hans, sem er uppspretta guðlegrar leiðsagnar, að feta rétta leið á brúnni sem er hvassari en sverðsegg og fíngerðari en mannhár, til þess að allt sem þér hafið gert af ást til Guðs alla ævi umbreytist ekki skyndilega og yður að óvörum í gerðir sem vanþóknast Guði. Sannlega leiðir Guð hvern sem Honum þóknast inn á vegu algerrar fullvissu. *VII, 2.*

ALLIR bíða birtingar Hans með eftirvæntingu, en þar sem innri augu þeirra beinast ekki að Honum hlýtur harmur að falla Honum í skaut. Í tilviki postula Guðs – megi blessanir Guðs hvíla yfir Honum – báru allir vitni um guðrækni Hans og göfuglyndi áður en Kóraninn var opinberaður. Íhugið hlutskipti Hans eftir opinberun Kóransins. Hvílk svívirðing féll Honum ekki í hlut, svívirðing sem penninn blygðast sín fyrir að greina frá. Íhugið einnig hlutskipti Frumvilja Bayánsins. Áður en ætlunarverk Hans var kunnert, var hegðun Hans og persónuleiki augljós öllum sem þekktu Hann. Í kjölfar birtingar Hans á þessum degi, þegar Hann hefur fram til þessa opinberað hvorki meira né minna en fimm hundruð þúsund heilög vers um ýmis mál, íhugið róginn og hnjóðsyrðin sem að Honum beinast, hvorutveggja svo smánarlegt að penninn fyllist blygðun þegar á það er minnst. Ef allir gættu fyrir mæla Guðs myndi engin hryggð falla í hlut þess himneska Meiðs. *VI, 11.*

VERKUM Hans sem Guð mun opinbera má líkja við sólina, en mannanna verk líkjast stjörnum eða tungli ef þau fara saman við velþóknun Guðs.... Ef fylgjendur Bayánsins fylgja fyrirmælum Hans, sem Guð mun opinbera, þegar Hann birtist og líta á sjálfa sig og verk sín sem himinhnetti upplýsta ljósi sólar, uppskera þeir ávöxt tilveru sinnar; annars hæfir þeim ekki titillinn „stjörnuskip“. Hann á fremur við um þá sem í sannleika trú á Hann, þá sem blikna og hverfa á daginn en skína um nætur.

Þetta er að sönnu ávöxturinn af þessari meginreglu, ef hennar er gætt á degi upprisunnar. Þetta er innsti veigur alls lærdóms og allra réttláttra gerða, ef hann félli einhverjum í hlut. Hefðu þjóðir heims fest sjónir á þessari meginreglu, myndi enginn Málsvari guðlegrar opinberunar nokkru sinni hafa litið svo á að þær ættu sér enga tilvist í upphafi hvers trúarkerfis. En staðreyndin er sú að á nóttunni skynjar hver og einn ljósið sem hann gefur frá sér samkvæmt eigin getu, og gleymir því að þegar eldar af degi bliknar þetta ljós og hverfur fullkomlega í geisladýrð sólarinnar.

Ljós fólksins í þessum heimi er þekking þeirra, orð og mál; en ljóminn af dýrlegum gerðum Hans sem Guð mun opinbera eru orð Hans, og í krafti þeirra vindur Hann saman allri jarðneskri tilvist og beygir hana undir yfirráð sín með því að tengja hana sjálfum sér sem málsvara Guðs, uppsprettu guðdómlegs ljóma Hans – upphafinn og dýrlegur sé Hann – og kunngerir síðan: „Sannlega, sannlega er Ég Guð. Enginn er Guð nema Ég; allir aðrir en Ég eru í sannleika sköpun Mín. Seg: Ó skepnur Mínar! Af þeim sökum skuluð þér óttast Mig einan.“ VIII, 1.

VITA skalt þú að í Bayánum er hreinleiki og flekkleysi talin þóknanlegasta leiðin til að komast í návist Guðs og lofsverðust allra verka. Hreinsa því eyra þitt svo að þú heyri ekki minnst á neitt nema Guð, og hreinsa auga þitt svo það sjái ekkert nema Guð, og samvisku þína svo hún skynji ekkert annað en Guð, og tungu þína svo hún kunngerir engan nema Guð, og hönd þína svo að hún riti ekkert nema orð Guðs, og þekkingu þína svo að hún skilji ekkert nema Guð, og hjarta þitt svo það eigi sér enga ósk aðra en Guð, og hreinsa á sama hátt allar gerðir Þínar og eftirsókn svo að þú megir lifa og dafna í paradís hreinnar ástar og komast í návist Hans sem Guð mun opinbera, prýddur hreinleika sem Hann elskar, og helga þig frá öllum sem snúa við Honum baki og veita Honum ekki stuðning. Þannig sýnir þú hreinleika sem kemur þér að gagni.

Vita skalt þú að sérhverju eyra sem hlýðir á orð Hans af sannri trú verður hlíft við eldinum. Þannig getur átrúandinn, sem ber kennsl á Hann, metið að verðleikum yfirskilvitlegan anda himneskra orða Hans, tekið Hann heilshugar fram yfir aðra og neitað að festa hugann við þá sem ekki trúa á Hann. Allt sem mannum hlotnast í lífi komanda er aðeins ávöxtur af þessari trú. Sannarlega verðskuldar hver sá paradís sem les orð Hans af sannri trú; og sá sem innst í vitund sinni ber orðum Hans vitni af sannri trú mun dvelja í paradís og komast í návist Guðs; og sá sem mælir orð Hans af vörum fram af sannri trú eignast athvarf í paradís þar sem hann fagnandi lofar og vegsamar dýrð Guðs, hins eilífa og ævarandi, sem aldrei gerir hlé á opinberunum dýrðar sinnar og aldrei lætur bregðast að endurlífga hjartað með anda heilagleika síns. Sérhverja hönd sem ritar niður orð Hans af sannri trú mun Guð fylla miklum gæðum þessa heims og hins næsta; og brjóst sérhvers átrúanda sem leggur orð Hans á minnið mun Guð fylla ást sinni; og sérhvert hjarta sem elskar

orð Hans og birtir innra með sér tákni sannrar trúar þegar nafn Hans er nefnt og er lifandi dæmi orðanna „hjörtu þeirra hrífast og fyllast lotningu þegar Guðs er minnst.“⁹⁰ Slíkt hjarta lítur Guð augum velþóknunar og færir því mikið lof á degi upprisunnar. *IX, 10.*

VÆRI VITNISBURÐUR allra sem á jörðu dvelja á annan veg en vitnisburður Hans sem Guð mun opinbera þegar Hann birtist mönnum, myndi vitnisburður Hans líkjast sólinni en vitnisburður þeirra væri eins og falsmynd í spegli sem ekki snýr að sólu. Annars hefði vitnisburður þeirra verið sönn endurspeglun á vitnisburði Hans.

Ég sver við ginnheilagt eðli Guðs að fáein orð af vörum Hans eru göfugri og upphafnari en orð allra á jörðu. Nei, Ég biðst fyrirgefningar á slíkum samanburði. Hvernig er hægt að bera saman endurskin sólar í spegli við undursamlega geisla sólarinnar á hinum sýnilega himni? Staða hins fyrrnefnda er eivera, en svo sannarlega sem Guð er réttlátur – heilagt og veggamað sé nafn Hans – er staða þess síðarnefnda veruleiki alls sem skapað er...

Konungur sem miklaði sig af valdi sínu og yfirráðum á degi opinberunar Hans líktist spegli sem ögrar sólinni og fullyrðir: „Ljósíð er í mér.“ Hið sama gildir um lærdómsmanninn sem á þeim degi kveðst vera málsvari þekkingar, og auðkýfinginn sem hampar allsnægtum sínum, og valdsmanninn sem miklast af valdi sínu, og tignarmennið sem heldur á lofti vegtyllum sínum. Nei, slíkir menn yrðu hafðir að háði og spotti meðal jafningja sinna, og hvernig myndi Hann, sem er sól sannleikans, dæma þá! *III, 12.*

EKKI er leyfilegt að leggja spurningar fyrir Hann sem Guð mun opinbera aðrar en þær sem Honum sæma. Því að staða Hans er af eðli guðlegrar opinberunar...Allar náðargjafir sem heimurinn lítur eru ímyndin ein af veglyndi Hans og tilvera allra hluta er Honum háð Bayáninn er frá upphafi til enda hirsla allra eiginda Hans og varðveitir bæði eld Hans og ljós. Vilji einhver spyrja skal hann gera það skriflega til þess skilningur hans megi aukast við skriflegt svar Hans og það þjónaði sem tákni frá Ástvini hans. Enginn spyrji þó neins sem er óverðugt upphafinni stöðu Hans. Væri til að mynda gimsteinasali spurður um verð á hálm, hve fráleit og fávísleg væri eigi slík spurning. Spurningar mestu virðingarmanna heims væru að sama skapi óboðlegar í návist Hans, að undanskildu því sem Hann segir um sjálfan sig á degi opinberunar sinnar.

Mér þykir sem Ég sjái fyrir Mér þá sem láta leiðast af fjarstæðukenndum hugmyndum sínum og senda Honum skriflegar spurningar um það sem er opinberað í Bayáninum og Hann svaraði þeim með orðum sem ekki eru af Honum sjálfum heldur af Guði: „Sannlega, sannlega er Ég Guð; enginn er Guð nema Ég. Ég hef kallað til lífs allt sem skapað er. Ég hef reist upp guðlega boðbera fyrir á tímum og sent þeim bækur af hæðum. Varist að tilbiðja nokkurn nema Guð, Drottinn Minn og Drottinn þinn. Þetta er sannleikurinn ótvíræður. En einu gildir það Mig; ef þér trúist á Mig hlotnast sálum yðar gæði, en ef þér trúist hvorki á Mig né það sem Guð hefur opinberað Mér, munuð þér hyljast Mér líkt og með blæju. Því að Ég hef komist af án yðar fram til þessa og Ég mun vissulega komast af án yðar héðan frá. Þess vegna sæmir yður, ó skepnur Guðs, að hjálpa sjálfum yður og trú á þau heilögu orð sem Ég hef opinberað...“ *III, 13.*

⁹⁰ Sbr. Kóraninn 8:2.

BAYÁNINN er óskekull mælikvarði Guðs fram að degi upprisunnar, sem er dagur Hans sem Guð mun opinbera. Hver sem hagar gerðum sínum samkvæmt opinberuðum orðum Hans fær vist í Paradís í forsælu staðfestingar Hans og telst til æðstu bókstafanna í návist Guðs, en þeir sem víkja af leið, þótt ekki sé meira en sem svarar einu byggkorni, verða vistaðir í eldinum og safnað saman í skugga afneitunar. Þessi sannleikur hefur einnig verið afhjúpaður í Kóraninum. Þar hefur Guð skráð víða að hver sem fellir dóm þvert á þau mörk sem Hann setur, verði talinn til hinna vantrúuðu....

Fáir hlíta boðum Kóransins nú á dögum. Nei, þá er hvergi að finna að undanskildum þeim sem eru þóknanlegir Guði. Væri slíkan mann að finna kæmu réttlátar gerðir hans honum að engu haldi fylgi hann ekki opinberuðum boðum Bayánsins, og hið sama gildir um guðrækni kristinna munka sem ekki koma þeim að gagni því að þegar postuli Guðs birtist — megi blessun Guðs hvíla yfir Honum — létu þeir sér nægja mælikvarða guðspjallsins.

Hefði guðlegur mælikvarði Kóransins verið haldinn í heiðri, hefðu mótdrægir dómar ekki verið kveðnir upp yfir Honum sem er meiður guðdómlegs sannleika. Opinberað var: „Nærfellt gæti himinninn klofnað og jörðin sundrast og björgin molnað í duft.“⁹¹ En hversu miklu harðari hljóta eigi hjörtu þeirra að hafa verið en þessi björg, því ekkert fékk snortið þau! Sannarlega er engin paradís dýrlegri í augum Guðs en að öðlast velþóknun Hans. *II, 6.*

HINUM eina sanna Guði má líkja við sólina og átrúandanum við spegil. Um leið og speglinum er snúið að sólu endurvarpar hann ljósi hennar. Hinum vantrúaða má líkja við stein. Hversu lengi sem sólin skín á hann fær hann ekki endurspeglað ljós hennar. Þannig leggur hinn fyrri líf sitt í sölurnar en hinn síðari vinnur gegn Guði í verkum sínum.

Vissulega getur Guð breytt steini í spegil ef Honum þóknast, en maðurinn gerir sér ástand sitt að góðu. Óskaði hann þess að verða kristall, hefði Guð látið hann taka á sig form kristalsins. Því að á þeim degi mun allt sem fær átrúandann til að trúa á Hann einnig standa hinum vantrúaða til boða. En þegar hinn síðarnefndi lætur sér lynda að hyljast blæjum, byrgja þær honum sýn líkt og blæja. Eins og í ljós hefur komið á þessum degi, hafa þeir sem beina ásýnd sinni að Guði, hinum sanna, trúað á Hann vegna Bayánsins en þeim sem hyljast blæjum er byrgð sýn á Honum. *VI, 4.*

ÉG SVER við ginnheilagt eðli Guðs — upphafinn og vegsamaður sé Hann — að á degi birtingar Hans sem Guð mun opinbera, getur þúsundfaldur lestur Bayánsins ekki jafnast á við lestur eins af heilögum orðum Hans sem Guð mun opinbera.

Hugleiðið um stund og gætið að því að allt sem finna má í íslam á sér upphaf í bók Guðs⁹². Íhugið einnig dag Hans sem Guð mun opinbera, Hans sem hefur í greip sinni uppsprettu sannanna og vitnisburðar, og útilokið yður ekki frá Honum með ranghugmyndum, því að Hann er ómælanlega upphafinn yfir slíkan vitnisburð enda á sérhver sönnun sér upptök í bók Guðs. Hún er æðsti vitnisburðurinn og öllum mönnum er um megn að skapa nokkuð sem kemst í líkingu við hana. Þótt aragrúi lærdómsmanna sem eru vel að sér í rökfræði,

⁹¹ Kóraninn 19:92.

⁹² Hér er vísað til Kóransins.

málfræði, lögspeki, réttarheimspeki og öðru þess háttar, snúi baki við bók Guðs, yrðu þeir taldir til hinna vantrúuðu þrátt fyrir lærdóm sinn.

Þannig hvílir ávöxturinn í æðsta vitnisburðinum sjálfum og verður ekki leiddur af honum. Og vita skalt þú með vissu að sérhver bókstafur sem opinberaður er í Bayáninum hefur þann tilgang einan að vekja menn til auðmýktar og undirgefni við Hann sem Guð mun opinbera, því að það er Hann sem opinberaði Bayáninn á undan sinni eigin opinberun. *V, 8.*

Í ÞESSARI opinberun hefur Drottni alheimsins þóknast að flytja Frumvilja Bayánsins⁹³ máttug orð sín og skínandi tákni, og Hann mælir svo fyrir að þau verði óviðjafnanlegur vitnisburður Hans öllu sem skapað er. Þótt allir á jörðu tækju sig saman myndu þeir ekki geta ritað eitt heilagt orð sem kæmist í samjöfnuð við það sem Guð hefur látið streyma af vörum Frumvilja Bayánsins. Ef nokkur lifandi myndi staldra við og hugleiða, myndi hún án nokkurs vafa gera sér grein fyrir að þessi heilögu orð eru ekki mannaverk og þau verða eingöngu eignuð Guði, hinum óviðjafnanlega, sem lætur þau streyma af vörum hvers sem Honum þóknast. Hann mun hvorki nú né síðar opinbera þau nema með fulltingi miðdepils Frumvilja Guðs. Hann er sá sem að ráði sínu reisir upp guðlega boðbera og sendir himneskar bækur af hæðum. Hefði mönnum verið kleift að vinna slíkt verk, myndi einhver þeirra án efa hafa ritað að minnsta kosti eina helgigrein á þeim tólf hundruð og sjötíu árum sem liðin eru frá opinberun Kóransins fram að opinberun Bayánsins. En öllum reyndist það um megn og mistókst það með öllu, þótt þeir í heiftarhug hafi reynt að slökkva eldinn í orði Guðs. *II, 1.*

ÞÚ SÉRÐ allan þann fjölda fólks sem fer í pílgrímsferð til Mekka á hverju ári og hringsólar um húsið helga, en Hann sem með orði sínu gerði Kaaba að helgistað bæna og tilbeiðslu er einn og yfirgefinn á þessu fjalli. Hann er enginn annar en sjálfur postuli Guðs því að opinberun Guðs má líkja við sólina. Hversu oft sem hún rís er hún alltaf ein og sama sólin og öll sköpunin á líf sitt undir henni. Augljóst er að tilgangur allra undanfarinna trúarkerfa var að ryðja braut komu Múhameðs, postula Guðs. En tilgangur þessara trúarkerfa, þar á meðal trúar Múhameðs, er opinberun Qá'ims⁹⁴. Tilgangurinn að baki þessari opinberun, og þeim sem á undan komu, er einnig sá að boða komu trúar Hans sem Guð mun opinbera. Og þessi trú – trú Hans sem Guð mun opinbera – hefur ásamt öllum fyrri opinberunum að markmiði þá opinberun sem tekur við af henni. Og hún, ekki síður en allar fyrri opinberanir, ryður braut þeirri opinberun sem síðar kemur. Sól sannleikans heldur því áfram að rísa og ganga til viðar um alla framtíð – þetta ferli á sér ekkert upphaf og tekur engan endi.

Heill þeim sem í sérhverju trúarkerfi ber kennsl á markmið Guðs með þeirri trú og er ekki sviptur sýn á hinu liðna. *IV, 12.*

EFNI þessa kafla er dagur upprisunnar sem er dagurinn þegar meiður guðlegs veruleika birtist mönnum. Ekki verður séð að neinn af fylgjendum shíah íslam hafi skilið merkinguna með degi upprisunnar; þeir hafa öllu fremur ímyndað sér eitthvað sem á sér enga stoð í

⁹³ Bábínun

⁹⁴ Bábínsins

augum Guðs. Að mati Guðs og samkvæmt málvenju þeirra sem eru innvígðir í guðlega leyndardóma hefst dagur upprisunnar með opinberun Hans sem er meiður guðdómlegs veruleika, hvenær sem sú opinberun kemur og hvaða nafni sem hún nefnist, og henni lýkur þegar Hann hverfur sjónum manna.

Til að mynda hófst upprisa Móse þegar ætlunarverk Jesú hófst – friður hvíli yfir Honum – og henni lauk með uppstigningu Hans. Því að á þeim tíma skein opinberun Guðs með atbeina guðdómlegs veruleika Jesú, sem endurgalt með orði sínu öllum sem trúðu á Móse og refsaði með orði sínu öllum sem ekki trúðu á Hann; því að vitnisburður Guðs á þeim degi var upphafið orð Jesú í guðspjöllunum. Og frá upphafi opinberunar postula Guðs – blessun Guðs hvíli yfir Honum – þar til Hann steig upp til himna var upprisudagur Jesú – friður hvíli yfir Honum – og þá birtist meiður guðlegs veruleika í persónu Múhameðs sem umbunaði með orði sínu öllum sem trúðu á Jesúm og refsaði með orði sínu öllum sem ekki trúðu á Hann. Og frá sömu stund og meiður Bayánsins birtist og þar til Hann hverfur er upprisa postula Guðs⁹⁵, eins og Hann segir fyrir í Kóraninum. Sú opinberun hófst tveimur klukkustundum og ellefu mínútum að kvöldi hins fimmta í Jamádíyu'l-Avval⁹⁶, 1260 e.H., en þá voru 1270 ár liðin frá upphafi boðunar og ætlunarverks Múhameðs. Þá hófst upprisudagur Kóransins sem mun standa þangað til meiður guðdómlegs veruleika hverfur sjónum manna. Allt fullkomnast við upprisu Hans. Íslam fullkomnaðist í upphafi þessarar opinberunar og frá komu þeirrar trúar og þar til hún gengur til viðar munu ávextirnir af meiði íslam koma í ljós, hverjir sem þeir eru. Upprisa Bayánsins á sér stað þegar Hann birtist, sem Guð mun opinbera. Því að í dag er Bayáninn á stigi frækorns; í upphafi birtingar Hans sem Guð mun opinbera kemur endanleg fullkomnun þess í ljós. Hann opinberast til að uppskera ávextina af trjánnum sem Hann hefur gróðursett; líkt og opinberun Qá'ims [Bábsins], afkomanda Múhameðs – megi blessun Guðs hvíla yfir Honum – er nákvæmlega hin sama og opinberun sjálfs postula Guðs [Múhameðs]. Hann birtist ekki nema í þeim tilgangi að uppskera ávexti íslams úr orðum Kóransins sem Hann [Múhameð] sáði í hjörtu manna. Ávextir íslams verða ekki uppskornir nema með hollustu við Hann [Qá'im] og með trú á Hann. En á þessari stundu hafa áhrifin aðeins verið mótdræg því að þótt Hann hafi birst mitt í hjarta íslams og allir menn játi íslam sökum tengsla sinna við Hann [Qá'im], hafa þeir samt ranglega fangelsað Hann á fjallinu Máh-Kú, þótt Guð hafi í Kóraninum boðað öllum komu upprisudagsins. Því að á þeim degi verða allir leiddir fram fyrir Guð og koma í návist Hans, sem þýðir að þeir koma fyrir auglit Hans sem er meiður guðdómlegs veruleika og ná fundi Hans; því að ekki er með neinu móti hægt að stíga fram fyrir innstu verund Guðs né leita endurfunda við Hann. Eini möguleikinn til að koma fram fyrir Guð og ná fundi Hans er að koma í návist Frumtrésins.⁹⁷ II, 7.

SÖNNUN sem Guð leggur fram verður aldrei borin saman við sannanir þjóða eða ættkvísla jarðar; og hafið er yfir allan vafa að Guð leggur fram enga sönnun aðra en Hann sem er æðsti vitnisburður Hans. Auk þess sýnir endanleg sönnun opinberaðra orða Hans fram á fullkominn vanmátt alls sem skapað er á jörðu, því að sú sönnun kemur frá Guði og varir allt til upprisudagsins.

⁹⁵ Múhameðs

⁹⁶ Þann 22. maí 1844.

⁹⁷ Bábsins

Og ef einhver íhugaði birtingu þessa Trés, myndi sá hinn sami án efa bera háleitum málstað Guðs vitni. Þegar sá sem aðeins er tuttugu og fjögurra ár gamall og gersneyddur þekkingu á þeim greinum vísinda sem allir hafa numið, fer á þessari stundu með heilög orð að þeirra hætti án hiks eða umhugsunar og ritar þúsund helgigreinar á fimm klukkustundum án þess að penninn stöðvist, og birtir skýringar og lærð rit um jafn háleit málefni og sannan skilning á Guði og einingu verundar Hans, sem fræðimenn og heimspekingar játa að sé ofvaxinn þeirra skilningi, þá leikur enginn vafi á því að öll þessi opinberuðu orð eru innblásin af Guði. Hvílíkum erfiðleikum veldur það ekki þessum klerkum að skrifa eina setningu á arabísku þótt þeir hafi stundað námið af kappi alla ævi! Þrátt fyrir allt þeirra kapp standa aðeins eftir orð sem ekki eru þess virði að á þau sé minnst. Allt eru þetta sannanir fyrir fólkið en að öðru leyti er trú Guðs of voldug og dýrleg til þess að nokkur geti skilið hana með skírskotun til einhvers annars en hennar sjálfar; því að hún veitir skilning á öllu öðru. *II, 1.*

LOF sé Guði fyrir að gera okkur kleift að þekkja Hann sem Guð mun opinbera á degi upprisunnar svo að við fáum notið góðs af ávöxtunum af tilveru okkar og förum ekki varhluta af návist Guðs. Því þetta er vissulega tilgangurinn með sköpun okkar og eina markmið allra góðra og göfugra verka. Slík er hyllin sem Guð sýnir okkur; sannarlega er Hann hinn algjöfuli, hinn miskunnsami. Þú skalt vita að þetta er á þínu færi ef þú trúir og efast ekki. En þú getur ekki náð stöðu efunarlausrar trúar sökum þess að blæjur eigingjarnra hvata byrgja þér sýn og þess vegna dvelur þú áfram í eldinum, þótt þú vitir það ekki. Daginn sem Hann opinberast getur ekkert forðað þér frá eldinum jafnvel þótt þú vinnir öll réttlát verk, nema þú trúir á Hann í sannleika. Ef þú játast sannleikanum verður allt sem þér er gott og sæmandi skráð í bók Guðs, og í krafti þess munt þú gleðjast og fagna í alhæstu paradís fram að næstu upprisu.

Gæt vel að þessu því að vegurinn er afar þröngur, þótt hann sé breiðari en himinn og jörð og allt sem þar er á milli. Ef til að mynda allir sem væntu uppfyllingar á fyrirheiti Jesú hefðu fengið vissu um opinberun Múhameðs, postula Guðs, hefði enginn vikið frá orðum Jesú. Þannig er því einnig varið með opinberun frumvilja Bayánsins; væru allir þess fullvissir að Hann sé hinn fyrirheitni Mihdí [sá sem fær leiðsögn] sem postuli Guðs sagði fyrir um, hefði enginn sem trúir á Kóraninn snúið baki við orðum postula Guðs. Og hið sama gildir um birtingu Hans sem Guð mun opinbera; væru allir þess fullvissir að Hann sé sá hinn sami og frumvilji Bayánsins spáði að Guð myndi opinbera, myndi enginn hverfa frá. *IX, 3.*

Í NAFNI Guðs, hins upphafnasta og allra heilagasta. Allt lof og dýrð sé heilögum og dýrlegum forgarði Drottins alvalda, sem frá eilífð hefur hjúpast og til eilífðar mun hjúpast leyndardómi guðdómlegs eðlis síns; Honum sem frá ómunatíð hefur dvalið og mun um allar aldir dvelja í yfirskilvitlegri eilífð sinni, hafinn yfir skilning og þekkingu allra skapaðra verunda. Táknið um óviðjafnanlega opinberun Hans, sem Hann hefur mótað og greypt í veruleika allra skapaðra verunda, er ekki annað en vangeta þeirra til þess að öðlast þekkingu á Honum. Ljósið sem Hann hefur varpað á allt sem skapað er, er ekki annað en dýrð Hans eigin sjálfs. Sjálfur hefur Hann um allar aldir verið ómælanlega hátt hafinn yfir hvers kyns tengsl við skepnur sínar. Hann hefur mótað allt sköpunarverkið með þeim hætti að allar verundir geta í krafti meðfæddra eiginleika sinna borið því vitni frammi fyrir Guði á degi upprisunnar

að enginn jafnast á við Hann og að Hann er helgaður frá hvers kyns líkingu, samjöfnuði eða samanburði. Hann hefur verið, og mun ætíð vera, einn og óviðjafnanlegur í yfirskilvitlegri dýrð guðdómlegrar verundar sinnar, og Hann hefur ávallt verið ólýsanlega máttugur í tign og ljóma drottinvalds síns og yfirráða. Engum hefur nokkru sinni tekist að bera sönn kennsl á Hann og engum manni mun nokkru sinni takast að skilja veruleika Hans, því að sérhver veruleiki sem fellur undir hugtakið „verund“ er skapaður fyrir allsráðandi vilja Hins almáttuga, sem stafar á hann skínandi ljósi síns eigin sjálfs í tignustu stöðu sinni. Hann hefur einnig greypt tákni þekkingar sinnar í veruleika alls sem skapað er til þess að allir megi vita með vissu að Hann er upphafið og endirinn, hinn augljósi og hinn duldi, skaparinn og gjafarinn, hinn alvaldi og alvísi, sá sem heyrir og skynjar allt sem er, sá sem er ósigrandi í mætti sínum og æðstur í eigindum sínum, sá sem gefur líf og tekur það, hinn almáttki, hinn ótilkvæmilegi, hinn upphafnasti, hinn hæsti. Sérhver opinberun guðdómlegs eðlis Hans gefur til kynna háleita dýrð Hans, upphafinn heilagleika og ótilkvæmilegar hæðir einingar Hans, upphafningu tignar Hans og máttar. Upphaf Hans á sér ekkert upphaf annað en Hans eigið upphaf og endir Hans á sér engan endi annan en Hans eigin endi. *I, 1.*

OPINBERUN hins guðdómlega veruleika hefur að eilífu farið saman við leynd Hans og leynd Hans saman við opinberun Hans. Það sem átt er við með „opinberun Guðs“ er meiður guðlegs sannleika sem vísar til einskis annars en Hans, og það er þessi guðlegi meiður sem reist hefur upp boðbera, og mun áfram reisa þá upp, og opinberað hefur og ávallt mun opinbera hin heilögu rit. Frá eilífð til eilífðar hefur þessi meiður guðlegs sannleika þjónað, og mun ætíð þjóna, sem háseti opinberunar og leyndar Guðs meðal skepna Hans, og Guð birtir hann á hverri öld hverjum sem Honum þóknast. Þegar Kóraninn var opinberaður staðfesti Hann yfirskilvitlegan mátt sinn með komu Múhameds, og í opinberun Bayánsins sýndi Hann drottinvald sitt með því að birta frumvilja Bayánsins. Og þegar Hann birtist sem Guð mun opinbera, færir Hann með fulltingi Guðs sönnur á trú sína eins og Honum þóknast með hverju sem Honum þóknast og tilstuðlan hvers sem Honum þóknast. Hann er með öllu sem skapað er, en þó er ekkert með Honum. Hann er ekki í hlutunum eða yfir þeim eða þeim til hliðar. Sérhver vísun til þess að Hann hafi sest í háseti sitt felur í sér að málsvari opinberunar Hans hafi fengið staðfestu í háseti yfirskilvitlegs valds og yfirráða....

Hann hefur verið frá eilífu og mun vera um alla eilífð. Hann hefur verið og mun ætíð vera órannsakanlegur öllum mönnum, því að allt annað en Hann hefur verið, og verður ætíð, skapað í krafti boða Hans. Hann er hafinn yfir öll orð og alla vegsömun, helgaður frá allri lofgerð og samanburði. Ekkert sem skapað er fær skilið Hann en Hann skilur í sannleika allt sem skapað er. Jafnvel þegar sagt er „ekkert sem skapað er fær skilið Hann,“ vísar það til spegils opinberunar Hans, sem er Hann sem Guð mun opinbera. Sannarlega er Hann of háleitur og upphafinn til þess að nokkur geti gefið um Hann minnstu vísbendingu. *II, 8.*



ÚTDRÆTTIR ÚR DALÁ'IL-I-SAB'IH
(*Sjö sannanir*)

ÞÚ hefur spurt um undirstöðuatriði trúarbragðanna og fyrirmæli þeirra. Vita skalt þú að þekkingin á Guði hefur fremstan sess í trúarbrögðunum. Hún nær fyllingu sinni í viðurkenningu á guðdómlegri einingu Hans, sem að sínu leyti nær fyllingu í þeirri staðhæfingu, að heilagur og upphafinn gríðastaður Hans, veldisstóll yfirskilvitlegrar hátignar Hans, er helgaður frá öllum eigindum. Og vita skalt þú að í þessum tilvistarheimi verður aldrei hægt að öðlast þekkingu á Guði nema með þekkingu á Honum sem er dagsbrún guðdómlegs veruleika.

MISKUNNSAMI Guð! Í íslam eru um þessar mundir sjö voldugir einvaldar sem stjórna heiminum. Enginn þeirra hefur verið upplýstur um opinberun Hans [Bábsins] og hafi hann verið upplýstur hefur enginn trúað á Hann. Hver veit nema þeir yfirgefi þennan lægri heim fullir ástríðna og án þess að skilja að það sem þeir væntu er fram komið. Þetta var hlutskipti konunganna sem héldu fast við guðspjallið. Þeir biðu komu spámanns Guðs [Múhameð] en þegar Hann kom, þekktu þeir Hann ekki. Sjá, hversu miklum fjármunum þessir einvaldar verja án þess að leiða hugann hið minnsta að skipun embættismanns, sem fengi það hlutverk að kynna þeim opinberanda Guðs í þeirra eigin ríki! Þá hefðu þeir uppfyllt tilganginn með lífi sínu og sköpun. Óskir þeirra og þrár hafa snúist, og snúast enn, um það eitt að skilja eftir sig einhvern vott af nöfnum sínum.

LEIÐ einnig hugann að trúarkerfi postula Guðs, sem stóð í tólf hundruð og sjötíu ár, allt fram til þess að bjarmaði af degi Bayánsins. Hann bauð öllum að bíða komu hins fyrirheitna Qá'ims⁹⁸. Öll verkin sem í trúarkerfi íslam hófust með Múhameð áttu að ná fyllingu sinni með birtingu Qá'ims. Guð opinberaði Hann og fékk Honum sömu sannanir sem postula Guðs voru fengnar til þess að enginn sem trúði á Kóraninum gæti efast um gildi málstaðar Hans; því að í Kóraninum segir að það sé aðeins á valdi Guðs að opinbera heilög orð. Á 1270 árum hefur enginn meðal fylgjenda Kóransins nokkru sinni orðið vitni að því að fram kæmi persóna með óyggjandi sannanir. Nú hefur ævarandi Drottinn opinberað hinn fyrirheitna og langþráða Qaím og veitt Honum ædsta vitnisburð frá stað, sem enginn gat gert sér í hugarlund og frá persónu sem ekki þótti búa yfir neinni þekkingu. Hann er aðeins tuttugu og fimm ára gamall, en þó er dýrð Hans slík að enginn lærdómsmaður í íslam kemst þar í samjöfnuð; því að dýrð mannsins felst í þekkingu hans. Leið hugann að hinum skriflærðu sem njóta heiðurs í krafti þess skilnings sem þeir hafa á helgiritunum, og sem Guð hefur upphafið að því marki að Hann vísar til þeirra með þessum orðum: „Enginn veit merkingu þess nema Guð og þeir

⁹⁸ Samkvæmt tólfunga-kenningu shía múslíma er Qaím (eða Mahdí) hinn fyrirheitni endurlausnari múslíma, sem koma mun aftur ásamt Jesú Kristi til að koma á réttlæti og friði á allri jörðinni. Bábinns lýsir því yfir að Hann sé hinn fyrirheitni Qaím og Bahá'u'lláh („Hann sem Guð mun opinbera“) sé „andi sannleikans“ sem leiða mun mennina í allan sannleika. Sbr. Jóh. 16:13.

sem gæddir eru góðri þekkingu.“⁹⁹ Hvílíkri furðu sætir þá ekki að þessi tuttugu og fimm ára gamli óskólagengni Maður hafi verið útvalinn til að opinbera heilög orð Hans með svo undraverðum hætti. Hafi múslímskir klerkar ástæðu til að vera stoltir af skilningi sínum á helgiritunum, felst dýrð Hans í opinberun helgiritna til þess að enginn þeirra geti hikað við að játa trú á orð Hans. Slíkur er sá himneski máttur og vald sem Guð hefur veitt Honum, að ef Hann vildi og ekkert hlé yrði á máli Hans, gæti Hann á fimm dögum og nóttum opinberað jafngildi Kóransins sem sendur var af hæðum ofan á tuttugu og þremur árum. Leið hugann að þessu og ígrunda vel. Hefur nokkur sem Honum líkist birst fyrir á tímum eða er þessi hæfni einskorðuð við Hann?

LEIÐ þér í huga margvíslegar náðargjafir Hins fyrirheitna og útstreymi mikillar miskunnar Hans til allra fylgjenda íslams svo að þeim verði kleift að öðlast hjálpræði. Gæt að því hvernig Hann sem er fulltrúi upphafs sköpunarinnar og málsvari orðanna helgu: „Ég er í sannleika Guð,“ staðfestir að Hann sé Hliðið [Bábinn] að komu hins fyrirheitna Qá'ims, afkomanda Múhameðs, og mælir svo fyrir í fyrstu bók sinni að fara skuli að lögum Kóransins til þess að fólkið komist ekki í uppnám vegna nýrrar bókar og nýrrar opinberunar en megi líta svo á að trú Hans sé af sama toga spunnin og þeirra eigin trú og muni af þeim sökum hvorki snúa baki við sannleikanum né virða að vettugi tilganginn með sköpun sinni.

LÁT Mig leggja fram nokkur skynsamleg rök. Kysi einhver að játast íslam á þessum degi, myndi vitnisburður Guðs geta sannfært hann? Teljir þú að svo sé ekki, hvernig ber þá við að Guð refsar honum eftir dauðann og hann dæmist sem „vantrúarmaður“ meðan hann lifir? Ef þú staðfestir að vitnisburðurinn sé óyggjandi, hvernig vilt þú sanna það? Ef fullyrðing þín byggist á sögusögnum nægja ekki orðin tóm sem vitnisburður, en lítir þú á Kóraninn sem vitnisburð væri það augljós og áhrifamikil sönnun.

Íhuga nú opinberun Bayánsins. Hefðu fylgjendur Kóransins krafist svipaðra sannana á sinni eigin trú og þeir krefja þá um sem ekki trúa á íslam, hefði ekki ein einasta sál farið varhluta af sannleikanum og á degi upprisunnar hefðu allir öðlast hjálpræði.

Ef kristinn maður segði: „Hvernig get ég litið á Kóraninn sem vitnisburð þegar ég skil hann ekki?“ kæmi sú mótbára að litlu haldi. Á sama hátt segja fylgjendur Kóransins með fyrirlitningu: „Við skiljum ekki háfleyg orð Bayánsins og hvernig getum við þá litið á hann sem vitnisburð?“ Við þá sem mæla slík orð skalt þú segja: „Ó þú sem ekkert hefur lært! Hver var sönnun þín þegar þú játaðist íslam? Var það spámaðurinn sem þú aldrei leist augum? Eru það kraftaverkin sem þú aldrei varst vitni að? Hafir þú játast íslam óafvitandi, hví gerðir þú það? En hafir þú játast trúnni með því að viðurkenna sannleik Kóransins vegna þess að þú heyrðir hina lærðu og trúföstu játa vanmátt sinn frammi fyrir honum, eða vegna þess að þegar þú hlýddir á guðdómleg orð hans og brást við þeim af sjálfsprottinni ást á sönnu orði Guðs og í anda fullkominnar auðmýktar og undirgefni – anda sem er eitt skýrasta tákn sannrar ástar og skilnings – þá hafa slíkar sannanir ávallt verið taldar traustar og svo mun ætíð vera.“

⁹⁹ Sbr. Kóraninn 3:5.

VIÐURKENNING á Honum sem er farvegur guðlegs sannleika er ekki annað en viðurkenning á Guði, og ást á Honum er ekki annað en ást á Guði. Þó sver Ég við æðsta eðli Guðs — upphafinn og vegsamaður sé Hann — að Ég vildi ekki að mennirnir þekktu Mig og bauð að nafni Mínu skyldi leyna því að Mér var fullkunnugt um vanhæfni þessara manna, sem eru engir aðrir en þeir sem vísuðu til sjálfs postula Guðs – hins óviðjafnanlega og eilífa – með þessum orðum: „Hann er vissulega sturlaður.“ (Sbr. Kóraninn 68:51.) Segist þeir nú vera aðrir en þessir menn, bera verkin vitni um óheilindi orða þeirra. Því sem Guð ber vitni er ekki annað en æðsti vitnisburður Hans. Beri allar þjóðir heims einhverju vitni og Hann ber vitni um annað, verður vitnisburður Hans talinn vitnisburður Guðs því að allt annað en Hann er tilvistarleysi og verður það ævinlega, og það er fyrir mátt Hans sem allt fær líf og tilveru.

Leið hugann að fylgispekt fólksins við trúarleg málefni. Í málum sem varða það sjálft settir það sig við vitnisburð tveggja réttláttra vitna en hika þó við að trúa á Hann, sem flytur þeim guðleg sannindi þrátt fyrir vitnisburð svo fjölmargra réttláttra manna.

ÞEIM vitnisburði og sönnunum sem fólkið í hugarórum sínum krafði postula Guðs um er að mestu hafnað í Kóraninum, samanber opinberuð orð Hans í súru Barna Ísraels [17. súra]: „Og þeir segja: Með engu móti getum við trúað á Þig nema Þú látir lind spretta úr jörðu fyrir okkur, eða skapar aldingarð með vínviði og pálmatrjám og látir fljót streyma þar fram nógsamlega, eða látir himininn hrynja yfir okkur eins og Þú hótadir, eða látir Guð og engla Hans birtast mitt á meðal okkar, eða smíðar hús af gulli eða stígur upp til himins; og ekki munum við trúa á uppstigningu Þína fyrir en Þú sendir niður til okkar bók sem við getum lesið. Seg: Lofaður sé Drottinn minn! Er ég meira en maður, postuli?“

Ver nú sanngjarn! Arabarnir mæltu þessi orð og nú heimtar þú enn annað að geðþótta þínum? Hver er munurinn á þér og þeim? Ef þú gaumgæfir um stund verður þér ljóst að það er skylda hins lágt setta þjóns að fallast á hverja þá sönnun sem Guð setur fram og hafna sínum eigin fánýtu hugarórum. Væru óskir fólksins uppfylltar yrði enginn vantrúarmaður eftir á jörðinni. Því að jafnskjótt og postuli Guðs uppfyllti óskir fólksins myndi það hiklaust jástast trú Hans. Megi Guð hjálpa þér ef þú leitar einhverra sannana sem uppfylla eigingjarnar óskir Þínar; þér sæmir öllu fremur að staðfesta þá óskeikulu sönnun sem Guð leggur fram. Tilgangurinn með trú þinni á Guð er sá einn að tryggja þér velþóknun Hans. Hvernig getur þú þá leitað sönnunar á trú þinni í hlutum sem stríða gegn velþóknun Hans og munu ávallt gera það?

LEYS þig úr öllum fjötrum nema þeim sem binda þig Guði, auðga þig í Guði með því að hafna öllu nema Honum og far með þessa bæn:

Seg: Guð nægir öllu framar öllu og ekkert á himnum né jörðu né þar á milli nægir nema Guð, Drottinn Þinn. Vissulega er Hann í sjálfum sér sá sem þekkir, framfærandinn, hinn alvaldi.

Skoða ekki alltnægjandi afl Guðs sem fánýta blekkingu. Það er sú ósvikna trú sem þú hefur á opinberanda Guðs í sérhverju trúarkerfi. Það er sú trú sem nægir framur öllu sem er á jörðu, þar sem aftur á móti ekkert sem skapað er á jörðinni getur nægt þér nema trúin. Værir þú ekki átrúandi, myndi Meiður himnesks sannleika dæma þig til útslokkunar. Ef þú ert átrúandi, mun trú þín nægja þér framur öllu sem er á jörðu, jafnvel þótt þú eigir ekkert.

SKRÁÐ stendur í arfsögn að af allri hersingu kristinna manna hafi eigi fleiri en sjötíu tekið trú postula Guðs. Sökin fellur á fræðimenn þeirra því hefðu þeir trúað hefði allur þorri samlanda þeirra hafa fylgt þeim. Skoða það sem gerst hefur! Lærdómsmenn kristnidómsins eru taldir lærðir í krafti varðstöðu sinnar um kenningu Krists, hugleið þó hvernig þeir samt sem áður urðu þess valdandi að mennirnir létu undir höfuð leggjast að viðurkenna trúna og öðlast hjálpræði! Óskar þú þess enn að feta í fótspor þeirra? Fylgjendur Jesú beygðu sig fyrir klerkum sínum til þess að frelsast á degi upprisunnar og afleiðingin af þeirri fylgispekt varð sú að þeir gengu að lokum í eldinn; og daginn sem postuli Guðs birtist neituðu þeir að viðurkenna upphafna persónu Hans. Vilt þú fylgja slíkum guðsmönnum?

Nei, svo sannarlega sem Guð lifir, ver hvorki guðsmaður án skilnings né fylgjandi án skilnings því hvorir tveggja munu tortímast á degi upprisunnar. Fremur sæmir þér að vera skilningsríkur guðsmaður og ganga á vegum Guðs búinn innsæi með því að hlýða sönnunum leiðtoga trúarinnar.

Með sérhverri þjóð sérð þú mikinn fjölda andlega leiðtoga sem skortir sannan skilning og meðal allra lýða mætir þú fjölda áhangenda sem sneyddir eru sama skilningi. Ígrunda um stund í hjarta þínu og sjá aumur á sjálfum þér og bein eigi athygli þinni frá sönnunum og vitnisburði. En leita ekki sannana og vitnisburðar samkvæmt þínum eigin ímyndunum; reis þess í stað sannanir þínar á því sem Guð hefur áformað. Auk þess mátt þú vita að hvorki það að vera lærdómsmaður né að vera fylgjandi er í sjálfu sér uppspretta sæmdar. Ef þú ert lærdómsmaður verður þekking þín sæmd, og ef þú ert fylgjandi verður hlýðni þín við forystu sæmd svo fremi það sé samhljóða velþóknun Guðs. Og varast að líta á velþóknun Guðs sem fánýta blekkingu; hún jafngildir velþóknun boðbera Hans. Huga að fylgjendum Jesú. Þeir leituðu ákaft velþóknunar Guðs, samt öðlaðist enginn þeirra velþóknun postula Hans sem jafngildir velþóknun Guðs, nema þeir sem tóku trú hans.

BRÉF þitt var lesið. Væri sýnt fram á allan sannleika þessarar opinberunar með ítarlegum gögnum myndu hvorki himinn né jörð rúma þær bækur sem þá yrðu ritaðar.

Efni og eðli viðfangsefnisins er þó þetta: Enginn vafi getur leikið á því að frá eilífu hefur Guð haft á hendi full og óháð yfirráð upphafinnar verundar sinnar, og Hann verður um alla eilífð ótilkvæmilegur í yfirskilvitlegri hátign síns heilaga eðlis. Engin sköpuð vera hefur nokkru sinni þekkt Hann eins og Honum sæmir né hefur nokkur sköpuð verund nokkru sinni vegsamað Hann eins og verðugt er vegsemd Hans. Hann er hafinn yfir öll nöfn og helgaður frá öllum samanburði. Með fulltingi Hans fæst þekking á öllu sem skapað er en veruleiki Hans er of upphafinn til þess að nokkur annar en Hann geti þekkt hann eða skilið.

Sköpunarferli Hans á sér ekkert upphaf og getur ekki átt sér neinn endi, annars yrði af nauðsyn lát á himneskri miskunn Hans. Guð hefur reist upp spámenn og opinberað bækur jafn fjölmargar og allar skapaðar verur heimsins og því mun Hann halda áfram um alla eilífð.

Ef þú siglir á útsævi nafna Guðs sem endurspeglast í öllu sem skapað er, vit með vissu að Hann er upphafinn og helgaður frá þekkingu þeirra sem Hann skapar og lýsingum þjóna sinna. Allt sem þú sérð var skapað fyrir vilja Hans. Hvernig getur þá nokkur sköpuð vera gefið vísbendingu um eðlislæga einingu Hans? Tilvist Guðs vitnar í sjálfu sér um einingu Hans en allt sem skapað er ber þess vitni innst í eðli sínu að það er mótað af Guði. Þetta er sönnun fullkominnar visku að mati þeirra sem sigla á útsævi guðlegs sannleika.

En siglir þú á útsævi sköpunarinnar, skalt þú vita að hinu fyrsta Ákalli, sem er frumvilji Guðs, má líkja við sólina. Guð skapaði Frumviljann með fulltingi máttar síns, og Hann hefur frá því upphafi sem á sér ekkert upphaf, opinberað þennan vilja í sérhverju trúarkerfi með knýjandi afli boða sinna, og Guð mun allt til þess endis sem á sér engan endi, halda áfram að opinbera Hann samkvæmt velþóknun ósigrandi áforms síns.

Og vita skalt þú með vissu að sólin er líking Hans. Héldi sólin áfram að rísa allt til þeirra endaloka sem eiga sér engan endi, er hún og verður ævinlega ein og sama sólin; og haldi hún áfram að hníga til viðar að eilífu er hún og verður ævinlega ein og sama sólin. Það er þessi Frumvilji sem birtist skínandi í sérhverjum spámanni og talar í sérhverri opinberaðri bók. Hann þekkir ekkert upphaf því að hið fyrsta á sér upphaf í Honum, og Hann þekkir engan endi því hið síðasta á sér endi í Honum.

Á tímum fyrsta opinberandans birtist frumviljinn í Adam; á dögum Nóa birtist hann í Nóa, á dögum Abrahams í Honum sjálfum; og svo framvegis á dögum Móse, dögum Jesú, dögum Múhameðs postula Guðs, dögum frumvilja Bayánsins, dögum Hans sem Guð mun opinbera og á dögum Hans sem kemur á eftir Honum sem Guð mun opinbera. Þetta er innri merking orða postula Guðs þegar Hann sagði: „Ég er allir spámennirnir“, því að sólin sem skín geislandi í sérhverjum þeirra hefur verið og verður ætíð ein og sama sólin.



ÚTDRÆTTIR ÚR KITÁB-I-ASMÁ'
(*Bók nafnanna*)

Ó ÞÉR sem fengið hafa Bayáninn! Fordæmið ekki hver annan áður en sól aldinnar eilífðar skín yfir sjónarhring tignar Hans. Vér höfum skapað yður af einu tré og gert yður að laufum og ávöxtum þess sama trés svo að þér getið orðið hver öðrum uppspretta hughreystingar. Lítið á aðra eins og yður sjálfa svo að engin andúð megi ríkja yðar á milli og útiloki yður frá Honum, sem Guð mun opinbera á degi upprisunnar. Það sæmir yður öllum að vera ein og óskipt heild; þannig ættuð þér að hverfa aftur til Hans sem Guð mun opinbera.

Þeir sem með gerðum sínum sviptu sig þessari upprisu með gagnkvæmu hatri eða með því að telja sig hafa á réttu að standa og aðra hafa rangt fyrir sér, þeim var refsað á degi upprisunnar vegna haturs sem kviknaði á nóttu¹⁰⁰ þeirra. Þannig sviptu þeir sig þeirri náð að líta ásýnd Guðs og það af engri annarri ástæðu en gagnkvæmri fordæmingu.

Ó þér sem fengið hafa Bayáninn! Yður ber að vinna verk sem Guði, Drottni yðar, þóknast og öðlast þannig velþóknun Hans sem Guð mun opinbera. Gerið ekki trú yðar að tæki til efnislegs ávinnings og sóið þannig lífi yðar í hégóma því að þá erfið þér á degi upprisunnar það sem vanþóknast Honum sem Guð mun opinbera, en teljið yður samt hafa gert rétt. En ef þér sýnið guðrækni í trú yðar mun Guð vissulega miðla yður af fjársjóðum himneskrar náðar sinnar.

Sýnið Honum sem Guð mun opinbera einlæga hollustu sakir Guðs, Drottins yðar, svo þér megið frelsast á degi upprisunnar með tryggð við trú Hans. Varist að leyfa yður að hjúpast blæjum vegna deilna sem kunna að rísa yðar á milli á nóttu yðar vegna erfiðleika sem að yður steðja eða hugsana um málefni á borð við eigin upphefð eða niðurlægingu, nálægð eða fjarlægð.

Þannig höfum Vér hvatt yður staðfastlega – og sú hvatning er að sönnu viðeigandi – svo að þér megið hlíta henni og öðlast þannig hjálpræði á degi upprisunnar. Sá tími nálgast er þér unið í friði með sjálfum yður á heimilum yðar, en sjá, Hann sem Guð mun opinbera birtist yður og Guð vill að þér hverfið til Hans með sama hætti og Guð kallaði yður til lífs með fulltingi Frumviljans. Þér munuð þó allir leita leiðsagnar en láta samt leiðast af eigin hneigðum, sumir fullir drambs vegna trúar sinnar, aðrir sakir lærdóms. Þér munuð allir sem einn halda fast við einhvern hluta Bayánsins sem leið til að upphefja yður sjálfa. XVI, 19.¹⁰¹

GUÐ er helgaður frá þjónum sínum og engin bein tengsl hafa nokkru sinni verið á milli Hans og nokkurs skapaðs hlutar, en þér hafið allir risið upp að boði Hans. Sannlega er Hann

¹⁰⁰ Með „nótt“ er hér átt við tímang sem líður milli tveggja guðlegra opinberana þegar Sól sannleikans, opinberandi Guðs, skín ekki meðal manna. Í persneska Bayáninum, II, 7, segir Bábin „Ó fylgjendur Bayánsins. Gerið ekki það sem fylgjendur Kóransins gerðu því að annars verða ávextirnar af nóttu yðar að engu.“

¹⁰¹ Kitáb-i-Asmá' er skipt í Váhid (einingar) og kafla og þessar tölur vísa til þeirra.

Drottinn yðar og Guð, meistari yðar og konungur. Hann ákvarðar hreyfingar yðar að boði sínu á degi og nóttu.

Seg: Hann sem Guð mun opinbera er sannarlega frumblæja Guðs. Handan þessarar blæju finnið þér ekkert nema Guð, en að baki henni getið þér greint allt sem kemur frá Guði. Hann er hinn óséði, hinn ótilkvæmilegi, hinn upphafnasti, ástvinurinn besti.

Ef þér leitið Guðs sæmir yður að leita Hans sem Guð mun opinbera, og ef þér þráið að dvelja í örknafnanna, verðið þér virtir leiðsagnarmenn sem vísa veginn til Hans sem Guð mun opinbera, ef þér aðeins trúið á Hann. Gerið því hjörtu yðar að sönnum dagsbrúnum upphafinna nafna Hans eins og skráð er í bókina og þá uppljómist þér eins og speglar sem snúa að sólu. *XVI, 17.*

GERI einhver tilkall til málstaðar og leggi fram sannanir verða þeir sem hafna honum að leggja fram jafngildar sannanir. Takist þeim það, bera orð hans engan árangur og þeir verða honum yfirsterkari; að öðrum kosti mun hann ekki gera hlé á máli sínu og sannanir hans verða ekki véfengdar. Ég áminni yður, ó þér sem fengið hafa Bayáninn: Ef þér viljið sýna fram á yfirburði yðar, andmælið ekki nokkurri sál nema þér getið lagt fram svipaðar sannanir og hún. Því að sannleikurinn ber sigur af hólmi og allt annað mun vissulega tortímast.

Hversu fjölmargir voru þeir ekki sem deildu við Múhameð, postula Guðs, og féllu að lokum í valinn því þeim reyndist um megn að leggja fram sannanir svipaðar þeim sem Guð hafði sent Honum af hæðum. Hefðu þeir blygðast sín, sýnt hógværð og skilið eðli þeirra sannana sem Honum voru áskapaðar, hefðu þeir aldrei ögrað Honum. En þeir litu á sig sem hetjur trúar sinnar og þess vegna veitti Guð þeim makleg málagjöld og staðfesti hið sanna með mætti sannleikans. Þetta er það sem blasir skýrt við yður í opinberun Múhameðs á þessum degi.

Hver er sá á meðal yðar sem getur risið gegn upphöfnum valdhöfum veruleikans í hverju trúarkerfi þegar tilveran sjálf á allt sitt undir þeim? Vissulega hefur Guð tortímt öllum sem stóðu í gegn þeim frá því upphafi sem á sér ekkert upphaf og allt fram til þessa dags, og Hann hefur sýnt með óyggjandi hætti fram á hið sanna og rétta með valdi sannleikans. Hann er vissulega hinn almáttki, hinn alvoldugi, hinn alvaldi. *XVII, 11.*

Ó ÞÉR sem fengið hafa Bayáninn! Verið vakandi á degi upprisunnar, því á þeim degi munuð þér trúa staðfastlega á váhíð Bayánsins, þótt það komi yður að alls engu haldi fremur en fyrri trú yðar sem reynist einskis nýt nema þér játist málstað Hans, sem Guð mun opinbera, og trúið á boð Hans. Gætið þess því vel að byrgja yður ekki fyrir Honum, sem er uppspretta allra boðbera og helgirita, með því að halda fast við einhvern hluta þeirra kenninga sem komu frá þessum uppsprettum. *XVII, 15.*

LEIÐ hugann að því að í sérhverri opinberun viðurkenna þeir sannleikann sem opna hjörtu sín fyrir Höfundu hennar. Hins vegar þrengir að hjörtum þeirra sem ekki skilja hið sanna vegna þess að þeir byrgja sig fyrir Honum. Báðum hefur Guð þó gefið opið hjarta. Guð vill ekki þrengja að hjarta nokkurrar skepnu, ekki einu sinni maursins, og því síður hjarta æðri skepna nema þær leyfi sér að hjúpast blæjum, því að Guð hefur skapað allar verundir.

Opnir þú hjarta einnar sálar með því að hjálpa henni að játast málstað Hans sem Guð mun opinbera, mun innsta verund Þín fyllast innblæstri þess tigna Nafns. Því ber þér að vinna þetta verk á dögum upprisunnar því að flestir menn eru hjálparvana, og ef þú opnar hjörtun og eyðir efasemdum þeirra fá þeir inngöngu í trú Guðs. Rækta því þessa hæfni eins og þér framast er unnt á dögum Hans sem Guð mun opinbera. Því að ef þú í sannleika opnar hjarta manns fyrir Honum kemur það þér að meira gagni en allar dyggðum prýddar gerðir því að gerðir koma á eftir trúnni á Hann og fullvissu um veruleika Hans. *XVII, 15.*

GÆTID þess að hlýða af athygli á orð sérhverrar sálar og haldið síðan fast við vitnisburð sannleikans. Takist yður ekki að sjá sannleikann í orðum hennar, gerið það ekki að ágreiningsefni því að Bayáninn hefur bannað yður að taka þátt í tilgangslausum kappræðum og deilum svo að þér deilið ekki eða rökræðið við Hann sem Guð mun opinbera á degi upprisunnar. *XVII, 16.*

Á DEGI upprisunnar þegar Hann, sem Guð mun opinbera, kemur til yðar með óyggjandi sannanir, teljið þér málstað Hans fjarri öllum sanni, en þó hefur Guð gert yður kunnugt í Bayáninum að engin líking sé með málstað Hans, sem Guð mun opinbera, og málstað annarra. Hvernig getur einhver annar en Guð opinberað heilög orð sem hrifa og gagntaka alla mannsins ætt og vinna á henni sigur? Seg: mikill er Guð! Hver annar en Hann sem Guð mun opinbera getur án fyrirvara farið með heilög orð sem koma frá Drottinu Hans – afrek sem enginn dauðlegur maður getur nokkru sinni vonast til að vinna?

Sannleikurinn getur með engu móti vísað til nokkurs annars en sjálfs sín; Guð gefi að þér hugleiðið aðeins sönnun Hans. Ekki er heldur hægt að villast á lygi og sannleika, ef þér aðeins gefið gaum að vitnisburði Guðs, hins sanna.

Hversu fjölmargir voru eigi þeir sem með rangindum gerðu tilkall til málstaðar innan íslams, og þér fylgduð í fótspor þeirra án þess að hafa séð eina einustu sönnun. Hvaða vitnisburð getið þér þá lagt fram í návist Drottins yðar, ef þér aðeins hugleidduð um stund?

Gætið þess vel á nóttu¹⁰² yðar að valda ekki nokkurri sál hryggð, hvort sem þér finnið hjá henni sönnun eða ekki, til þess að þér valdið ekki hryggð á degi upprisunnar Honum sem hefur í greip sinni sérhverja sönnun. Og ef þér finnið ekki sannan vitnisburð Guðs hjá þeirri sál, hefur henni vissulega mistekist að færar sönnur á mátt sannleikans; og Guð nægir sem vitni gegn henni. Vissulega ættuð þér ekki að hryggja nokkra sál undir neinum kringumstæðum; Guð mun í sannleika krefja hana um sönnun og leiða hana til ábyrgðar. Það sámir yður að halda fast við vitnisburð yðar eigin trúar og gæta fyrirmælanna sem settar eru í

¹⁰² Nótt merkir hér þann tíma sem leið milli píslarvættis Bábsins 1850 og opinberunar Bahá'u'lláh 1853.

Bayáninum.

Ykkur er farið líkt og manni sem plantar aldingarð og gróðursetur þar hvers kyns ávaxtatré. Á tilsettum tíma kemur eigandinn en þá hafið þér slegið eign yðar á aldingarðinn í hans nafni, og þegar hann birtist í eigin persónu hleypið þér honum ekki inn.

Vissulega gróðursettum Vér tré Kóransins og plöntuðum í aldingarð hans hvers kyns ávaxtatrjám og af þeim hafið þér allir neytt, en þegar Vér komum á uppskerutímanum létust þér ekki þekkja Hann sem er Drottinn aldingarðsins.

Bakið Oss eigi hryggð né haldið Oss frá þessum aldingarði sem er eign Vor, þótt Vér séum óháðir öllu sem þér eigið. Og engum yðar gefum Vér rétt til þessarar eignar, jafnvel þótt ekki væri meira en mustarðskorn. Sannlega stefnum Vér til reikningsskila.

Vér höfum plantað aldingarð Bayánsins í nafni Hans sem Guð mun opinbera, og höfum veitt yður leyfi til að dvelja þar uns Hann birtist; en á sömu stund og málstaður Hans, sem Guð mun opinbera, er grundvallaður bönnum Vér yður allt sem þér teljið yður eign, nema yður takist að endurheimta það með leyfi Drottins yðar. *XVIII, 3.*

Ó ÞÉR sem fengið hafa Bayáninn að gjöf! Verið vakandi svo að það gerist ekki á dögum Hans, sem Guð mun opinbera, að þér teljið yður vera að þóknast Guði en þverskallist í raun í þeim málum sem vekja vanþóknun Hans, líkt og þeir gerðu sem lifðu á dögum Frumviljans og aldrei kom til hugar að þeir girntust neitt sem gekk þvert á vilja og áform Guðs. Þeir huldust Guði líkt og með blæju og fóru ekki óskum Hans eins og sannir átrúendur. Þeir leiddu ekki hugann að fólkinu sem var uppi á dögum Múhameðs og taldi sig einnig leita velþóknunar Guðs en huldust Honum í raun því að þeim tókst ekki að tryggja sér velþóknun Múhameðs. Engu að síður brast þá skilning.

Ó þér sem fengið hafa Bayáninn! Haldið ekki að þér líkist þeim sem fengu Kóraninn eða guðspjöllin að gjöf eða önnur helgiritt fyrir tíma, því að þegar Hann birtist villist þér lengra frá Guði en þeir gerðu. Ef þér hyljist Honum myndi sú staðreynd aldrei hvarfla að yður. Það sæmir yður að íhuga hvernig þeir sem fengu Kóraninn að gjöf byrgðu sig fyrir sannleika hans því að þér munuð vissulega fara að dæmi þeirra og telja yður samt gera rétt. Ef þér skilduð hve fjarri þér eruð Guði, mynduð þér óska þess að hverfa af yfirborði jarðar og sökkva í gleyskunnar djúp. Sá dagur kemur að þér munuð þrá heilshugar að þekkja það sem þóknast Guði, en því er verr, þér munuð ekki finna neina leið til Hans. Líkt og villuráfandi úlfaldar finnið þér ekkert haglendi þar sem þér getið komið saman og sameinast um málstað sem þér getið trúað á með fullvissu. Á þeim tíma mun Guð láta sól sannleikans skína og öldurnar rísa á úthafi gæsku sinnar og miskunnar en þá hafið þér gert vatnsdropa að takmarki leitarinnar og svipt yður gnægð vatnsins í úthöfum Hans.

Séuð þér í einhverjum vafa um þetta, hugið þá að þeim sem fengu guðspjöllin að gjöf. Þeir höfðu engan aðgang að postulum Jesú og leituðu því velþóknunar Drottins í kirkjum sínum í von um að öðlast þekkingu á því sem er Guði þóknanlegt en fundu enga leið til Hans. Síðan þegar Guð opinberaði Múhameð og gerði Hann að boðbera sínum og hirslu velþóknunar sinnar, létu þeir bregðast að endurlífga sálir sínar í lindum lifandi vatns sem streymir frá návist Drottins. Þeir héldu áfram að reika örvinglaðir um jörðina í leit að daggardropa og töldu sig vinna réttlát verk. Þeir breyttu eins og fylgjendur Kóransins breyta núna.

Ó þér sem fengið hafa Bayáninn! Þér kunnið að fara að þeirra dæmi. Gætið að yður og

farið ekki varhluta af návist Hans sem er opinberandi Guðs þótt þér hafið dag og nótt beðið þess að fá að líta ásýnd Hans. Sýnið gát svo að yður verði ekki aftrað að ná til sjávarstranda velþóknunar Hans þegar þér reikið ráðvilltir um jörðina í árangurslausri leit að dropa vatns.

Seg: Vitnisburður Guðs hefur uppfylltur í Bayáninum og með opinberun hans hefur Guð fullkomnað miskunn sína með öllu mannkyni. Enginn yðar skal halda því fram að Guð hafi gert lát á úthellingu náðargjafa sinna, því að vissulega er miskunn Guðs með þeim sem fengu Bayáninn að gjöf fullkomin fram að degi upprisunnar. Mættuð þér aðeins trú á tákn Guðs. XVI, 13.

SANNLEGA hefur Guð kallað fylgjendur Bayánsins til lífs fyrir mátt Hans sem opinberaði Bayáninn til undirbúnings þeim degi, þegar þeir hverfa aftur til Drottins síns. Þeir sem votta Honum hollustu, sem Guð mun opinbera, skilja með fullri vissu merkingu þess sem opinberað er í Bayáninum. Þeir tilheyra sannarlega hinum einlægu, en þeir sem snúa við Honum baki þegar Hann birtist hefur láðst að skilja einn einasta bókstaf Bayánsins, jafnvel þótt þeir játi trú sína og fullvissu um hvaðeina sem í honum stendur og gæti boða hans.

Seg: Öll jákvæð og lofsverð ummæli Bayánsins vísa aðeins til þeirra sem viðurkenna Hann, sem Guð mun opinbera, og trú á með fullri vissu á Guð og heilög rit Hans, en öll neikvæð ummæli Bayánsins vísa til þeirra sem hafna Honum, sem Guð mun opinbera, jafnvel þótt þeir kunni að sýna ráðvendni innan þeirra marka sem Bayáninn setur. Seg: Ef þér játist sannleikanum á degi upprisunnar mun Guð vissulega fyrirgefa yður nótt¹⁰³ yðar og veita yður aflausn.

Hvað varðar þá sem af trygglyndi gæta fyrirmæla Bayánsins frá því hann var opinberaður hans og fram til komu Hans, sem Guð mun opinbera, þeir eru sannir félagar í paradís velþóknunar Hans. Þeir verða heiðraðir í návist Guðs og dvelja í laufskálum himneskrar paradísar Hans. En reynt verður á alla fylgjendur Bayánsins á sama andartaki og Guð birtir Hann, sem opinberar Hans eigið sjálf. XVII, 1.

ÞAR sem þú hefur áður hlýðnast sannri trú Guðs af trúfesti, sæmir þér nú að fylgja sannri trú Hans því að öll trúarbrögð koma frá Guði, Honum sem hjálpar í nauðum, hinum sjálfumnága. Hann sem opinberaði Múhameð, postula Guðs, Kóraninn og mælti fyrir það í íslam sem Honum þóknaðist hefur, eins og yður var einnig heitið, opinberað Bayáninn Honum sem er Qá‘im, leiðarljós yðar, og Mihdí, Drottinn yðar, Honum sem þér hyllið sem opinberanda ágætustu nafna Guðs. Að sönnu hefur ígildi þess sem Guð opinberaði Múhameð á tuttugu og þremur árum verið opinberað Mér á tveimur dögum og tveimur nóttum. En að boði Guðs er enginn greinarmunur gerður á þessu tvennu. Hann hefur í sannleika vald yfir öllu sem skapað er.

Ég sver við líf Hans sem Guð mun opinbera! Opinberun Mín veldur sannarlega miklu meiri furðu og úrræðaleysi en opinberun Múhameðs, ef þú staldrar við og hugleiðir daga

¹⁰³ Nótt merkir hér aftur tímann sem leið milli píslarvættis Bábsins 1850 og opinberunar Bahá‘u‘lláh 1853.

Guðs. Sjá hvílíka undrun það vekur, að maður sem alinn var upp meðal íbúa Persíu hafi fengið vald frá Guði til að mæla af munni fram svo glögg og afdráttarlaus orð að sérhvern lærdómsmann setur hljóðan og opinbera án nokkurs fyrirvara heilög vers miklu hraðar en nokkrum sé fært að afrita. Sannarlega er enginn Guð til nema Hann, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi. *XVI, 18.*

HVAÐ varðar þá sem hafa útilokað sig frá opinberun Guðs, þeim hefur að sönnu mistekist að skilja þýðingu eins einasta bókstafs í Kóraninum og hafa engan skilning á íslam, annars hefðu þeir ekki snúið baki við Guði sem skapaði þá og nærði, vóg þá og gaf þeim líf, því að þeir héldu fast við tiltekinn hluta trúar sinnar og töldu sig vinna réttlátt verk í þágu Guðs.

Hversu fjölmörg eru eigi þau helgu orð sem hafa verið opinberuð um þær hörmulegu prófraunir sem verða á vegi yðar á dómsdegi, en þér virðist þó aldrei hafa lesið þau. Og hversu fjölmargar eru eigi opinberaðar arfsagnir um þrengingarnar sem steðja munu að yður á degi endurkomu Vorrar, en þær virðast þó aldrei hafa komið fyrir augu yðar.

Þér verjið öllum dögum í ráðagerðir um form og ákvæði í meginreglum trúar yðar, þótt það sem gæti stoðað yður í öllu þessu sé að skilja velþóknun Drottins yðar og kynnast í sameiningu æðsta áformi Hans.

Guð hefur veitt yður þekkingu á sínu eigin sjálfi, en þér hafið ekki viðurkennt Hann, og það sem á degi dómsins snýr yður frá Guði er yðar eigin blekkingarvefur. Alla ævi iðkið þér trú yðar til að þóknast Guði en látið þó hyljast Guði á hinum síðasta degi og snúið baki við Honum sem yður var heitið. *XVII, 2.*

Ó ÞÉR sem fenguð Bayáninn að gjöf! Yðar bíða prófraunir eins og þeirra sem fengu Kóraninn. Sjáið aumir á sjálfum yður, því að þér lifið á þeim degi þegar Guð mun opinbera Hann sem opinberar Hans eigið sjálf, gæddan skýrum og óyggjandi sönnunum, en þér munuð halda fast við orðin sem vitni Bayánsins mæltu. Á þeim degi munuð þér reika fram og aftur fullir örvæntingar eins og úlfaldar í leit að vatnsdropa lífsins. Guð lætur úthöf lifandi vatns streyma frá návist Hans, sem Guð mun opinbera, en þér munuð neita að svala þorsta yðar þótt þér teljið yður fróm og guðhrædd vitni trúarinnar. Nei, og aftur nei! Þér munuð rata í miklu alvarlegri villur en þeir sem fengu guðspjöllin, Kóraninn og öll önnur heilög rit. Gætið að yður því að málstaður Guðs kemur til yðar á sama tíma og þér biðjið Guð táfellandi um að flýta komu opinberunar Hans; en þegar Hann kemur munuð þér velkjast í vafa og ekki teljast til þeirra sem eru fullvissaðir í trú Hans.

Varist að valda Honum hryggð sem er æðsti opinberandi Drottins yðar. Honum er í sannleika vel borgið án hollustu yðar. Sínið aðgát og valdið ekki nokkurri sál sorg og örvæntingu því að vissulega verður á yður reynt. *XVII, 2.*

SEG: Hann sem Guð mun opinbera réttir vissulega hlut þeirra sem í sannleika trú á Guð og tákni Hans, því það eru þeir sem verðskulda endurgjald frá návist Hans. Seg: Fjarri sé það dýrð Hans sem Guð mun opinbera að einhver nefni nafn Hans með þessum hætti, ef þér hugleiðið málstað Guðs í hjörtum yðar. Seg: Hann mun gera málstaðinn sigursælan með boðum sínum og eyða allri rangtúlkun sannleikans með krafti orðs síns. Sannarlega hefur Guð vald yfir öllu sem skapað er.

Ef þér viljið greina sannleika frá villu, hugið þá að þeim sem trú á Hann sem Guð mun opinbera og þeim sem ekki trú á Hann, þegar Hann opinberast. Hinir fyrri eru tákni um eðli sannleikans eins og bók Guðs vitnar um, en hinir síðari tákna eðli villunnar eins og vitnað er um í sömu bók. Óttist Guð til þess að sannleikurinn einn megi auðkenna yður, því að Bayáninn ber lof á yður vegna þess að þér berið nafn Hans, sem er sannleikurinn eilífi.

Seg: Felli Hann, sem Guð mun opinbera, þann dóm að guðrækin og sannorður fylgismaður Bayánsins sé falsvitni, ber yður að lúta boði Hans því að Guð staðfestir það í Bayáninum og Hann getur breytt ljósi í eld hvenær sem Honum þóknast. Hann hefur vissulega vald yfir öllu sem er. Og lýsi Hann því yfir að sá sem þér teljið falsara sé sannleikans maður, dragið ekki úrskurð Hans hégómlega í efa, því að Hann sem er sannleikurinn alvaldi skapar allt í krafti boða sinna. Guð breytir sannarlega eldi í ljós eins og Honum þóknast, og Hann hefur vissulega vald yfir öllu sem skapað er. Íhugið hvernig hið sanna birtist sem skínandi sannleikur á hinum fyrsta degi og hvernig villan opinberast sem villa; þannig skuluð þér einnig greina sannleika frá villu á degi upprisunnar. *XVII, 4.*

LEIÐ hugann að þeim sem fengu guðspjöllin. Trúarleiðtogar þeirra voru taldir sannir leiðsagnarmenn guðspjallanna, en þegar þeir höfnuðu Múhameð, postula Guðs, urðu þeir leiðsagnarmenn villukenningar þótt þeir hefðu haldið boð trúarinnar allt sitt líf í von um paradís, en síðar þegar Guð veitti þeim þekkingu á paradís, vildu þeir ekki ganga inn í hana. Þeir sem fengu Kóraninn að gjöf hafa gert hið sama. Þeir unnu verk sín af trúrækni sakir Guðs í von um að geta gengið til liðs við réttláta í paradís. En þegar hlið paradísar voru opnuð á gátt fyrir augum þeirra, neituðu þeir að ganga inn. Þeir létu sér lynda að ganga í eldinn þótt þeir hefðu leitað athvarfs hjá Guði frá vítiseldi.

Seg: Mælikvarðiinn sem greinir sannleika frá villu mun vissulega ekki koma í ljós fyrr en á degi upprisunnar. Þetta vitið þér, ef þér tilheyrið þeim sem elska sannleikann. Og áður en dagur upprisunnar rennur munuð þér greina sannleikann frá öllu öðru samkvæmt opinberuðum orðum Bayánsins.

Hversu fjölmargir eru þeir eigi sem á degi upprisunnar telja sig hafa á réttu að standa en verða taldir ósannindamenn samkvæmt ráðsályktun forsjónarinnar, því að líkt og með blæju hyljast þeir Honum, sem Guð mun opinbera, og neita að tilbiðja Hann sem er sjálfur tilgangur sköpunar þeirra að boði Guðs í bók Hans. *XVII, 4.*

SEG: Þér munuð ekki geta þekkt hinn eina sanna Guð eða skilið glögggt orð guðlegrar leiðsagnar, því að þér leitið og fetið aðra leið en Hans. Þegar þér heyrið um nýjan málstað,

verðið þér alltaf að leita höfundar hans og lesa rit hans til þess að yður verði ekki aftrað að ná fundi Hans, sem Guð mun opinbera, á stundu opinberunar Hans. Gangir þú vegu sannleikans eins og þeir greina frá honum sem þekkja hinn innsta veruleika, mun Guð Drottinn þinn vissulega frelsa þig á degi upprisunnar. Sannlega hefur Hann vald yfir öllu sem er.

Í Bayáninum bannar Guð öllum að fella dóm yfir nokkurri sál til þess að þeir felli ekki dóm yfir Guði Drottni sínum og telji sig samt tilheyra hinum réttlátu. Því að enginn veit hvernig málstaður Guðs hefst eða hvenær honum lýkur.

Ó þér sem fengið hafa Bayáninn! Fáíð þér fregnir af einhverjum sem gerir tilkall til málstaðar og opinberar vers sem á ytra borði virðast ekki koma frá öðrum en Guði, Honum sem hjálpar í nauðum, hinum sjálfumnóga, dæmið hann ekki til þess að fella ekki af gáleysi dóm yfir Honum sem Guð mun opinbera. Seg: Hann sem Guð mun opinbera er einn af yður og mun kunngera yður málstað sinn á degi upprisunnar. Þér munuð þekkja Guð þegar opinberandi Hans eigin sjálfs verður kynntur fyrir yður til þess að þér villist ekki langt af vegi Hans. Sannlega mun Guð reisa upp Hann, sem Guð mun opinbera, og að Honum gengnum hvern sem Honum þóknast á sama hátt og Hann reisti upp spámenn á undan Frumvilja Bayánsins. Hann hefur í sannleika vald yfir öllu sem er. *XVII, 4.*

SANNLEGA opnuðum Vér öllum þjóðum heimsins hlið paradísar á hinum fyrsta degi og hrópuðum: „Ó allar skapaðar verur! Kappkostið að fá inngöngu í paradís því að þér hafið alla ævi iðkað dyggð og góðar gerðir til þess að komast þangað inn.“ Vissulega þrá allir menn að fá þar inngöngu, en því er verr, þeim tekst það ekki vegna þess sem hendur þeirra hafa gert. En fáir þú sannan skilning á Guði innst í hjarta þínu áður en Hann opinberar sig, verður þér gert kleift að þekkja Hann sýnilegan og geislandi, þegar Hann afhjúpar sig augum allra manna. *XVII, 11.*

SEG: Vegna þess að þér minntust Hans, sem Guð mun opinbera, og lofsunguð nafn Hans mun Guð fylla hjörtu yðar fögnuði. Viljið þér ekki að hjörtu yðar fyllist slíkum fögnuði? Sannarlega spanna hjörtu þeirra sem í sannleika trú á Hann, sem Guð mun opinbera, víðari svið en öll víðerni himins og jarðar og alls sem þar er í millum. Guð hefur ekki lagt neina hindrun í hjörtu þeirra, þótt ekki væri hún meiri en eitt mustarðskorn. Hann mun gleðja hjörtu þeirra og anda, sálir þeirra og líkama, og daga meðlætis þeirra og mótlætis með upphafningu nafns Hans, sem er æðsti vitnisburður Guðs og boðun orða Hans sem eru dýrleg sól Skapara þeirra.

Sannarlega hafa þessar sálir yndi af því að minnast Guðs sem fyllir hjörtu þeirra geislandi dýrð þekkingar og visku. Þær leita einskis nema Guðs og vegsama Hann oftsinnis. Þær þrá ekkert annað en það sem Hann þráir og eru reiðubúnar að fara að vilja Hans. Hjörtu þeirra eru speglar sem endurvarpa öllu sem Hann, sem Guð mun opinbera, kýs. Þannig mun Guð gleðja hjörtu þeirra sem trú á sannleika á Hann og tákn Hans og eru fullvissir um líf komanda. Seg: Lífið sem kemur er ekki annað en dagarnir sem tengjast komu Hans sem Guð mun opinbera.

Dragið ekki boð Guðs niður á svið yðar eigin fánýtu ímyndana; horfið fremur á allt sem

Guði hefur þóknast að skapa með auga andans líkt og hátt þér horfið á jarðneska hluti með augum líkamans. *XVII, 15.*

SÚ GUÐLEGA opinberun sem tengist komu Hans sem er hinn fyrirheitni Mihdí, hefur reynst miklu undursamlegri en opinberun Múhameðs, postula Guðs. Mættuð þér aðeins gefa þessu gaum. Vissulega upphóf Guð Múhameð, postula Guðs, meðal Araba eftir að Hann varð fjörutíu ára – þessa staðreynd viðurkennið þér allir – en endurlausnara yðar¹⁰⁴ hóf Guð upp tuttugu og fjögurra ára gamlan meðal fólks sem hvorki talar né skilur orð í arabísku. Þannig afhjúpar Guð dýrð málstaðarins og sýnir fram á sannleikann í krafti opinberaðs orðs síns. Hann er sannarlega hinn völdugi, hinn almátteki, hjálpin í nauðum, ástvinurinn besti. *XVII, 4.*

SEG: Guð hefur að sönnu látið allt sem skapað er ganga inn í skuggann af meiði staðfestingar nema þá sem hafa skilning. Þeir hafa um tvo kosti að velja, að trúá á Guð Drottin sinn og setja allt sitt traust á Hann, eða hyljast Honum og neita að trúá með fullri vissu á tákni Hans. Þessir tveir hópar sigla á tveimur höfum: hafi staðfestingar og hafi afneitunar.

Þeir sem í sannleika trúá á Guð og tákni Hans og hlýða því dyggilega í hverju trúarkerfi sem opinberað er í bókinni – það eru að sönnu þeir sem Guð hefur skapað af ávöxtum paradísar velþóknunar sinnar og tilheyra hinum sælu. En þeir sem snúa baki við Guði og táknum Hans í hverju trúarkerfi - það eru þeir sem sigla á hafi afneitunar.

Guð hefur í krafti boða sinna ákveðið að tryggja framgang og upphafningu hafs staðfestingar og eyða með öllu hafi afneitunar í krafti máttar síns. Hann hefur í sannleika vald yfir öllu sem er.

Í sannleika ber yður skylda til að viðurkenna Drottin yðar þegar Hann opinberast, svo þér megið forðast afneitun og fengið tryggan stað á hafi staðfestingar áður en Guð reisir upp spámann. Komi spámaður til yðar frá Guði og þér látið bregðast að ganga vegu Hans, mun Guð breyta ljósi yðar í eld. Gætið að þessu svo að yður auðnist, fyrir náð Guðs og tákni Hans, að frelsa sálir yðar. *XVIII, 13.*

SEG: Guð mun í sannleika hneigja hjörtu yðar til ills, ef þér vanrækið að bera kennsl á Hann sem Guð mun opinbera, en ef þér berið kennsl á Hann mun Guð gera öfughneigð útlæga úr hjörtum yðar....

Daginn sem þér voruð innvígðir í Bayáninn fyrir vilja Guðs, vissi einhver yðar hverjir bókstafir Hins lifanda voru, eða vitnin, eða vitnisburðirnir, eða nöfn átrúendanna? Þannig vill Guð að þér berið kennsl á Hann sem Guð mun opinbera á degi upprisunnar. Varist að hyljast líkt og með blæju Honum sem skapaði yður vegna skoðana yðar á þeim sem frumvilji Bayánsins skapaði til að upphefja orð Hans. Áttuð þér yður einhverja agnarögn sjálfsmýndar, hvað þá heldur rit eða myndugleika, áður en frumvilji Bayánsins kallaði yður til lífs? Gefið

¹⁰⁴ Bábinn.

engan gaum að upphafi yðar svo þér megið frelsast á endurkomudegi yðar. Væri eigi fyrir upphafninguna á nafni Frumviljans, hefði Guð ekki sent yður bókstafi Hins lifanda né þá sem bera sannleika Hans vitni, né heldur vitnisburði réttlætis Hans, gætuð þér aðeins skilið. Allt er þetta til vegsömunar málstaðar Hans, sem Guð mun opinbera, á stundu opinberunar Hans. Mættuð þér aðeins leiða að því hugann.

Þess vegna ber yður að hverfa aftur til Guðs líkt og þér komuð frá Honum fyrst í þennan heim og segið ekki „nei“ eða „hvers vegna“, ef þér viljið að líf yðar beri ávöxt þegar þér hverfið til Hans aftur. Því að enginn yðar sem fæddist í Bayáninum mun uppskera ávöxt upphafsins nema þér hverfið aftur til Hans sem Guð mun opinbera. Hann var ástæða þess að þér komuð frá Guði í upphafi og að þér hverfið til Hans aftur, ef þér aðeins vissuð. XVI, 15.

HVERSU fjölmargir eru þeir eigi sem skryðast silkikyrtlum allt sitt líf en ganga þó í klæðum eldsins því að þeir hafa varpað af sér skikkju guðlegrar leiðsagnar og réttlætis; og hversu fjölmargir þeir sem alla ævi klæðast bómull eða grófri ull, en klæðast samt guðlegri leiðsögn og réttlæti og ganga því í sannleika í klæðum paradísar og hafa yndi af velþóknun Guðs. Að sönnu væri betra í augum Guðs að þér sameinuðu þetta tvennt og skryddust bæði klæðum guðlegrar leiðsagnar og réttlætis og fegursta silki, ef efnin leyfa. Ef ekki, verið að minnsta kosti ekki ranglátir en iðkið heldur guðrækni og dyggðir....

Af þeirri ástæðu einni saman að Hann dvaldi meðal þessa fólks, hefðum Vér ekki sett nein boð og bönn. Í þeim tilgangi einum að vegsama nafn Hans og upphefja málstað Hans buðum vér yður að halda ákveðin lög og bönnuðum gerðir sem Oss vanþóknast til þess að þér megið á stundu opinberunar Hans öðlast velþóknun Guðs með Hans hjálp og forðast allt sem Honum er viðurstygð.

Seg: Sannarlega jafngildir velþóknun Hans, sem Guð mun opinbera, velþóknun Guðs og vanþóknun Hans, sem Guð mun opinbera, er eigi annað en vanþóknun Guðs. Forðist vanþóknun Hans og flýið í athvarf velþóknunar Hans. Seg: Lifandi leiðsagnarmenn velþóknunar Hans eru þeir sem í sannleika trú á Hann og eru fullvissir í trú sinni, en lifandi vitni vanþóknunar Hans eru þeir sem heyra heilög orð Guðs frá návist Hans, eða lesa opinberuð orð Hans, en játast hvorki trúnni á þeirri stundu né öðlast fullvissu. XVI, 14.



ÚTDRÆTTIR ÚR ÝMSUM RITUM

SEG: Guð er Drottinn og allir tilbiðja Hann.

Seg: Guð er hinn sanni og allir votta Honum lotningu.

Þetta er Guð, Drottinn yðar, og til Hans hverfið þér aftur. Leikur nokkur vafi á Guði? Hann hefur skapað yður og allt sem er. Hann er Drottinn allra veraldanna.

SEG: Vissulega getur sérhver fylgjandi þessarar trúar sigrast með leyfi Guðs á öllum sem dvelja á himni og jörðu og hvarvetna þar í millum því að þetta er án nokkurs minnsta vafa hin eina sanna trú. Óttist því hvorki né örvæntið.

Seg: Guð hefur samkvæmt því sem opinberað er í bókinni tekið sér fyrir hendur að tryggja upphafningu sérhvers fylgjanda sannleikans yfir hundrað aðrar sálir, og sigur hundrað átrúenda yfir þúsund vantrúarmönnum og óskorað vald þúsund trúfastra sálna yfir öllum þjóðum og kynkvíslum jarðar, því að Guð kallar til lífs hvaðeina sem Honum þóknast í krafti boða sinna. Hann hefir sannarlega vald yfir öllu sem skapað er.

Seg: Máttur Guðs býr í hjörtum þeirra sem trúa á einingu Guðs og bera því vitni að enginn er Guð annar en Hann, en hjörtu þeirra sem eigna Guði jafningja eru máttvana, rúin lífi á þessari jörð því að þeir eru vissulega dauðir.

Sá dagur nálgast að Guð færir herskorum sannleikans sigur og Hann mun hreinsa alla jörðina svo rækilega að í þekkingu Hans verður alls enginn eftir nema þeir sem trúa í sannleika á Guð, tilbiðja Hann einan, lúta Honum í tilbeiðslu dag og nótt og teljast til hinna fullvissuðu.

Seg: Guð er vissulega sannleikurinn alvaldi og Hann ríkir æðstur yfir þjónum sínum. Hann er hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

GUÐ ber því vitni að enginn er Guð nema Hann. Hans eru ríki himins og jarðar og allt sem þar er á milli. Hann er hafinn yfir skilning alls sem skapað er, órannsakanlegur huga sérhverrar skapaðrar veru og enginn fær skilið einingu verundar Hans eða afhjúpað eðli tilvistar Hans. Hann á engan sér við hlið, engan jafninga, ekkert sem Honum líkist, engan samjöfnuð eða líkingu sem hægt er að tengja Honum. Færið Honum því lof og vegsömun og berið vitni heilagleika Hans og einingu og miklið mátt Hans og tign með undursamlegri vegsömun. Þetta opnar yður leið inn í alhæstu paradís, ef þér aðeins trúið staðfastlega á opinberun tákna Guðs.

Þetta er opinberuð bók Guðs. Þetta er hin opna og útbreidda tafla. Seg: Þetta er í sannleika musteríð fjölsóttá, lafið ilmsæta, meiður guðlegrar opinberunar, brimandi úthaf, orðin huldu,

Ljós ofar öllu ljósi.... Guð tendrar í sannleika sérhvert ljós í krafti boða sinna. Hann er að sönnu ljósið í ríkjum himins og jarðar og alls sem þar er í millum. Guð upplýsir hjörtu yðar með skínandi ljósi sínu og gerir skref yðar stöðug til að þér getið fært Honum lof.

Seg: Þetta er vissulega aldingarður hvíldar, hátindur tilbeiðslu, tréð á leiðarenda, hinn blessaði lótusviður, táknið mesta, ásýndin fegursta og undursamlegasta.

FRÁ því upphafi sem á sér ekkert upphaf hafa allir menn lotið í bænarhug Honum sem Guð mun opinbera, og það gera þeir áfram allt til þeirra endaloka sem eiga sér engan endi. Hvílíka furðu vekur ekki sú staðreynd að þegar Hann kemur munuð þér dag og nótt lýsa hollustu yðar við boð Bayánsins en láta samt undir höfuð leggjast að tilbiðja Hann sem Guð mun opinbera.

HELGA, ó Guð minn, allan þennan meið svo á honum megi vaxa allir ávextirnir sem Guð hefur skapað innra með honum í þágu Hans, sem Guð opinberar hvaðeina sem Honum þóknast. Ég sver við dýrð Þína! Ég hef ekki óskað þess að þessi meiður tré bæri nokkru sinni grein, lauf eða ávöxt sem ekki lyti Honum á degi opinberunar Hans eða neitaði að vegsama Þig með hjálp Hans eins og sæmir aldyrlegri opinberun Hans og æðstu leynd. Og finnur Þú, ó Guð Minn, á Mér grein, lauf eða ávöxt sem ekki vill lúta Honum á degi opinberunar Hans, sníð þau af trénu, ó Guð Minn, því að þau eru ekki af Mér og hverfa ekki til Mín aftur.

HANN – dýrlegt er nafn Hans – líkist sólinni. Væri aragrúa spegla snúið að henni, myndi hver og einn endurspegla dýrð hennar samkvæmt eigin hæfni, en sneri enginn að henni myndi hún samt halda áfram að rísa og setjast og speglarnir hyljast ljósi hennar. Ég hef sannarlega ekki brugðist þeirri skyldu að áminna mennina og finna leiðir til að þeir geti snúið til Guðs, Drottins síns, og trúað á Guð, skapara sinn. Ef allir á jörðu votta Honum hollustu á degi opinberunar Hans mun innsta verund Mín fagna, því að þá hafa þeir náð á hátind tilveru sinnar, standa augliti til auglitis við Ástvin sinn og viðurkenna, að því marki sem mögulegt er í þessari jarðnesku tilvist, dýrð og vegsemd Hans sem hjörtu þeirra þrá. Gerist það ekki, mun sál Mín vissulega hryggjast. Ég hef að sönnu nært og uppfóstrað allt í þessum tilgangi. Hvernig getur þá nokkur maður hulist Honum? Þess vegna ákalla Ég Guð og mun halda áfram að ákalla Hann. Hann er í sannleika nálægur, reiðubúinn til svars.

DÝRÐ Hans sem Guð mun opinbera er ómælanlega hátt hafin yfir alla aðra dýrð, og hátign Hans er langt ofar og handan allri annarri hátign. Fegurð Hans skarar fram úr allri annarri birtingu fegurðar, og mikilleiki Hans er langt fremri öllum öðrum birtingarmyndum mikilleika. Sérhvert ljós bliknar fyrir ljósi Hans og sérhver málsvari miskunnar má sín lítils andspænis fyrir táknum miskunnar Hans. Öll fullkomnun er sem ekkert andspænis fullkomnun Hans, og öll máttarverk hverfa í skuggann af fullkomnum mætti Hans. Nöfn Hans eru æðri öllum öðrum nöfnum. Velþóknun Hans er fremri allri annarri velþóknun. Upphafning Hans skarar fram úr öllum öðrum táknum upphafningar. Ljómi ásýndar Hann ber

af öllum öðrum ljóma. Guðdómleg leynd Hans er djúpstæðari en öll önnur leynd. Hátign Hans er ómælanlega hátt hafin yfir alla aðra hátign. Náðargjöfum Hans verður ekki jafnað saman við aðrar náðargjafir. Vald Hans og máttur er ofar öllu valdi og mætti. Fullveldi Hans og herradómur er ósigrandi og ofar öllum öðrum herradómi og fullveldi. Himnesk yfirráð Hans eru hátt hafin yfir öll önnur yfirráð. Þekking Hans nær til alls sem skapað er og fullkomið vald Hans nær til allra skapaðra vera.

ALLIR menn hafa komið frá Guði og til Hans munu þeir allir hverfa aftur. Allir munu birtast frammi fyrir Honum til dóms. Hann er Drottinn upprisudagsins, endurnýjunar og reikningsskila, og opinberað orð Hans er mælikvarðinn.

Sannur dauði er þegar maðurinn deyr sjálfum sér á tíma opinberunar Hans með þeim hætti, að hann leitar einskis nema Hans.

Sönn upprisa úr gröfunum merkir endurlífgun samhljóða vilja Hans og fyrir vald orða Hans.

Paradís er að öðlast velþóknun Hans og eilífur vítiseldur er dómur réttlætis Hans.

Dagurinn þegar Hann opinberar sjálfan sig er dagur upprisunnar sem stendur jafn lengi og Hann ákvarðar. Allt tilheyrir Honum og er mótað af Honum. Allt annað en Hann er sköpun Hans.

Í nafni Guðs, hins upphafnasta, hins hæsta.

Vissulega er Ég er Guð, enginn er Guð annar en Ég og allt annað en Ég er sköpun Mín. Seg: Því skuluð þér tilbiðja Mig, ó skepnur Mínar.

Ég hef kallað Þig til lífs og verundar, nært Þig, verndað og elskað, reist Þig upp og náðarsamlega útvalið Þig sem opinberanda Míns eigin sjálfs til þess að Þú megir lesa heilög orð Mín samkvæmt boði Mínu og kalla alla sem Ég hef skapað til trúar Minnar sem er ekki annað en þessi dýrlegi og upphafni vegur.

Fyrir Þínar sakir hef Ég skapað veröldina og allt sem í henni er, og í krafti vilja Míns hef gert Þig að fullvalda yfirbjóðanda alls mannkyns. Ég hef enn fremur kveðið svo á að hver sem aðhyllist trú Mína skuli trúa á einingu Mína, og Ég hef tengt þessa trú við ákall til Þín og eftir Þig ákall til þeirra, sem Þú hefur með leyfi Mínu gert að „bókstöfum Hins lifanda“, og allt sem trú Mín hefur opinberað í Bayáninum. Þetta er sannlega það sem gerir einlægum þjónum Mínum kleift að fá inngöngu í hina himnesku paradís.

Sólin er að sönnu aðeins tákni návistar Mína svo hinir sannt trúuðu meðal þjóna Minna megi greina í upprás hennar árbjarna sérhvers trúarkerfis.

Ég hef í sannleika skapað Þig af sjálfum Þér og síðan hef Ég að boði Mínu mótað alla sköpunina með skapandi krafti orðs Þíns. Vér erum alvoldugir. Ég hef mælt svo fyrir að Þú sért upphafið og endirinn, hinn sýnilegi og hinn huldi. Sannlega erum Vér hinn alvísi.

Engum öðrum en Þér hefur verið eða mun nokkru sinni verða falið spámannsdæmi og engin heilög bók hefur verið né mun nokkru sinni verða opinberuð öðrum en Þér. Þetta tilskipun Hans sem er hinn alltumlykjandi, ástvinurinn besti.

Bayáninn er í sannleika óbyggjandi sönnun Vor öllu sem skapað er, og allar þjóðir heims standa vanmáttugar andspænis opinberun heilagra orða hans. Hann felur í sér öll helgiritin, bæði í fortíð eða framtíð, líkt og Þú ert hirslan sem varðveitir allar sannanir Vorar á þessum degi. Vér gerum hverjum sem Oss þóknast kleift að ganga inn í garða heilögustu og háleitustu paradísar Vorrar. Þannig grundvöllum Vér með boði Voru guðlega opinberun í sérhverju trúarkerfi. Vér erum sannarlega yfirbjóðandinn æðsti. Í sannleika munum Vér aldrei grundvalla trúarkerfi án þess að endurnýja það á síðari tímum. Þetta er sannarlega fyrirheit sem Vér höfum gefið. Sannlega ríkjum Vér æðstir yfir öllu sem skapað er....

Hann er Guð, Drottinn alvaldur, hinn aldýrlegi.

SEG: Lofaður sé Guð sem af náð sinni gerir hverjum sem Honum líst kleift að tilbiðja Hann. Sannarlega er enginn Guð nema Hann. Hann ber hina ágætustu titla; Hann er sá sem fullkomnar orð sitt eins og Honum þóknast og það er Hann sem leiðir þá sem eru upplýstir og leita vegu réttlætis.

Óttast þú Guð, Drottin þinn, og nefn þú nafn Hans kvölds og morgna. Fylg ekki bendingum hinna trúlausu svo þú verðir ekki talinn til málsvara fánýts hugarburðar. Hlýð af trúfesti Frumviljanum, sem er Drottinn sjálfur, og tilheyr hinum réttlátu. Lát ekkert skelfa þig né atburðina, sem eru fyrirhugaðir í þessum málstað, valda þér uppnámi. Starfa ötullega og af einlægni fyrir Guð og gakk vegu réttlætis. Mætir þú hinum vantrúuðu, set allt traust þitt á Guð, Drottin þinn, og seg: Guð er sá sem nægir mér í ríkjum þessa heims og hins næsta.

Sá dagur nálgast er Guð safnar saman hinum trúföstu. Í sannleika er enginn Guð til nema Hann.

Megi friður Guðs hvíla yfir þeim sem hafa fengið rétta leiðsögn í krafti guðlegrar handleiðslu.

*Hann er Guð, valdhafinn hæsti, sannleikurinn æðsti,
sá sem allir leita ásjár hjá.*

DÝRLEGUR er Hann sem ríki himins og jarðar lúta, Hann sem heldur í greip sinni ríki alls sem skapað er og allir hverfa aftur til. Hann er sá sem setur mörk öllu sem skapað er og opinberar vildargjafir sínar og blessanir í heilagri bók sinni til gagns fyrir þá sem eru málstað Hans þakklátir.

Seg: Þetta jarðneska líf mun líða undir lok; allir munu deyja og hverfa aftur til Drottins Guðs míns, sem með ágætustu gjöfum umbunar þeim sem þolugir þreyja. Vissulega setur Guð þinn öllum hlutum mörk eins og Honum þóknast og í krafti boða sinnar; og þeir sem lúta velþóknun Guðs teljast að sönnu til hinna sælu.

Drottinn þinn hefur aldrei reist upp spámann fyrr á tímum sem léti bregðast að kalla fólkið til Drottins síns, og þessi dagur ber vissulega svip af þeim dögum, ef þér íhugið þau heilögu orð sem Guð hefur opinberað.

Þegar Guð sendi spámann sinn, Múhameð, markaði sá dagur endalok hinnar spámannlegu hringrásar eins og Guð hafði fyrirhugað í þekkingu sinni. Já, það fyrirheit hefur að sönnu verið efnt og ákvörðun Guðs náð fram að ganga eins og Hann áformaði. Vissulega lifum við nú á dögum Guðs. Þetta eru þeir dýrlegu dagar sem eiga sér enga hliðstæðu í fortíðinni. Þessir eru dagarnir sem fólk á umliðnum öldum beið með óþreyju. Hvað hefur þá gerst, að þér séuð í fastasvefni? Þetta eru dagarnir þegar Guð lætur sól sannleikans skína í geislandi fegurð. Hvað veldur þá þögn yðar? Þetta eru dagarnir fyrirheitnu sem þér hafið beið fullir eftirvæntingar — dagarnir þegar guðlegt réttlæti er í nánd. Færið Guði þakkir, ó herskarar átrúenda.

Látið eigi gerðir þeirra sem afneita sannleikanum, verða líkt og blæjur sem byrgja yður sýn. Slíkt fólk hefur aðeins vald á líkömum yðar, en Guð hefur ekki gefið þeim vald á anda yðar, sálum og hjörtum. Óttist Guð til þess að yður megi vel farnast. Allir hlutir hafa verið skapaðir yðar vegna og einskis annars vegna var sköpun yðar áformuð. Óttist Guð og varist að form og umbúðir aftri yður frá því að viðurkenna Hann. Færið Guði þakkir, að Hann megi auðsýna yður miskunn.

Þetta stundlega líf mun að sönnu líða undir lok, unaðsefni þess hverfa og áður en langt um líður hverfið þér aftur til Guðs kvaldir iðrun, því brátt verðið þér reistir úr móki yðar og innan tíðar munuð þér koma í návist Guðs og verða spurðir gerða yðar.

Seg: Hvernig dirfist þér óskammfeilnir að hafna þeim helgu orðum, sem send voru frá himni réttlætis en lesið samt bækur Guðs, sem voru opinberaðar fyrr á tímum? Hví neitið þér fundi yðar með Guði, sem yður var fyrirhugaður forðum tíð, og gætið eigi varnaðarorða Hans á þessum degi? Með því að halda fast við formið eitt og láta leiðast af sjálfelsku og ástríðum hafið þér vissulega svipt yður velþóknun Drottins yðar, að undanskildum þeim sem Guð hefur gætt þekkingu og sem á þessum degi færa Honum þakkir fyrir sanna trú Guðs sem þeim hefur hlotnast fyrir náð Hans. Kunngerði hinum dyggðugu boðskapinn og kennið þeim vegu hins eina sanna Guðs svo að þeir megi öðlast skilning. Leyf eigi tungu þinni að mæla það sem gæti hryggt þig og ákalla Guð um miskunn.

Vissulega þekkir Hann fullvel hina réttlátu því Hann er með þeim þjónum sínum sem í sannleika trú á hann, og Honum er ekki ókunnugt um gerðir illvirkjanna því að ekkert á hinnum né jörðu fær umflúið þekkingu Hans.

Þessi helgu orð, skýr og afdráttarlaus, eru tákni um miskunn Drottins Þíns og uppspretta leiðsagnar öllu mannkyni. Þau eru ljós þeim sem á þau trú á og kvalafullur eldur þeim sem snúa frá og afneita þeim.

Ó ÞÚ sem ert útvalin meðal kvenna!

Hann er Guð; dýrleg er birtan af ljósi Hans.

Heilög orð þessarar töflu eru opinberuð henni, sem hefur trúað á tákni Drottins síns og telst til þeirra sem helga sig Honum fullkomlega. Ber því vitni að sannarlega er enginn Guð annar en Hann sem er Drottinn minn og Drottinn þinn, og að enginn Guð er til nema Hann. Hann er hinn algjöfuli, hinn alvaldi.

Fær Guði þakkir því að Hann hefur af náð sinni hjálpað þér á þessum degi, opinberað þér skýr orð þessarar töflu og talið þig til þeirra kvenna sem trú á tákni Guðs, gera Hann að verndara sínum og tilheyra hinum þakklátu. Sannlega mun Guð brátt umbuna þér og þeim

sem hafa trúað á tákni Hans með ágætasta endurgjaldi frá návist sinni. Vissulega er enginn Guð annar en Hann, hinn alvaldi, hinn veglyndasti. Opinberanir gæsku Hans og hylli gagntaka allt sem skapað er. Hann er hinn miskunnsami, hinn samúðarfulli.

GUÐ ber því vitni að enginn Guð er til nema Hann, hinn alvaldi, ástvinurinn besti.

Bein sjónum þínum að Honum sem Guð mun opinbera á degi upprisunnar, trú síðan staðfastlega á það sem Hann sendir af hæðum ofan.

Seg: Guð vinnur óumdeildan sigur á sérhverjum sigurvegara. Ekkert á himni eða jörðu eða þar á milli getur aftrað æðstum og yfirskilvitlegum sigurmætti Hans. Hann kallar til verundar allt sem Honum þóknast í krafti boða sinna. Sannlega er Guð voldugasti framfærandinn, hjálparinn og verndarinn.

PEGAR sól Bahá skín geislandi yfir sjónarhring eilífðar ber yður skylda til að ganga fram fyrir háseti Hans. Varist að sitja í návist Hans eða spyrja spurninga án leyfis frá Honum. Óttist Guð, ó speglafjöld¹⁰⁵. Biðjið Hann um undursamleg tákni hylli sinnar, að Hann megi náðarsamlega opinbera yður það sem Honum þóknast og þráir, því að á þeim degi hverfast allar opinberanir guðlegrar miskunnar um háseti dýrðar Hans og streyma frá návist Hans, gætuð þér aðeins skilið.

Það sæmir yður að gæta þagnar frammi fyrir háseti Hans, því af öllu sem skapað hefur verið á milli himins og jarðar mun ekkert á þeim degi sæma betur en þögn. Gætið þess einnig að teljast ekki til þeirra sem fyrr á tímum fengu þekkingu en hreyktu sér af lærdómi sínum frammi fyrir Guði, hinum yfirskilvitlega, hinum sjálfumnóga, því á þeim degi er það Hann sem er hinn alvísi, hinn alvitri, uppspretta allrar þekkingar, hátt hafinn yfir hina lærðu; og það er Hann sem er hinn máttugi, hinn alknýjandi, Drottinn valds yfir öllum valdhöfum; og það er Hann sem er hinn voldugi, hinn tignasti, hinn dýrlegasti ofar og handan þeim sem hampa dýrð sinni; og á þeim degi er Hann sá sem er hinn háleiti, hinn æðsti, uppspretta upphafningar, hátt hafinn yfir hina tignu og háttsettu; og það er Hann sem er hinn almáttugi, uppspretta dýrðar og mikilfengleika, langt ofar viðhöfn hinna voldugu; og það er Hann sem er hinn almáttki, stjórnandinn æðsti, Drottinn dómsins, hátt ofar öllum valdsmönnum; og það er Hann sem er hinn veglyndi, hinn gæskuríkasti, sjálft innsta eðli hylli og náðar, æðstur allra frammi fyrir þeim sem sýna gæsku; og það er Hann sem er ákvarðandinn, æðsti handhafi valds og yfirráða, ómælanlega hátt hafinn yfir þá sem fara með jarðnesk yfirráð; og það er Hann sem er hinn ágætasti, hinn óviðjafnanlegi, sá sem hefur fullkomna yfirburði yfir hvern yfirburðamann.

Þér hafið allir sem einn verið kallaðir til lífs til að leita návistar Hans og öðlast þá upphöfnu og dýrlegu stöðu. Sannarlega sendir Hann frá himni miskunnar sinnar það sem kemur yður að gagni, og hvaðeina sem Hann veitir af náð sinni mun gera yður kleift að komast af án alls mannkyns. Ekkert gagn verður á þeim degi að lærdómi hinna lærðu, né

¹⁰⁵ Fylgjendum Bábsins er hér líkt við spegla sem snúa að sólu.

kunnáttu hinna margfróðu, né íburði hinna háttvirtu, né valdi hinna voldugu, né guðrækni hinna frómu, né gerðum hinna réttlátu, né knéfalli hins krjúpandi tilbiðjanda, bænarahreyfingum hans og snúningi í bænarátt til Qiblih, né heiðri hinna heiðruðu, né ætterni hinna ættstóru, né göfgi hinna ættgöfugu, né orðræðu hinna málsnjöllu, né titlum hinna nafntoguðu – ekkert af þessu mun stóða þá – því að allt þetta og allt annað sem þér hafið þekkt eða skilið var skapað að boði Hans „Verði svo“, og það er. Sé það vilji Hans getur Hann með fullri vissu reist upp allt sem skapað með einu orði sínu. Handan alls þessa er Hann í sannleika hinn alvoldugi, hinn almáttugi, hinn alvaldi.

Varist, ó speglafjöld að vegtyllur fylli yður hégómadýrð á þeim degi. Þér vitið með vissu að þér voruð skapaðir fyrir þennan dag ásamt öllum sem standa yður ofar eða neðar. Óttist Guð og fremjið ekki það sem hryggir hjarta Hans, né tilheyrir þeim sem fara villur vegar. Hann kann að birtast í krafti sannleikans meðan þér sofið fast á beðum yðar; sendiboðar Hans kunna að koma með dýrlegar og skínandi töflur frá Honum og þér snúið þeim frá í fyrirlitningu og fellið dóm yfir Honum - dóm sem þér mynduð aldrei fella yfir sjálfum yður– og segið: „Þetta er ekki frá Guði, hinum ævarandi sem beygir allt undir sitt eigið vald.

Dýrð sé Þér, ó Guð minn, Þú veist fullvel að ég hef boðað orð Þitt og hef ekki brugðist því ætlunarverki sem Þú fékkst mér. Ég bið Þig að vernda fylgjendur Bayánsins á þeim degi svo að þeir mæli eigi gegn Þér eða deili við tákni Þín. Vernda þá, ó Guð minn, með afli máttar Þíns sem umlykur allt mannkynið.

Hann er hinn alvaldi.

DÝRÐ sé Honum sem er Drottinn allra á himni og jörðu. Hann er hinn alvitri, hinn alvísi. Hann er sá sem kallar til lífs allt sem Honum þóknast að boði sínu; Hann er sannarlega hinn mildi, mótandinn. Seg: Sannlega veldur Hann ætlan sinni; hvern sem Honum líst gerir Hann sigursælan með mætti herskara sinna; enginn er Guð annar en Hann, hinn voldugi og vitri. Hans eru ríki jarðar og himins og Hann er Drottinn máttar og dýrðar. Þeir sem hafa trúnað á Guð og á tákni Hans fylgja sannleikanum með vissu og eignast samastað í görðum unaðar, en þeir sem hafna trú á Guð og afneita því sem Hann hefur opinberað vistast í eldinum að eilífu. Seg: Flestir hafa afneitað Guði opinskátt og fylgt uppreisnargjörnum illvirkjum. Þeir draga dóm af forverum sínum sem studdu sérhvern fjandsamlegan kúgara. Sannarlega er enginn Guð nema Guð; Honum heyrir ríki himins og jarðar og Hann er hinn miskunnsami, hinn alvitri. Guð ber því vitni að enginn er Guð nema Hann, og að Hann sem talar að boði Drottins síns er fyrsti tilbiðjandi Hans. Hann er skaparinn óviðjafnanlegi sem mótað hefur himin og jörð og allt sem þar er í millum, og allir lúta boðum Hans. Náð Hans og miskunn hefur umlukið allt sem er á himnum, jörðu og þar á milli, og allir lúta ákvörðun Hans.

ÞAÐ sámir yður að bíða birtingar Hans sem Guð mun opinbera. Markmið Mitt með því að gróðursetja meið Bayánsins er vissulega það eitt að gera yður kleift að þekkja Mig. Sjálfur er Ég í sannleika fyrstur til að lúta Guði og trúnað á Hann. Gerið eigi þekkingu yðar ávaxtalaus

Því að þrátt fyrir upphafna stöðu Bayánsins lýsir hann hollustu sinni við Hann sem Guð mun opinbera, og Hann er sá sem framar öllu ber að vegsama sem aðsetur guðlegs veruleika, þótt Hann sé í sannleika Ég og Ég sé Hann. En þegar meiður Bayánsins nær fullum þroska, beygjum Vér hann til jarðar sem tákn um ást hans á Drottni sínum sem birtist í Honum, sem Guð mun opinbera. Ef til vill fáíð þér notið þeirra forréttinda að vegsama Guð eins og sæmir Hans tigna sjálfi.

Þér hafið að sönnu verið kallaðir til lífs fyrir mátt frumvilja Bayánsins, en Frumviljinn sjálfur er undirgefinn vilja Hans sem Guð mun opinbera, og upphafinn sakir yfirskilvitlegrar hátignar Hans, studdur sönnunum um mátt Hans, gerður dýrlegur fyrir tign einingar Hans, prýddur fegurð einleika Hans, styrktur eilífu drottinvaldi Hans og falin yfírráð af ævarandi drottinvaldi Hans. Hvaða rétt hafa þeir sem eru aðeins sköpun Frumviljans til að spyrja „hví eða til hvers“?

Ó samfélag Bayánsins og allir sem því tilheyr! Viðurkennið þau mörk sem yður eru sett því að Hann sem er sjálfur frumvilji Bayánsins trúði á Hann sem Guð mun opinbera áður en sköpunin varð til. Þetta er sannarlega dýrð Mín frammi fyrir öllum í ríkjum himins og jarðar. Hyljist ekki Guði líkt og með blæju þegar Hann opinberar sig. Því að allt sem Bayáninn vegsamar og upphefur er aðeins hringur á fingri Mínum, og sjálfur er Ég í sannleika aðeins hringur á fingri Hans sem Guð mun opinbera — vegsamað sé nafn Hans! Hann snýr honum eins og Honum þóknast í hverjum þeim tilgangi sem Honum þóknast og með hverju sem Honum þóknast. Hann er sannarlega hjálpin í nauðum, hinn hæsti.



BÆNIR OG HUGLEIÐINGAR

Í nafni Guðs, Drottins yfirþyrmandi tignar, hins alknýjandi.

Helgaður sé Drottinn sem hefur í hendi sér uppsprettu yfirráða. Hann skapar hvaðeina sem Honum þóknast með boði sínu „Verði svo“, og það er. Hans hefur allt vald og máttur verið til þessa og Hans verður það héðan í frá. Hann gerir hvern sem Honum þóknast sigursælan í krafti skipunar sinnar. Hann er í sannleika hinn völdugi, hinn almáttugi. Honum tilheyrir öll dýrð og tign í ríkjum opinberunar og sköpunar og hvarvetna þar á milli. Hann er sannlega hinn máttugi og aldýrlegi. Að eilífu hefur Hann verið uppspretta ósigrandi styrks og svo mun verða um alla eilífð. Hann er að sönnu Drottinn máttar og valds. Öll ríki himins og jarðar og allt þar á milli tilheyrir Guði og vald Hans er öllu æðra. Honum tilheyra allir fjársjóðir himins og jarðar og alls þar á milli og vernd Hans yfirskyggir allt sem er. Hann er skapari himnanna og jarðarinnar og alls sem þar er á milli og sannlega er Hann vitni að öllu sem er. Hann er Drottinn reikningsskilanna öllum sem dvelja á himnum og jörðu og hvarvetna þar á milli og sannlega er Guð fljótur til reikningsskila. Hann setur mælikvarðann sem ákveðinn er öllum á himnum og jörðu og öllu sem er þar á milli. Vissulega er Hann verndarinn æðsti. Í hendi sér hefur Hann lykla himins og jarðar og alls þar á milli. Hann úthlutar gjöfum sínum að eigin vild með valdi skipunar sinnar. Náð Hans umlykur í sannleika allt sem er og Hann er sá sem allt þekkir og veit.

Seg: Guð nægir mér; Hann er sá sem hefur í greip sinni ríki alls sem skapað er. Hann verndar hvern þann þjón sinn sem Honum þóknast með valdi himneskra og jarðneskra herskara sinna og með öllu sem þar er á milli. Guð vakir að sönnu yfir öllu sem er.

Ómælanlega upphafinn ert Þú, ó Drottinn! Vernda okkur gegn því sem er fyrir framan okkur og aftan, yfir höfðum okkar, til hægri og vinstri handar, undir fótum okkar og gegn öllu öðru sem að okkur beinist. Vissulega er vernd Þín óskeikul öllu sem er.¹⁰⁶

SEND niður blessanir Þínar, ó Guð minn, yfir tré Bayánsins, sprota þess og greinar, lauf, ávexti og allt sem það ber eða skýlir. Ger þetta tré síðan að mikilfenglegu bókfelli sem lagt verður fram í návist Hans sem Þú munt opinbera á degi dómsins svo að Hann megi af náð sinni reisa aftur til lífs alla fylgjendur Bayánsins og grundvalla nýja sköpun af gæsku sinni og veglyndi.

Sannarlega eru allir ölmusumenn frammi fyrir ásýnd mildrar miskunnar Þinnar og auðmjúkir þjónar andspænis táknum ástúðlegrar umhyggju Þinnar. Ég bið Þig í nafni

¹⁰⁶ Upprunalegt handrit þessarar bænar fyrir vernd er skrifað með eigin hönd Bábsins í forni fimmodda stjörnu.

veglyndis Þíns, ó Guð minn, og mikillar miskunnar og gjafa, ó Drottinn minn, og vitnisburða um himneska velþóknun Þína og náð, ó ástvinur minn, að vaka yfir Honum sem Guð mun opinbera svo að raunir og mæða verði aldrei á vegi Hans.

ÓMÆLANLEGA dýrlegur og upphafinn ert Þú. Hvernig get ég minnst Þín, ó Þú ástvinur allrar sköpunarinnar; og hvernig get ég viðurkennt tilkall Þitt, ó Þú, sem öll sköpunin lýtur í lotningu. Háleitasta staðan sem mannleg skynjun getur fær náð og hæstu hæðir sem hugur og sálir manna geta stigið eru aðeins tákni sem sköpuð eru fyrir mátt boða Þinna og stórmerki sem birtast í krafti opinberunar Þinnar. Fjarri sé það dýrð Þinni að einhver annar en Þú minnst Þín eða reyni að vegsama eðli Þitt. Innsta eðli sérhvers veruleika ber því vitni að það fær ekki nálgast forgarð návistar Þinnar, og innsti veigur sérhverrar verundar vottar að henni er um megn að komist í heilaga návist Þína. Ómælanlega dýrlegur og upphafinn ert Þú! Það eina sem Þér sámir er vitnisburður Þín sjálfs um Þitt eigið sjálf, og hið eina sem Þér er verðugt er lofgjörðin sem berst frá Þínu eigin eðli.

Fyrir opinberun náðar Þinnar, ó Drottinn, kallaðir Þú Mig til verundar á nóttu sem þessari¹⁰⁷, og sjá, nú er Ég einmana og yfirgefinn á fjalli. Lof sé Þér og þökk fyrir hvaðeina sem vekur velþóknun Þína í veldi himins og jarðar. Og Þitt er allt fullveldi sem nær út fyrir ystu sviðin í ríkjum opinberunar og sköpunar.

Þú skapaðir Mig, ó Drottinn, af náð Þinni og miskunn og verndaðir Mig af veglyndi Þínu í myrkri móðurkviðar og nærðir Mig lífgefandi blóði með ást Þinni og gæsku. Eftir að Þú mótaðir Mig í fegurstu mynd með mildri forsjón Þinni og fullkomnaðir sköpun Mína með ágætu handverki Þínu og blést anda Þínum í líkama Minn af takmarkalausri miskunn Þinni og opinberun yfirskilvitlegrar einingar Þinnar lést Þú Mig fæðast í þennan sýnilega heim úr hinum hulda, nakinn, fáfróðan um alla hluti og magnvana að öllu leyti. Þú nærðir Mig frískandi mjólk og ólst Mig upp í faðmi foreldra Minna af augljósri vorkunnsemi uns Þú af náð Þinni kynntir Mér veruleika opinberunar Þinnar og fræddir Mig um beinan veg trúar Þinnar eins og hún er útskýrð í bók Þinni. Og þegar Ég komst til fulls þroska lést Þú Mig lýsa hollustu við ótilkvæmilegt Ákall Þitt og gerðir Mér kleift að nálgast hina tilsettu stöðu, þar sem Þú uppfræddir Mig mildri hendi og veittir Mér í því landi mestu náðargjafir Þínar. Þegar það gerðist sem forákrarðað var í bók Þinni leyfðir Þú Mér af gæsku Þinni að koma í heilagt athvarf Þitt og lést Mig af mildri miskunn dvelja í forgarði samneytis uns Ég varð þar vitni að skýrum táknum miskunnsemi Þinnar, sannfærandi vitnisburði um einingu Þína, skínandi dýrð tignar Þinnar, uppsprettu æðsta einleika Þíns, hæðum yfirskilvitlegs herradóms Þíns, táknum óviðjafnanlegrar verundar Þinnar, opinberunum upphafinnar dýrðar Þinnar, athvarfi heilagleika Þíns og hverju því sem er órannsakanlegt öllum nema sjálfum Þér.

SANNLEGA er ég er þjónn Þinn, ó Guð minn, bónarmaður Þinn, þurfalingur og aumleg sköpun. Ég er kominn að hliði Þínu og leita athvarfs Þíns. Enga gleði hef ég fundið nema í ást Þinni, engan fögnuð nema í ákalli til Þín, engan eldmóð nema í hlýðni við Þig, engan unað

¹⁰⁷ Hér er vísað til fæðingardags Bábsins á fyrsta degi Muharram mánaðar, 1235 e.H., þ.e. 20. október, 1819.

nema í návist Þinni og enga rósemi nema í endurfundum við Þig, þótt ég viti engu að síður að Þitt æðsta eðli útilokar allt sem skapað er og að allri sköpuninni er meinaður aðgangur að innstu verund Þinni. Hvenær sem ég reyni að nálgast Þig skynja ég ekkert í sjálfum mér nema ummerki náðar Þinnar og sé ekkert í minni eigin veru nema opinberanir ástar Þinnar og gæsku. Hvernig getur sá sem aðeins er sköpun Þín leitað endurfunda við Þig og komist í návist Þína þegar ekkert sem skapað er getur nokkru sinni tengst Þér né skilið Þig? Hvernig er það mögulegt fyrir lágt settan þjón að bera kennsl á Þig og vegsama Þig þótt Þú hafir ætlað Honum að opinbera yfirráð Þín og undursamlega vitnisburði um drottinvald Þitt? Þannig ber allt sem skapað er því vitni að það er útilokað frá griðastað návistar Þinnar vegna þeirra takmarkana sem innri veruleika þess eru settar. Þó er óumdeilt að áhrif aðdráttarafls Þíns eru að eilífu fólgin í veruleika handverks Þíns jafnvel þótt það sem sæmir helgu athvarfi forsjónar Þinnar sé hafið yfir skilning alls sem skapað er. Þetta sýnir, ó Guð minn, fullkominn vanmátt minn til að færa Þér lof og þakki; hversu þá miklu síður get ég fengið skilning á á guðlegri einingu Þinni eða séð skýr tákni vegsemdar Þinnar, heilagleika og dýrðar. Nei, ég sver við mátt Þinn, ég þrái ekkert nema Þitt eigið sjálf og leita einskis annars en Þín.

MIKLAÐ sé nafn Þitt, ó Guð. Þín eru í sannleika ríki sköpunar og opinberunar, og vissulega höfum við sett allt okkar traust á Drottin okkar. Allt lof sé Þér, ó Guð; Þú ert skapari himins og jarðar og alls sem þar er á milli, og Þú ert í sannleika æðsti yfirboðarinn, mótandinn, hinn alvitri. Dýrlegur ert Þú, ó Drottinn! Þú munt vissulega kveðja saman mannkynið á þeim degi sem enginn vafi leikur á að koma muni— deginum þegar allir munu birtast frammi fyrir Þér og finna líf í Þér. Þetta er dagur hins eina sanna Guðs – dagurinn sem kemur þegar Þér þóknast fyrir mátt boða Þinna.

Þú ert yfirbjóðandinn, skaparinn undursamlegi, hinn máttugi, ástvinurinn besti.

LOFAÐ sé nafn Þitt, ó Guð. Þú ert í sannleika Drottinn okkar; Þú þekkir allt sem er á himnum og jörðu. Send því niður yfir okkur tákni miskunnar Þinnar. Sannlega jafnast enginn á við Þig í náð og miskunn. Allt lof sé Þér, ó Drottinn. Ákvarða okkur frá návist Þinni það sem hughreystir hjörtu hinna einlægu meðal þjóna Þinna. Dýrlegur ert Þú, ó Guð, Þú ert skapari himins og jarðar og alls sem þar er á milli. Þú ert alvaldur Drottinn, hinn heilagasti, hinn almáttugi, hinn alvitri. Miklað sé nafn Þitt, ó Guð, send niður yfir þá sem hafa trúað á Guð og tákni Hans voldugan styrk frá návist Þinni sem gerir þeim kleift að sigrast á öllum þorra mannkyns.

DÝRÐ sé Þér, ó Guð. Hvernig get ég nefnt Þig sem ert helgaður ofar lofgjörð alls mannkyns. Miklað sé nafn Þitt, ó Guð, Þú ert konungurinn, sannleikurinn eilífi; Þú þekkir það sem er á himnum og jörðu og til Þín verða allir að hverfa aftur. Þú hefur sent niður guðlega áformaða opinberun Þína samkvæmt skýrum mælikvarða. Lofaður sért Þú, ó Drottinn! Með boði Þínu gerir Þú hvern sem Þér þóknast sigursælan með fulltingi herskara himins og jarðar og alls sem þar er á milli. Þú ert yfirbjóðandinn, sannleikurinn eilífi, Drottinn ósigrandi valds.

Dýrð sé Þér, ó Drottinn, Þú fyrirgefur ævinlega syndir þeirra sem biðja Þig fyrirgefningar.

Hreinsa mig af syndum mínum ásamt þeim sem leita fyrirgefningar Þinnar í dögum, sem biðja til Þín á degi og nóttu, þá sem þrá ekkert nema Guð, sem fórna öllu sem Guð hefur gefið eim af náð sinni, sem færa Þér lof kvölds og morgna og vanrækja ekki skyldur sínar.

LOF sé Þér, ó Drottinn. Fyrirgef syndir okkar, miskunna okkur og ger okkur kleift að snúa aftur til Þín. Lát okkur ekki treysta á neitt nema Þig og miðla okkur af veglyndi Þínu því sem Þú elskar og þráir og sæmir Þér vel. Ger háleita stöðu þeirra sem hafa trúað í sannleika, og fyrirgef þeim af náðarríkri fyrirgefningu Þinni. Sannlega ert Þú hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Ó GUÐ, Drottinn okkar! Vernda okkur sakir náðar Þinnar gegn öllu sem kann að vekja andúð Þína, og veit okkur það sem sæmir Þér vel. Gef okkur enn ríflegar af örlæti Þínu og blessa okkur. Fyrirgef okkur það sem við höfum gert, og hreinsa okkur af syndum okkar og veit okkur aflausn með náðarríkri aflausn Þinni. Sannlega ert Þú hinn háleitasti, hinn sjálfumnógi.

Ástúðleg forsjón Þín hefur umlukið allt sem skapað er á himnum og jörðu og fyrirgefning Þín skarar fram úr öllu sem skapað er. Þitt er fullveldið, í höndum Þínum eru ríki sköpunar og opinberunar; í hægri hendi Þinni heldur Þú öllu sem skapað er og í greip Þinni eru deildir verðir fyrirgefningar. Þú fyrirgefur þeim af þjónum Þínum sem Þér þóknast. Sannlega ert Þú sá sem ætíð fyrirgefur, sá sem allt elskar. Alls ekkert getur umflúið þekkingu Þína og ekkert er Þér dulið.

Ó Guð, Drottinn okkar! Vernda okkur með mætti afls Þíns, ger okkur kleift að ganga inn í undursamlegt, svellandi úthaf Þitt og veit okkur það sem sæmir Þér vel.

Þú ert stjórnandinn æðsti, gerandinn máttugi, hinn upphafni, sá sem allt elskar.

DÝRÐ sé Þér, ó Drottinn, Guð minn! Alls ekkert fær umflúið þekkingu Þína, ekkert er til sem getur runnið Þér úr greipum og ekkert fær komið í veg fyrir áform Þitt, hvort heldur er á himni eða jörðu, í fortíð eða framtíð.

Þú sérð paradís og íbúa hennar; Þú sérð ríkið hið neðra og þá sem þar dvelja. Allir eru þjónar Þínir og eru í greipum Þínum.

Ó Drottinn! Ger þolinmóða þjóna Þína sigursæla á dögum Þínum með því að veita þeim þann sigur sem þeim sæmir því að þeir hafa leitað þíslarvættis á vegi Þínum. Sen niður yfir þá það sem færir þeim hugarró, gleður innri verund þeirra, veitir hjörtum þeirra fullvissu og rósemi líkómum þeirra og gerir sálum þeirra kleift að stíga upp í návist Guðs, hins hæsta, og komast til æðstu paradísar og þess athvarfs dýrðarinnar sem Þú hefur ákvarðað þeim sem búa yfir sannri þekkingu og dyggð. Sannlega þekkir Þú allt sem er, en við erum aðeins þjónar Þínir, ánauðugir bandingjar og þurfamenn. Engan Drottin áköllum við nema Þig ó Guð Drottinn okkar, og engan biðjum við um blessun eða náð nema Þig ó Þú sem ert Guð miskunnar þessum heimi og hinum komandi. Við erum aðeins holdtekjur fátæktar, allsleysis, týnd og hjálparvana en öll verund Þín er tákn auðlegðar, sjálfstæðis, dýrðar, hátignar og

takmarkalausrar miskunnar.

Umbuna okkur, ó Drottinn, með því sem sæmir Þér vel af gæðum þessa heims og hins næsta og með þeim margvíslegu vildargjöfum sem teygja sig frá hæðum og til jarðar niður.

Sannlega ert Þú Drottinn okkar og Drottinn alls sem er. Í Þínar hendur felum við okkur og þráum það sem Þér tilheyrir.

DÝRLEGT sé nafn Þitt, ó Drottinn! Hjá hverjum á ég að leita athvarfs þegar Þú ert í sannleika Guð minn og ástvinur; hvert á ég að snúa mér til að leita skjóls þegar Þú ert Drottinn minn og eigandi; og hvert á ég að flýja þegar Þú ert í sannleika meistari minn og griðastaður; og hvern á ég biðja þegar Þú ert í sannleika fjársjóður minn og takmark þrár minnar; og hver er sá sem getur haft milligöngu um bón mína til Þín þegar Þú ert í sannleika æðsta þrá mín og löngun? Dýrlegur ert Þú, ó Drottinn minn! Sérhver von hefur brugðist nema þráin eftir himneskri náð Þinni, og allar dyr standa luktar nema hliðið að uppsprettu blessana Þinna.

Ég bið Þig ó Drottinn minn, í nafni geislandi dýrðar Þinnar sem sérhver sál lýtur í auðmýkt og fellur fram í tilbeiðslu sakir Þín - dýrð sem stafaði slíkum ljóma að eldur breyttist í ljós, dauðir voru vaktir til lífs og allir erfiðleikar breyttust í frið og hugarró. Ég bið Þig í nafni þessa miklu og undursamlega ljóma og í nafni dýrðar upphafinna yfirráða Þinna, ó Þú sem ert Drottinn ósigrandi máttar, að breyta okkur sakir hylli Þinnar í það sem Þú átt sjálfur og gera okkur kleift að verða uppsprettur ljóma Þíns og veita okkur náðarsamlega það sem sæmir tign yfirskilvitlegs veldis Þíns. Því að til Þín hef ég teygt hendur mínar, ó Drottinn, og í Þér hefur ég fundið skýlandi styrk, ó Drottinn, og Þér hef ég lotið í undirgefni, ó Drottinn, og á Þig hef ég sett allt mitt traust, ó Drottinn, og fyrir Þig hef ég fengið styrk, ó Drottinn.

Sannlega er engan kraft eða styrk að finna nema í Þér.

ÞÚ VEIST, ó Guð minn, að frá þeim degi sem Þú kallaðir Mig til verundar af vatni ástar Þinnar og þar til Ég náði fimmtán ára aldri bjó Ég í landinu sem varð vitni að fæðingu Minni [Shíráz]. Þá gerðir Þú Mér fært að fara sjávarborgarinnar [Búshíhr] þar sem Ég í fimm ár stundaði viðskipti með góðar gjafir ríkis Þíns og var önnum kafinn við það sem Þú hefur veitt Mér með fulltingi undursamlegs eðlis ástar Þinnar og gæsku. Þaðan hélt Ég til landsins helga [Karbilá] þar sem ég dvaldi í eitt ár. Síðan sneri ég aftur til fæðingarstaðar Míns. Þar upplifði Ég opinberun æðstu náðargjafa Þinna og vitnisburði takmarkalausrar miskunnsemi Þinnar. Ég færi Þér lof fyrir allar góðar gjafir Þínar og þakkir fyrir alla þá hylli sem Þú hefur sýnt Mér. Tuttugu og fimm ára að aldri hélt Ég síðan til heilags húss¹⁰⁸ Þíns, og þegar Ég kom aftur á fæðingarstað Minn var eitt ár liðið. Þar dvaldi Ég þolinmóður á vegi ástar Þinnar og sá vitnisburði margvíslegrar hylli Þinnar og ástar uns Þú gafst Mér skipun um að halda áleiðis til Þín og flytja í návist Þína. Því fór Ég þaðan með Þínu leyfi og dvaldi í sex mánuði í Şád-landi [Işfahán] og sjö mánuði á fyrsta fjallinu [Máh-Kú], þar sem Þú úthelltir yfir Mig því sem

¹⁰⁸ Kaaba, helgidómur múslíma í Mekka.

sæmir dýrð himneskra blessana Þinna, og hæfir Þínum æðstu náðargjöfum og hylli. Nú, á þrítugasta aldursári Mínu sérð Þú Mig, ó Guð minn, á þessu hörmungarfjalli¹⁰⁹ þar sem Ég hef dvalið í heilt ár.

Lof sé Þér, ó Drottinn Minn, fyrir allt fram að þessu og héðan í frá; og þökk sé Þér, ó Guð minn, undir öllum kringumstæðum, hvort sem er í fortíð eða framtíð. Gjafirnar sem Þú hefur veitt Mér eru fullkomnaðar og blessanirnar sem Þú hefur fært Mér hafa fullkomnast og nú verð Ég einskis var nema margvíslegra vitnisburða um náð Þína, gæskuríka ást Þína, hylli og náðargjafir, veglyndi Þitt og upphafningu, drottinvald Þitt og mátt, geislandi dýrð Þína og þess sem sæmir heilögum forgarði yfirskilvitlegra yfirráða Þinna og hæfir dýrlegu umhverfi eilífðar Þinnar og upphafningar.

ÉG veit, ó Drottinn, að yfirsjónir mínar hafa hjúpað ásjónu mína smán í návist Þinni og íþyngt mér frammi fyrir Þér, komið á milli mín og alfangurra ásyndar Þinnar, umkringgt mig á alla vegu og aftrað mér að öðlast hlutdeild í opinberunum Þíns himneska valds.

Ó Drottinn, ef Þú fyrirgefur mér ekki, hver á þá að veita aflausn, og ef Þú auðsýnir mér ekki miskunn, hver getur þá séð getur aumur á mér? Dýrð sé Þér; Þú skapaðir mig þegar ég átti mér ekki tilvist og Þú nærðir mig þegar ég var án skilnings. Lof sé Þér; sérhver örlætisvottur framgengur frá Þér og sérhvert táknað kemur úr fjárhirslum ákvörðunar Þinnar.

ÉG bið Þig að fyrirgefa mér, ó Drottinn minn, fyrir að nefna nokkuð á nafn nema Þig og fyrir allt lof nema lof Þitt, og fyrir allan unað nema unaðinn af návist Þinni og fyrir alla gleði nema gleðina af samneytinu við Þig og fyrir allan fögnuð nema fögnuðinn yfir ást Þinni og velþóknun, og fyrir allt sem Mér tilheyrir en Þér heyrir ekki, ó Þú sem ert Drottinn drottinn, Þú sem vísar veginn, sérð fyrir vistunum og lýkur upp dyrunum.

HVERNIG get Ég vegsamað Þig ó Drottinn, fyrir vitnisburðina um mátt Þinn og dýrð og fyrir þann ljúfa og undursamlega ilm sem Þú hefur veitt Mér í þessu fangavirki í slíkum mæli að ekkert á himni eða jörðu kemst þar í samjöfnuð? Þú hefur vakað yfir Mér í hjarta þessa fjalls þar sem fjallstindar umkringja Mig á alla vegu. Einn þeirra slútir yfir Mig, annar eru Mér til hægri og vinstri og enn annar gnæfir frammi fyrir Mér. Dýrð sé Þér, enginn Guð er til nema Þú. Hversu oft hef ég ekki séð björgin steypast í átt til Mín ofan af fjallinu; Þú verndaðir Mig frá þeim og varðveittir Mig í rammgerðu virki guðlegrar einingar Þinnar.

Dýrlegur og upphafinn ert Þú, og lof sé Þér fyrir allt sem Þú elskar og þráir, og þökk sé Þér fyrir það sem Þú hefur mælt fyrir um og forákvarðað. Frá ómunatíð hefur mild miskunn Þín stigið af hæðum ofan og ekkert lát hefur orðið né mun nokkru sinni verða á ferli sköpunar Þinnar. Handverk Þitt er ólíkt verkum allra annarra en Þín, og góðum gjöfum Þínum verður aldrei jafnað saman við gjafir annarra en Þín sjálfs.

¹⁰⁹ Chihriq-fjall í Aserbaidsjan.

Lof sé Þér, ó ástvinur Minn, og miklað sé nafn Þitt. Allt frá þeirri stundu er Ég sté fæti inn í þetta virki og þar til Ég fer héðan, sé Ég Þig í veldisstól dýrðar Þinnar og tignar, sendandi niður yfir Mig margvísleg tákn ríkulegrar hylli Þinnar og náðar. Þú sérð að dvalarstaður Minn er aðeins í hjarta fjallanna, og í persónu Minni skynjar Þú ekkert nema vitnisburði um niðurlægingu og einsemd.

Lofað sé nafn Þitt; Ég færi Þér þakkir fyrir allt sem gerist sakir órannsakanlegrar ákvörðunar Þinnar og lofa Þig fyrir sérhvert tákn þrengingar sem Þú sendir Mér. Eftir að Þú leyfðir að Mér væri varpað í prísundina, breyttir Þú henni í Edenslund og gerðir hana að vistarveru í forgarði eilífs samneytis.

Hversu fjölmörg voru eigi versin sem Þú sendir niður til Mín og bænirnar sem Þú heyrðir Mig færa Þér. Hversu fjölmargar voru eigi þær opinberanir sem Þú ákvarðaðir Mér og þær upplifanir sem Þú sást í Mér.

Miklað sé nafn Þitt. Margvíslegum raunum hefur ekki tekist að aftra Mér að þakka Þér fyrir og vanköntum Mínum hefur ekki tekist að koma í veg fyrir að Ég vegsami dyggðir Þínar. Hinir vantrúðu höfðu áformað að þessi dvalarstaður færði Mér smán og niðurlægingu. En Þú hefur gert Mig dýrlegan með ákalli til Þín, upphafið Mig með lofgjörð til Þín, náðarsamlega hjálpað Mér með opinberunum einingar Þinnar og veitt Mér mikinn heiður með ljómandi dýrð Þinnar öldnu eilífðar. Eldinum skipar Þú að verða „græðismyrsþjóni Mínum,“ og prísundinni að verða „aðsetur mildrar samúðar þjóni Mínum sem tákn frá návist Minni.“ Já, Ég sver við dýrð Þína; fyrir Mér hefur prísundin ekki reynst annað en unaðsleg paradís og þjónað sem göfugasti reiturinn í ríkinu hið efra.

Lofaður og vegsamaður sért Þú. Hversu oft mættu Mér eigi þrengingar og Þú mildaðir þær og afstýrðir þeim fyrir náðarsamlega hylli Þína; og hversu oft stofnaði eigi fólkið til uppnáms gegn Mér en Þú lægðir öldurnar með mildri miskunn Þinni. Hversu oft kveikti eigi Nimrod lýðsins bál þar sem átti að brenna Mig en Þú gerðir bálið að græðismyrsþjóni Mínug; og hversu margvísleg voru eigi þau tilvik þegar vantrúarmennirnir tóku ráð saman um að niðurlægja Mig og Þú breyttir þeim í sæmd Mína og heiður...

Sannlega ert Þú æðsta löngun allra einlægra leitenda og markmið þeirra sem þrá Þig. Þú ert sá sem ert reiðubúinn að svara ákalli þeirra sem viðurkenna guðdómlega einingu Þína, sá sem hinir hugdeigu kikna fyrir, fullir ótta og lotningar. Þú ert hjálpari hinna þurfsandi, frelsari hinna föngnu, sá sem niðurlægir kúgarana, tortímandi misgerðarmannanna, Guð allra manna, Drottinn alls sem skapað er. Þín ert ríki sköpunar og opinberunar, ó Þú sem ert Drottinn allra veraldanna.

Ó, Þú sem öllum nægir! Þú nægir Mér í öllum þrengingum sem að Mér kunna að steðja og í hverri áþján sem kann að mæta Mér. Þú ert eini félagi Minn í einsemd Minni, yndi hjarta Míns í einveru Minni og ástvinur Minn í prísund Minni og dvalarstað. Enginn er Guð nema Þú!

Hverjum og einum sem Þú nægir verður ekki sleginn harmi; hver og einn sem Þú verndar mun aldrei tortímast; hverjum og einum sem Þú hjálpar verður aldrei búin niðurlæging; og sá sem Þú beinir að sjónum Þínum verður aldrei fjarri Þér.

Rita því niður fyrir okkur allt sem er af Þér og fyrirgef okkur fyrir það sem við erum. Sannlega ert Þú Drottinn máttar og dýrðar, Drottinn allra veraldanna. „Fjarri sé það dýrð

Drottins Þíns, Drottins alls mikilleika, sem þeir eigna honum, og friður hvíli yfir postulum Hans, og lof sé Guði, Drottni allra veraldanna.¹¹⁰

DÝRÐ sé Þér, ó Guð! Þú ert sá Guð sem varst fyrir upphaf alls sem er, Hann sem verður eftir endalok alls sem er og Hann sem varir handan alls sem er. Þú ert sá Guð sem allt þekkir, æðri öllu sem er. Þú ert sá Guð sem sýnir miskunn öllu sem er, dæmir milli alls sem er og sérð allt sem er. Þú ert Guð Drottinn minn, Þú þekkir aðstæður mínar, Þú ert vitni að innri og ytri verund minni.

Veit mér og þeim átrúendum sem hafa svarað kalli Þínu fyrirgefningu Þína. Ver mér sá hjálpari sem nægir mér gegn misgerðum hvers og eins sem vill valda mér sorg eða óskar mér ills. Sannlega ert Þú Drottinn alls sem er. Þú nægir öllum og enginn getur er sjálfum sér nógur án Þín.

ÉG bið Þig í nafni ljómans frá dýrlegri ásýnd Þinni, tign Þíns aldna mikilfengleika og mátt yfirskilvitlegra yfirráða Þinna að ákvarða okkur á þessari stundu allt sem er gott og sæmandi og fyrirhuga okkur sérhvern skerf af úthellingu náðar Þinnar. Því að gjafir valda Þér engum missi og veiting hylli og náðar dregur ekki úr auðlegð Þinni.

Dýrlegur ert Þú, ó Drottinn! Sannlega er ég fátækur en Þú ert í sannleika hinn ríki; sannlega er ég lítils megnugur en Þú ert í sannleika hinn völdugi; sannlega er ég vanmáttugur en Þú ert í sannleika hinn máttugi; sannlega er ég niðurlægður en Þú ert í sannleika hinn upphafnasti; sannlega er ég þjáður en Þú ert í sannleika Drottinn máttar og valds.

FYRIRHUGA mér, Drottinn, allt hið góða sem Þú hefur skapað eða munt skapa, og vernda mig fyrir öllu illu sem Þér er andstyggð í því sem Þú hefur skapað eða munt skapa. Í sannleika umlykur þekking Þín allt sem er. Lofaður sé Þú, sannlega er enginn Guð til nema Þú, og ekkert á himnum eða jörðu og hvarvetna þar á milli getur nokkurn tíma komið í veg fyrir áform Þitt. Sannarlega hefur Þú vald yfir öllu sem er.

Fjarri sé það tign verundar Þinnar, ó Guð minn, að einhver leiti ástúðar Þinnar eða hylli. Fjarri sé það yfirskilvitlegri dýrð Þinni að einhver biðji Þig um sannanir fyrir gjöfum Þínar og mildri miskunn. Of hátt ert Þú hafinn til þess að nokkur sál geti beðið um opinberun náðarríkrar forsjónar Þinnar og ástríkrar umhyggju, og of heilög er dýrð Þín til að einhver geti beðið Þig um úthellingu blessana Þinna og himneskrar náðar og miskunnar. Um allt ríki himins Þíns og jarðar, sem veitist margvíslegum náðargjöfum, ert Þú ómælanlega dýrlegur ofar öllu sem hægt er að segja frá eða lýsa.

Það eina sem ég bið um, ó Guð minn, er að gera mér kleift að öðlast velþóknun Þína áður en sál mín skilst við líkamann, jafnvel þótt hún veittist mér um stund sem er óendanlega lítið brot af mustarðskorni. Því ef hún hverfur meðan ég nýt velþóknunar Þinnar verð ég laus við allar áhyggjur og kvíða; en hverfi hún meðan ég vanþóknast Þér kæmi ekkert mér að haldi,

¹¹⁰ Kóraninn 37:180–82.

jafnvel þótt ég hefði unnið allar góðar gerðir. Og þótt ég hefði unnið til alls heiðurs og dýrðar, myndi hvorugt stoða mig eða upphefja.

Því bið ég Þig af einlægni, ó Guð minn, að veita mér velþóknun Þína, þegar Þú lætur mig stíga upp til Þín og birtast í heilagri návist Þinni, því að Þú hefur frá eilífð verið Guð takmarkalausrar náðar þeim sem eru í ríki Þínu og Drottinn ágætustu gjafa til allra sem dvelja á upphöfnum himni almættis Þíns.

HVERSU fjölmargar voru eigi þær sálir sem reistar voru til lífs og þoldu skelfilega niðurlægingu á vegi Þínum fyrir að mikla orð Þitt og vegsama guðdómlega einingu Þína! Hve yfirfljóttandi er eigi það blóði sem úthellt hefur verið sakir trúar Þinnar til að sanna réttmæti guðlegs ætlunarverks Þíns og til að færa Þér lof! Hversu miklar eignir voru eigi teknar með rangindum á vegi ástar Þinnar til staðfestingar á upphöfnum heilagleik Þínum og til vegsömunar á dýrlegu nafni Þínu! Hve margir fætur hafa eigi troðið rykið til að mikla Þitt heilaga orð og lofa dýrð Þína! Hve ótalmargar voru eigi raddirnar sem kveinuðu harmsfullar, hjörtun sem lostin voru skelfingu, kveinstafirnar sáru sem Þú einn getur talið, mótlætið og þrengingarnar sem eru órannsakanlegar öllum nema sjálfum Þér; allt er þetta, ó Guð minn, til staðfestingar á ofurtign Þinni og heilagleika og til að sýna fram á yfirskilvitleg auðkenni dýrðar Þinnar.

Þessi boð komu frá Þér til þess að allt sem skapað er gæti borið því vitni að það varð til vegna Þín og einskis annars. Þú hefur meinað þeim um þá hluti sem færa hjörtum þeirra rósemi svo að þeir mættu vita með fullri vissu að allt sem tengist heilagri verund Þinni er miklu æðra og upphafnara en allt sem gæti fullnægt þeim; því að óbugandi kraftur Þinn umlykur allt sem skapað er og ekkert getur nokkru sinni sigrast á honum.

Vissulega hefur Þú látið þessa mikilfenglegu atburði gerast til þess að þeir sem gæddir eru skilningi viðurkenni fúslega að Þú kvaðst á um þá til að sýna fram á tign guðlegrar einingar Þinnar og til að staðfesta upphafningu heilagleika Þíns.

DÝRÐ sé Þér, ó Drottinn! Þótt Þú getir svipt manninn öllum jarðneskum eignum og gert hann í krafti ákvörðunar Þinnar fátækan alla ævi uns hann stígur upp til Þín, en hefðir samt skapað hann af meiði ástar Þinnar, væri sú hylli honum sannarlega dýrmætari en allt sem Þú hefur skapað á himni og jörðu og hvarvetna þar á milli; því hann mun erfa himnesku heimkynnin með opinberun hylli Þinnar og njóta þeirra góðu gjafa sem Þú ákvarðar þeim; því að það sem er með Þér er óþrjóttandi. Þetta er í sannleika sú blessun sem Þú af velþóknun vilja Þíns veitir þeim sem feta veg ástar Þinnar.

Hversu fjölmargar sálir voru eigi teknar af lífi Þín vegna fyrr á tímum og sem á okkar dögum vekja stolt í hugum manna sem stæra sig af nöfnum þeirra; og hversu margir voru eigi þeir sem Þú gerðir kleift að eignast jarðnesk auðæfi og raka þeim saman en voru sviptir sannleika Þínum og eru nú með öllu gleymdir. Þeirra bíður mikil hegning og hörmuleg refsing.

Ó Drottinn! Lát meið guðdómlegrar einingar Þinnar vaxa hratt; vökva það því, ó Drottinn,

með streymandi vötnum velþóknunar Þinnar, og lát hann bera þá ávexti frammi fyrir opinberunum guðlegrar fullvissu Þinnar sem Þú vilt fyrir vegsömun Þína og upphafningu, lof Þitt og þakkargjörð og til að mikla nafn Þitt, lofa einingu eðlis Þíns og tilbiðja Þig, því að allt er þetta í Þínum höndum og einskis annars.

Mikil er blessun þeirra sem Þú hefur útvalið til að vökva meið staðfestingar Þinnar með blóði sínu og upphefja þannig Þitt heilaga og óumbreytanlega orð.

Ákvarða mér, ó Drottinn minn, og þeim sem trúá á Þig það sem okkur er fyrir bestu að mati Þínu eins og skráð er í Móðurbókina, því að í greipum Þínum er ákveðinn mælir alls sem er.

Góðar gjafir Þínar streyma stöðugt yfir þá elska Þig og undursamleg tákni himneskrar náðar Þinnar veitast þeim ríkulega sem viðurkenna guðdómlega einingu Þína. Við felum Þér umsjá alls sem Þú hefur ákvarðað okkur og biðjum Þig að veita okkur allt hið góða sem alltumlykjandi þekking Þín býr yfir.

Vernda mig, ó Drottinn minn, fyrir öllu illu sem alvíska Þín skynjar því að engan kraft eða styrk er að finna nema í Þér, enginn sigur kemur nema frá návist Þinni og boðvald ber Þér einum. Allt sem Guð hefur viljað hefur orðið og það sem Hann hefur ekki viljað verður ekki.

Engan mátt eða styrk er að finna nema í Guði, hinum upphafnasta og máttugasta.

Ó DROTTINN! Ger öllum þjóðum jarðarinnar kleift að fá aðgang að paradís trúar Þinnar svo að engin sköpuð vera megi dvelja utan marka velþóknunar Þinnar.

Frá ómunatíð hefur Þú verið þess megnugur að gera það sem Þér þóknast, upphafinn yfir allt sem Þú þráir.

GEF mér, ó Guð minn, fullan mæli ástar Þinnar og velþóknunar og ger hjörtu okkar hugfangin af skínandi ljósi Þínu, ó Þú sem ert vitnisburðurinn æðsti, hinn aldyrlegi. Send niður yfir mig, sem tákni um miskunn Þína, endurlífandi andblæ Þinn á degi og nóttu, ó örláti Drottinn.

Enga dáð hef ég drýgt, ó Guð minn, að ég verðskuldi að líta ásýnd Þína og ég veit með vissu, að þótt ég lifði jafn lengi og veraldirnar vara, myndi mér ekki takast að drýgja neina þá dáð sem verðskuldaði slíka hylli, því að staða þjóns Þíns verður ávallt óverðug heilögum hífýlum Þínum nema örlæti Þitt nái til mín og ljúf miskunn Þín gagntaki mig og ástúð Þín umlyki mig.

Allt lof sé Þér, ó Þú, sem einn ert Guð. Ger mér af náð Þinni kleift að stíga upp til Þín og hljóta þann heiður að dvelja í návist Þinni og hafa samneyti við Þig einan. Enginn er Guð nema Þú.

Í sannleika, ef Þú óskaðir að veita þjóni Þínum blessun myndir Þú afmá úr hjarta Hans alla minningu og hneigð nema minninguna um sjálfan Þig; og ef Þú áformaðir þjóni Þínum illt hlutskipti sakir þess sem hendur hans hafa ranglega gert fyrir augliti Þínu, myndir Þú reyna hann með gæðum þessa heims og hins næsta, til þess að þau tækju hug hans allan og hann gleymdi að ákalla Þig.

DÝRÐ sé Þér, ó Drottinn, Þú sem hefur kallað allt sem skapað er til lífs í krafti boða Þinna.

Ó Drottinn! Hjálpa þeim sem hafa hafnað öllu öðru en Þér og veit þeim veglegan. Send niður yfir þá, ó Drottinn, herskara englanna á himni og jörðu og hvarvetna þar á milli til að hjálpa þjónum Þínum, styðja þá og styrkja, gera þeim kleift að ná árangri, næra þá, veita þeim dýrð, heiður og upphafningu, auðga þá og gera þá sigursæla með undursamlegum sigri.

Þú ert Drottinn þeirra, Drottinn himnanna og jarðarinnar, Drottinn allra veraldanna. Styrk þessa trú, ó Drottinn, með afli þessara þjóna og lát þá vinna sigur á öllum þjóðum heims; því að þeir eru að sönnu þjónar Þínir sem hafa leyst sig frá öllu öðru en Þér, og Þú ert sannlega verndari hinna sanntrúðu.

Gef Þú, ó Drottinn, að hjörtu þeirra megi með hollustu við þessa ólýtanlegu trú Þína, verða sterkari en allt annað á himni og jörðu og allt sem þar er á milli; og styrk Þú, ó Drottinn, hendur þeirra með táknum undursamlegs afls Þíns svo að þær megi birta mátt Þinn í ásýnd alls mannkyns.

Ó DROTTINN! Hjá Þér leita ég athvarfs og sný hjarta mínu í átt til allra tákna Þinna.

Ó Drottinn! Hvort sem ég er á ferðalagi eða heima við, í starfi mínu og atvinnu, set ég allt traust mitt á Þig.

Veit mér því hjálp Þína sem ein nægir mér svo að ég verði óháður öllu sem er, ó Þú sem ert óviðjafnanlegur í miskunnsemi Þinni!

Úthluta mér mínum skerfi, ó Drottinn, að vild Þinni og gef að ég geri mér hvaðeina að góðu sem Þú hefur ákvarðað mér.

Óskorað er vald Þitt til að skipa fyrir.

Ó DROTTINN! Þú ert sá sem fjarlægir alla angist og flæmir á braut sérhverja þrengingu. Þú ert sá, sem gerir útlæga hverja sorg og leysir sérhvern bandingja, endurlausnari allra sálna. Ó Drottinn! Veit Þú lausn Þína sakir miskunnar Þinnar og tel mig með þeim þjónum Þínum sem hlotnast hefur frelsun.

UM alla eilífð Þú hefur verið, ó Drottinn minn, og munt ævinlega vera einn og sannur Guð; allir aðrir en Þú eru þurfandi og snauðir. Eftir að ég tók föstu taki um haldreipi Þitt, ó Guð minn, hef ég leyst mig frá öllu mannkyni, og eftir að ég beindi ásýnd minni að híbýlum mildrar miskunnar Þinnar hef ég snúið baki við öllu sem skapað er. Innblás mig náðarsamlega, ó Guð minn, miskunn Þinni og örlæti, dýrð Þinni og hátign, yfirráðum Þínum og mikilfengleika, því að engan máttugan og alvitran finn ég annan en Þig. Vernda mig, ó Guð minn, í krafti yfirskilvitlegrar og alnægjandi dýrðar Þinnar og herskara himins og jarðar, því að á engan get ég sett allt mitt traust nema Þig og hvergi er athvarf er að finna nema hjá Þér.

Þú ert Guð, Drottinn minn, Þú þekkir þarfir mínar, Þú sérð hvernig fyrir mér er komið, veist vel hvað fallið hefur mér í hlut sakir boða Þinna og þekkir þær jarðnesku þjáningar sem ég hef þolað með Þínu leyfi og sem tákni um gæsku Þína og hylli.

DÝRÐ allra dýrða og tærasta ljós hvíli yfir Þér, ó Guð minn. Tign Þín er svo yfirskilvitleg að enginn mannlegur hugur getur gert sér grein fyrir henni og fullkominn máttur Þinn svo upphafinn að fuglar hjartna og huga mannanna geta aldrei svifið til þeirra hæða. Allar verundir viðurkenna að þeim er um megn að lofa Þig eins og sæmir stöðu Þinni. Ómælanlega upphafinn ert Þú. Enginn getur vegsamað verund Þína eða skilið þá vitnisburði gæsku Þinnar sem eru í innsta eðli Þínu því að Þú einn þekkir Þig sjálfan eins og Þú ert í sjálfum Þér.

Ég færi Þér lof, ó Drottinn Guð okkar, fyrir þá náðargjöf að hafa kallað til lífs ríki sköpunar og uppgötvana – lof sem skín geislandi í krafti innblásturs Þíns og enginn annar en Þú færð metið með réttu. Ég vegsama Þig þar að auki og þakka Þér eins og sæmir mikilfenglegri návist Þinni og dýrð yfirþyrmandi tignar Þinnar fyrir þessa ædstu blessun, þetta undursamlega tákni sem birtist í ríkjum opinberunar Þinnar og sköpunar.

Öll dýrð sé Þér. Ómælanlega upphafið er það Þér sæmir. Vissulega hefur enginn nokkru sinni skilið til fulls háleita stöðu Þína og enginn nema Þú hefur þekkt Þig eins og Þér sæmir. Þú birtist í úthellingu gæsku Þinnar og hylli og enginn annar en Þú fær skilið ofurmátt opinberunar Þinnar.

Miklað sé nafn Þitt. Hefur eitthvað annað en Þú einhverja sjálfstæða tilveru sem geti gefið vísbendingu um eðli Þitt, og hefur einhver annar en Þú minnsta vott auðkenna sem gætu gert mér kleift að þekkja Þig? Alælt sem þekkt er á tilvist sína að þakka dýrð nafns Þíns, hins augljósasta, og sérhver hlutur er djúpt snortinn af síkvikum áhrifum ósigrandi vilja Þíns. Þú ert nær öllu sem skapað er en allt sem skapað er.

Lofaður og vegsamaður sért Þú. Of upphafin er tign Þín til þess að hendur þeirra sem gæddir eru skilningi geti náð til Þín og of voldug eru ómælisdjúp Þín til þess að fljót mannlægs huga og skynjunar geti streymt þaðan.

Í nafni Guðs hins samúðarfulla, hins miskunnsama.

ALLT lof sé Guði sem var eilífur og ævarandi áður en sköpunin varð til og enginn var til annar en Hann. Hann var hinn ævarandi áður en nokkur þáttur í sköpun Hans varð til. Sannlega tekst sálum hinna skilningsríku ekki að greina smæstu birtingarmynd eiginda Hans og hugum þeirra sem hafa viðurkennt einingu Hans er ókleift að skilja jafnvel hið þýðingarminnsta af táknum almættis Hans.

Helgaður ert Þú, ó Drottinn Guð minn. Tungum mannanna er um megn að vegsama dýrlegt handverk Þitt, hversu miklu síður geta þær vegsamað tign yfirskilvitlegs máttar Þíns; og þar sem mannlegur skilningur stendur fullkomlega ráðalaus andspænis leyndardómi hins minnsta fyrirbæris í sköpun Þinni, hvernig getur þá nokkur maður nokkurn tíma öðlast þekkingu á Þinni eigin verund?

Ég hef þekkt Þig vegna þess að Þú gerðir mér kunnugt að Þú ert óþekktanlegur öllum nema sjálfum Þér. Mér hefur orðið ljóst vegna þeirrar sköpunar sem Þú hefur mótað úr

fullkominni eiveru að leiðin til að öðlast skilning á eðli Þínu er öllum lokuð. Þú ert Guð og enginn er Guð nema Þú. Enginn nema Þitt eigið sjálf getur skilið eðli Þitt. Þú átt Þér engan jafningja eða féлага. Frá eilífu hefur Þú verið einn og enginn annar hefur verið en Þú, og til eilífdar munt Þú vera einn og hinn sami og ekkert sem skapað er getur nokkru sinni nálgast upphafna stöðu Þína.

Allir menn, ó Guð minn, játa að þeim er um megn að þekkja Þig eins og Þú þekkir Þína eigin verund. Sú skapandi hvöt sem Þú hefur leyst úr læðingi er augljós í öllu sköpunarverkinu og allt sem Þú hefur skapað og er aðeins birting undursamlegra tákna Þinna. Miklað sé nafn Þitt; ómælanlega upphafinn ert Þú yfir viðleitni sérhvarrar skapaðrar veru til að öðlast þá þekkingu á Þér sem Þér er verðug og sæmandi.

Lof sé Þér! Leiðin sem Þú hefur farið til að kalla til lífs sköpun Þína úr fullkomnu tilvistarleysi kemur í veg fyrir að allt sem skapað er geti þekkt Þig; og hvernig Þú mótaðir skepnur Þínar með þeim takmörkunum sem á þær eru lagðar sýnir fullkomið tilvistarleysi þeirra frammi fyrir opinberunum eiginnda Þinna.

Upphafinn ert Þú, ó Guð minn! Öllu mannkyni er um megn að lofa dýrð Þína og mannlegan huga skortir afl til að lofa Þig. Ég ber því vitni í návist Þinni, ó Guð minn, að þekking á Þér fæst með undursamlegum táknum Þínum og viðurkenning á Þér fæst með opinberunum tákna Þinna. Sú staðreynd að Þú hefur kallað okkur til lífs hvetur mig til að viðurkenna frammi fyrir Þér að Þú ert ómælanlega hátt hafinn yfir lof okkar og vegsömun, og í krafti þeirra eiginleika sem Þú hefur gætt verund okkar ber ég því vitni frammi fyrir Þér að Þú ert hafinn yfir skilning okkar.

Gef Þú að ég megi svífa til hinna göfugustu hæða þegar ég nálgast Þig og ger mér kleift að koma nær Þér fyrir ilminn af heilagleika Þínum. Megi allar hindranir þannig eyðast í ljósi algleymis og öll fjarlægð frá Þér hverfa þegar ég næ aðsetri endurfunda, og þær óræðu blæjur sem hafa aftrað mér að ná til dýrlegra hóbýla Þinna hverfa svo að ég megi fá aðgang að návist Þinni og eignast samastað í nánd við Þig, tjá lofið og vegsömunina sem Þú hefur lýst fyrir mér Þínu eigin sjálfi fyrir mér og bera því vitni að Þú ert Guð, að enginn er Guð nema Þú, hinn eini, hinn óviðjafnanlegi, hinn ævarandi; að Þú getur ekki afkvæmi og ert sjálfur ekki getinn, að Þú átt Þér engan féлага, að enginn verndar gegn auðmýkingu nema Þú, og að Þú ert Drottinn allra veraldanna. Ég ber því líka vitni að allt annað en Þú er aðeins sköpun Þín og felst í greip Þinni. Engum veitist fjárráð eða býr við skort nema fyrir vilja Þinn. Þú ert konungur eilífdar, yfirbjóðandinn æðsti. Máttur Þinn er ofar öllu sem skapað er og allt sem skapað er á sér tilvist fyrir vilja Þinn. Allt mannkyn játar ánauð sína og vankanta og ekkert er að finna sem ekki syngur Þér lof.

Ég bið Þig ó Guð minn, í nafni dýrlegrar og miskunnsamrar ásýndar Þinnar og tignar Þíns aldna nafns, að svipta mig ekki endurlífandi ilmi tákna um daga Þína - dagana sem Þú sjálfur hefur vígt og mótað.

Þú ert Guð, enginn Guð er til nema Þú.

LOFAÐUR og vegsamlegur ert Þú, ó Drottinn, Guð minn! Þú ríkir æðstur yfir heimi verundar og máttur Þinn umlykur allt sem skapað er. Ríki sköpunar er í greip Þinni og Þú

skapar að Þínu eigin boði og velþóknun.

Allt lof sé Þér, ó Drottinn, Guð minn! Ég bið Þig í nafni þeirra sálna sem bíða eftirvæntingarfullar við hlið Þitt og þeirra helgu vera sem náð hafa til forgarðs návistar Þinnar, að beina að okkur sjónum mildrar miskunnar Þinnar og líta okkur augum ástríkrar forsjónar Þinnar. Lát sálir okkar upptendrast af eldi ástar Þinnar og gef okkur að drekka af lifandi vatni gæsku Þinnar og hylli. Ger okkur staðföst á vegi heitrar ástar Þinnar og ger okkur kleift að dvelja innan mæra heilagleika Þíns. Sannlega ert Þú gjafarinn, hinn veglyndasti, hinn alvitri, sá sem alt þekkir og veit.

Dýrlegur ert Þú, ó Guð minn! Ég ákalla Þig með Þínu mesta nafni sem opinberaði hulda leyndardóma Guðs, hins upphafnasta, og sameinaði ættkvíslir allra þjóða um miðpunkt trúar og fullvissu; sem lét skínandi orð Þín streyma fram til þess að endurlífga mannkynið og innsta eðli allrar þekkingar birtast frá þeirri holdtekju hylli og náðar. Megi lífi mínu, innstu verund, sál og líkama verða fórn að fyrir dustið sem göfgast hefur af fótsporunum Hans.

Ég bið Þig af einlægni, ó Drottinn Guð minn, í Þínu dýrlegasta nafni sem grundvallað hefur drottinvald Þitt og opinberað táknið um mátt Þinn, og látið höf lífsins og heilags algleymis brima til að færa fúnandi beinum allra skepna Þinna nýtt líf og hræra limi þeirra sem hafa játað málstað Þínum — ég bið Þig af einlægni að áforma okkur gæði þessa heims og hins næsta, gera okkur kleift að fá inngöngu í forgarð miskunnar Þinnar og ástúðlegrar umhyggju og tendra í hjörtum okkar eld gleði og algleymis svo að hjörtu allra manna megi laðast að þeim.

Sannlega ert Þú hinn alvaldi, verndarinn, hinn almáttugi, hinn sjálfumnógi.

DÝRÐ sé Þér, ó Drottinn Guð minn! Ég bið Þig að fyrirgefa mér og þeim sem styðja trú Þína. Vissulega ert Þú allsráðandi Drottinn, fyrirgefandinn, hinn örlátasti. Ó Guð minn! Gef að þeir þjónar Þínir sem eru sviptir þekkingu á Þér fái inngöngu í málstað Þinn, því að þegar þeir eitt sinn hafa heyrt um Þig bera þeir vitni sannleikanum um dómsdag og andmæla ekki opinberunum örlætis Þíns. Send niður yfir þá tákni náðar Þinnar og gef þeim, hvar sem þeir eru staddir, ríkulegan skerf af því sem Þú hefur ákvarðað hinum guðræknu meðal þjóna Þinna. Þú ert í sannleika stjórnandi æðsti, hinn algjöfuli, hinn gæskuríkasti.

Ó Guð minn! Lát hylli Þína og blessanir streyma yfir heimili þeirra sem tekið hafa trú Þína sem tákni um náð Þína og til merkis um ástúðlega umhyggju frá návist Þinni. Vissulega ert Þú fremstur þeirra sem fyrirgefa. Veitist einhverjum ekki náð Þín, hvernig gæti hann talist til fylgjenda trúar Þinnar á degi Þínum?

Blessa mig, ó Guð minn, og þá sem trúá á tákni Þín á hinum tilsetta degi og þá sem varðveita ást mína í hjörtum sínum – ástina sem Þú glæðir í brjósti þeirra.

Vissulega ert Þú Drottinn réttlætis, hinn upphafnasti.

ÓMÆLANLEGA upphafinn ert Þú, ó Guð minn, yfir viðleitni allra vera og alls sem skapað er til að lofa Þig og þekkja. Engin skepna getur nokkru sinni fengið skilning á Þér sem sæmir veruleika heilagrar verundar Þinnar og enginn þjónn getur nokkru sinni tilbeðið Þig eins og

verðugt er óþekkjanlegu eðli Þínu. Lofaður sért Þú; of háleitt er upphafið sjálf þitt til þess að einhver vísbending skepna Þinna geti nokkru sinni fengið aðgang að návist Þinni.

Ó Guð minn, hvenær sem ég hef svifið inn í heilagt andrúm þitt og fyllst innsta anda bænar til Þín, varð ég þess vís að Þú ert ótilkvæmilegur og að ekkert orð um þig getur nokkru sinni náð til yfirskilvitlegs forgarðs Þíns. Þess vegna sný ég mér til ástvina Þinna - þeirra sem Þú hefur náðarsamlega veitt Þína eigin stöðu til þess að þeir geti sýnt ást Þína og sanna þekkingu Þína. Blessa þá, ó Guð minn, með allri sæmd og góðum gjöfum sem þekking Þín kann að áforma þeim innan veldis máttar Þíns.

Ó Guð minn, Drottinn minn og meistari! Ég sver við mátt þinn og dýrð að Þú einn og enginn annar en Þú ert fullkomin og endanleg þrá allra manna, og að Þú einn og enginn annar en Þú ert takmark allrar tilbeiðslu. Ó Guð minn! Leiðir ótilkvæmilegrar dýrðar Þinnar hafa fengið mig til að mæla þessi orð, og leiðir ótilkvæmilegra hæða Þinna hafa leitt mig til þessara óbeinu tilvísana. Upphafinn ert Þú, ó Guð minn! Vitnisburðirnir um opinberun Þína eru of augljósir til að ég þurfi að vísa til nokkurs annars en Þín sjálfs, og ástin sem ég ber til Þín er mér miklu ljúfari en þekking á öllu öðru og leysir mig frá allri þörf til að leita þekkingar hjá nokkrum öðrum en Þér.

Allt lof sé Þér, ó Drottinn minn. Sannleg trúi ég á þig eins og Þú ert í sjálfum Þér; og þig eins og Þú ert í sjálfum Þér bið ég að fyrirgefa sjálfum mér og öllu mannkyni.

Ó Guð minn! Ég hef flúið fullkomlega til ásýndar Þinnar og varpað mér fram fyrir þig og ekkert vald hef ég yfir neinu í heilagri návist Þinni. Ef Þú refsar mér með mætti Þínum, væri ákvörðun Þín vissulega réttlát; og gæfir Þú mér sérhverja góða gjöf, værir Þú vissulega hinn veglyndasti, hinn örláti. Sannlega ert Þú óháður öllum í þessari veröld.

Ég hef leitað endurfunda við þig ó Meistari minn, en samt tekst mér það ekki nema með þekkingu á andlegri lausn og frelsi frá öllu nema Þér. Ég hef þráð ást Þína en ekki fundið hana nema með því að snúa baki við öllu öðru en Þér. Ég hef verið þráð að tilbiðja þig en samt tekst mér það ekki nema með því að elska þá sem elska þig. Engan þekki ég, ó Guð minn, nema þig. Þú ert óviðjafnanlegur og átt Þér engan jafningja. Þú einn þekkir bresti okkar og enginn annar hefur þá þekkingu til að bera. Ég bið þig fyrirgefningar á öllu sem Þér kann að mislíka.

Ég ákalla þig allar stundir með tungu innblásturs Þíns og segi: „Þú ert í sannleika eigandi alls sem er, hinn óviðjafnanlegi. Enginn Guð er til nema Þú. Ómælanlega hátt ert Þú hafinn yfir lýsingar þeirra sem drambsfullir eigna Þér jafningja.“

ÖLL tign og dýrð, ó Guð minn, og allt veldi og ljós, mikilfengleiki og dýrð sé Þér. Þú veitir yfirráð þeim sem Þér líst og meinar um þau hverjum sem Þú kýst. Enginn Guð er til nema Þú, hinn alvaldi, hinn hæsti. Þú ert sá sem úr alls engu skapar alheiminn og alla sem þar dvelja. Ekkert er Þér verðugt nema Þú sjálfur og allir aðrir en Þú eru sem úrhrök í heilagri návist Þinni og án tilvistar andspænis dýrð þinnar eigin verundar.

Fjarri sé mér að vegsama dyggðir Þínar nema með því sem Þú vegsamar sjálfan þig í þungvægri bók Þinni þar sem Þú segir: „Enginn fær Hann augum litið, en sjónir Hans spanna allt sem er. Óræðir eru vegir Hans og Hann skynjar allt sem er.“¹¹¹ Dýrð sé Þér, ó Guð minn,

¹¹¹ Sbr. Kóraninn 6:103.

vissulega getur enginn sýn eða hugur, hversu ákafur eða glöggur sem hann er, nokkru sinni skilið eðli þýðingarminnstu tákna Þinna. Sannlega ert Þú Guð, enginn Guð er til nema Þú. Ég ber því vitni að Þú ert sjálfur eina tjáning eiginda Þinna, að vegsömun annarra en Þín fær aldrei nokkru sinni náð til Þíns heilaga forgarðs og enginn annar en Þú getur nokkru sinni skilið eigindir Þínar.

Dýrð sé Þér, upphafinn ert Þú yfir lýsingu allra nema Þín sjálfs, því það er ofar og handan mannlegum huga að mikla dyggðir Þínar á sæmandi hátt eða skilja innsta veruleika eðlis Þíns. Fjarri sé það dýrð Þinni að skepnur Þínar lýsi Þér eða að nokkur annar en Þú sjálfur fái nokkru sinni þekkt Þig. Ég hef þekkt Þig ó Guð minn, vegna þess að Þú veittir mér þekkingu á Þér, og hefðir Þú ekki opinberast mér hefði ég ekki þekkt Þig. Ég tilbið Þig í krafti þess að Þú kallaðir mig til Þín, og hefði það ekki verið fyrir kall Þitt hefði ég ekki tilbeðið Þig. Lofaður sért Þú, ó Guð minn, misgerðir mínar hafa aukist stórlega og syndir mínar vaxið hörmulega. Hve vansæmandi verður ekki hlutskipti mitt í heilagri návist Þinni. Mér hefur ekki tekist að þekkja Þig eins og Þú opinberaðist mér; mér hefur mistekist að tilbiðja Þig af þeirri hollustu sem er verðug kalli Þínu; mér hefur ekki lánast að hlýða Þér með því að feta vegu ástar Þinnar eins og Þú blést mér í brjósti að gera.

Máttur Þinn, ó Guð minn, ber mér vitni að það sem Þér sæmir er miklu herra og upphafnara en nokkur verund fær tjáð. Að sönnu getur ekkert sem skapað er nokkru sinni skilið Þig eins og Þér sæmir né getur nokkur ánauðug skepna tilbeðið Þig eins og Þér sæmir. Svo fullkomin og altæk er sönnun Þín, ó Guð minn, að innra eðli hennar er hafin yfir lýsingu allra sálna og svo ríkulegar eru úthellingar gjafa Þinna að enginn hugur getur lagt mat á takmarkalaust umfang þeirra.

Ó Guð minn! Ó Meistari minn! Ég bið Þig í nafni margvíslegra náðargjafa Þinna og stoðanna undir dýrðarhásæti Þínu, að aumkast yfir þessa lítilmagna sem ekkert þrek hafa til að bera ógeðfellda atburði þessa hverfula lífs, hversu miklu síður refsingu Þína í lífinu sem kemur - refsingu sem réttlæti Þitt áskilur og stafar af reiði Þinni og varir til eilífðarnóns.

Ég bið Þig í nafni Þín sjálfs, ó Guð minn, Drottinn minn og meistari, að hafa milligöngu fyrir mig. Ég hef flúið réttlæti Þitt og leitað miskunnar Þinnar. Ég leita athvarfs hjá Þér og þeim sem ekki hverfa af vegi Þínum, þótt ekki sé nema örskotsstund — þeim sem Þú mótaðir sköpunina fyrir til marks um náð Þína og hylli.

Ó GUÐ MINN! Engan er að finna sem linar angist sálar minnar nema Þig og Þú ert æðsta von mín og þrá, ó Guð minn. Hjarta mitt er helgað Þér einum og þeim sem Þú elskar. Ég lýsi því yfir að líf mitt og dauði eru helguð Þér. Sannlega ert Þú óviðjafnanlegur og átt Þér engan líka.

Ó Drottinn minn! Ég bið Þig að fyrirgefa mér útilokun mína frá Þér. Ég sver við dýrð Þína og tign, mér hefur mistekist að bera kennsl á Þig og tilbiðja Þig eins og Þér sæmir en Þú veittir mér þekkingu á Þér og bauðst mér að minnast Þín eins og stöðu Þinni sæmir. Harmur og sorg myndu grípa mig, ó Drottinn minn, ef Þú hremmdir mig vegna misgerða minna og yfirsjóna. Engan hjálpara þekki ég nema Þig. Einskis athvarfs get ég leitað annars en Þín. Ekkert skjól hef ég að flýja til nema Þín. Engin af skepnum Þínum dirfist að leita á náðir Þínar án Þíns leyfis. Ég held fast við ást Þína frammi fyrir forgarði Þínum, og að boði Þínu

bið ég til Þín af einlægni eins og sæmir dýrð Þinni. Ég bið þig að hlýða ákalli mínu eins og Þú hefur heitið mér. Sannlega ert Þú Guð; enginn Guð er til nema Þú. Einn og án nokkurs hjálpara ert Þú óháður öllu sem skapað er. Hvorki getur tryggð elskenda Þinna gagnast Þér né illgerðir hinna trúlausu valdið Þér tjóni. Sannlega ert Þú Guð minn sem aldrei bregst fyrirheiti sínu.

Ó Guð minn! Ég bið þig í nafni vitnisburðanna um náð Þína, að leyfa mér að nálgast hæstu hæðir heilagrar návistar Þinnar og vernda mig frá því að hlýða á skírskotanir til nokkurs annars en Þín. Leið Þú skref mín, ó Guð minn, þangað sem Þér þóknast og Þér er kært. Vernda mig með mætti Þínum fyrir heift reiði Þinnar og refsingar, og forða mér frá að ganga inn í hóbýli sem Þér ekki þóknast.

Ó GUÐ minn! Mér hefur mistekist að þekkja þig eins og verðugt er dýrð Þinni, og hef ekki óttast þig eins og sæmir stöðu minni. Hvernig get ég minnst Þín þegar þannig er fyrir mér komið og hvernig get ég beint ásjónu minni að Þér þegar ég hef brugðist þeirri skyldu minni að tilbiðja þig?

Þú kallaðir mig ekki til lífs til að sýna fram á kraft Þinn og mátt sem er fullkomlega augljós og ótvíræður; því að Þú ert Guð sem verið hefur að eilífu þegar ekkert var nema Þú. Öllu fremur skapaðir Þú okkur með yfirskilvitlegum mætti Þínum til þess að hægt sé að nefna okkur lítillaga frammi fyrir geislandi opinberun Ákalls Þíns.

Ég hef enga þekkingu á Þér, ó Guð minn, aðra en þá sem Þú hefur kennt mér til þess að ég mætti þekkja sjálf þitt – en sú þekking endurspeglar aðeins afgang mín og syndir. Hér er ég þá, ó Guð minn, fullkomlega helgaður Þér og fús til að gera það sem Þú vilt. Í auðmýkt fell ég fram fyrir opinberunum miskunnsemi Þinnar og játa að Þú ert Guð, að enginn Guð er til nema Þú, að Þú ert óviðjafnanlegur og átt Þér engan jafningja og að ekkert er til sem líkist Þér. Þessu ber Þú sjálfur vitni eins og sæmir dýrð Þinni.

*Hann er Guð, yfirbjóðandinn alvaldi, hinn ævarandi,
sem allir menn sárþæna um hjálp.*

Lofaður og vegsamaður sért Þú, Drottinn! Tilveran öll og sálir mannanna bera þess vitni að Þú ert hafinn yfir opinberanir handverks Þíns, og þeir sem bera nöfn Þín og eigindir lýsa því yfir að Þú ert ómælanlega hátt hafinn yfir þá vegsömun sem íbúarnir í ríkjum sköpunar og uppgötvana geta fært Þér. Allar birtingar og veruleiki gefa til kynna eðliseiningu Þína, og allar sannanir og tákn endurspeglja þann sannleika að Þú ert Guð og enginn er jafningi Þinn eða félagi í ríkjum himins og jarðar.

Ómælanlega háleitur og helgaður ert Þú, ó Drottinn! Guðleg verund Þín ber vitni um að Þú ert órannsakanlegur öllum sem dvelja í ríki tilveru Þinnar og innsta eðli þitt boðar að Þú ert hátt hafinn yfir lýsingu þeirra sem opinbera dýrð Þína.

Táknin sem hinir helguðu eðliskjarnar opinbera og orðin sem hinir upphöfnu veruleikar tjá og vísbendingar allra himneskra verunda um að Þú sért ómælanlega hátt hafinn yfir

holdtekjur tilverunnar og allir staðfesta hátíðlega að Þú sért ómælanlega ofar lýsingum þeirra sem eru hjúpaðir blæjum ímyndana.

Lof sé Þér, Drottinn! Guðleg verund Þín er tryggur vitnisburður um einingu Þíns innsta eðlis og æðsti guðdómur Þinn ber vitni um einingu Þína og veruleiki alls sem skapað ber því vitni að engin bönd samneytis eða samskipta binda Þig við neitt í því ríki sköpunar sem Þú hefur mótað.

Sérhver glöggskyggn maður, sem klifið hefur göfugar hæðir andlegrar lausnar, og sérhver orðsnillingur, sem hefur náð hinni háleitustu stöðu, ber því vitni að Þú ert Guð, hinn óviðjafnanlegi, og að Þú hefur ekki tilnefnt neinn sem tengist Þér í ríki sköpunar né er nokkurn að finna sem bera má saman við Þig í ríki uppgötvana. Vitringar sem aðeins höfðu hugboð um opinberun dýrðar Þinnar gerðu líkingu af Þér samkvæmt sínum eigin skilningi, og lærdómsmenn sem höfðu aðeins fengið óljósa innsýn í margvíslegar vísbendingar um ástúðlega umhyggju Þína og dýrð, hafa eignað Þér jafningja samkvæmt sínum eigin hugarburði.

Dýrlegur, ómælanlega dýrlegur ert Þú, ó Drottinn! Sérhver maður innsýnar fer villur vegar í tilraunum sínum til að þekkja Þig og hinir lærðustu allra manna fyllast ráðleysi í leit sinni að Þér. Sérhver vitnisburður bregst gagnvart óþekktanlegu eðli Þínu og sérhvert ljós hörfar og gengur til viðar þegar það stendur frammi fyrir örsmárri skímu af hrífandi dýrð máttar Þíns.

Veit mér, ó Drottinn minn, náðarsamlega hylli Þína og góðar gjafir og gef mér það sem sæmir æðstu dýrð Þinni. Hjálpa mér, ó Drottinn minn, að vinna einstæðan sigur. Opna mér dyr óbrigðuls árangurs og gef að það sem Þú hefur heitið sé í nánd. Þú ert í sannleika öflugur yfir öllu sem er. Endurnær hjarta mitt, ó Guð minn, með lifandi vatni ástar Þinnar og gef mér að drekka, ó Meistari minn, af kaleik mildrar miskunnar Þinnar. Leyf mér að dvelja, ó Drottinn minn, í hóbýlum dýrðar Þinnar og lofa mér, ó Guð minn, að komast út úr myrkrinu sem hylur guðdómlega dul Þína. Ger mér kleift að fá hlut í öllu því góða sem Þú hefur veitt Honum sem er Frumpunkturinn og þeim sem eru útskýrendur málstaðar Hans, og áforma mér það sem sæmir Þér og hæfir vel stöðu Þinni. Fyrirgef mér af náð Þinni það sem ég hef gert í heilagri návist Þinni og lít mig ekki augum réttlætis heldur frelsa mig sakir náðar Þinnar, tak á mér af miskunn Þinni og lát mig hreppa það sem samræmist mikilli velþóknun Þinni og er verðugt dýrð Þinni.

Þú ert sá sem ætíð fyrirgefur, hinn aldýrlegi, sá sem veitir stuðning og gjafir, Drottinn nóg samlegrar náðar. Sannlega er enginn Guð nema Þú. Þú ert hinn alvaldi, hinn hæsti.

Helgaður ert Þú, Drottinn, Þú sem allir færa þakkir. Allt sem ég kann að staðhæfa um Þig er aðeins smáanlegur glæpur gagnvart Þér, og allt sem ég kann að nefna varðandi Þig væri sjálft eðli afbrots og yfirtroðslu, og öll vegsömun sem ég kann að færa Þér jafngilti hreinu guðlasti. Engum öðrum en Þér hefur verið eða mun nokkru sinni verða fært að skilja leyndardóm Þinn og engum hefur nokkru sinni tekist né mun nokkru sinni takast að uppgötva eðli Þitt.

Mikill ert Þú! Enginn Guð er til nema Þú. Þú ert í sannleika æðsti stjórnandinn, hjálpin í nauðum, hinn hæsti, hinn óviðjafnanlegi, hinn alvaldi, hinn almáttugi. Sannlega ert Þú máttugur í styrk Þínum, Drottinn yfirskilvitlegrar dýrðar og hátignar.

Vernda Þú, ó Guð, hvern þann sem festir sér þessa bæn í minni og fer með hana á degi og nóttu. Sannlega ert Þú Guð, Drottinn sköpunar, sá sem öllum nægir. Þú ert trúr fyrirheiti Þínu

og gerir það sem Þér þóknast. Þú ert sá sem hefur í greip sinni ríki jarðar og himins. Sannlega ert Þú hinn almáttugi, hinn ótilkvæmilegi, hjálpin í nauðum, hinn alknýjandi.

Ó GUÐ minn, Drottinn minn og meistari! Ég hef skilist við ættmenni mín og leitast við með fulltingi Þínu að verða óháður öllum sem á jörðu dvelja, ætíð reiðubúinn að veita því viðtöku sem er lofsvert fyrir augliti Þínu. Veit mér þau gæði sem gera mig óháðan öllum nema Þér og gef mér ríkulegri skerf af takmarkalausum gjöfum Þínum. Vissulega ert Þú Drottinn ríkulegrar náðar.

ÉG HEITI á Þig við mátt Þinn, ó Guð minn! Lát ekkert verða mér að meini á tímum prófrauna og á gáleysisstundum leiðbein Þú skrefum mínum með innblæstri Þínum. Þú ert Guð; megnugur ert Þú að gera það sem Þér þóknast. Enginn fær staðið gegn vilja Þínum eða komið í veg fyrir áform Þitt.

ÉG BIÐ Þig fyrirgefningar, ó Guð minn, og sárþæni um aflausn eins og Þú vilt að þjónar Þínir hafi þegar þeir snúa sér til Þín. Ég bið þig um að hreinsa okkur af syndum okkar eins og sæmir yfirráðum Þínum og fyrirgefa mér, foreldrum mínum og þeim sem að Þínu mati hafa gengið inn í hífýli ástar Þinnar eins og hæfir yfirskilvitlegum yfirráðum Þínum og sæmir dýrð Þíns himneska valds.

Ó Guð minn! Þú hefur innblásið sál minni að færa Þér bæn sína og væri það ekki fyrir Þitt tilstilli myndi ég ekki ákalla þig. Vegsamaður og dýrlegur sért Þú. Ég færi Þér lof því að Þú opinberaðist mér, og ég bið þig að fyrirgefa mér því ég hef vanrækt þá skyldu mína að þekkjá þig og látið undir höfuð leggjast að ganga vegu ástar Þinnar.

LOFAÐ sé nafn Þitt, ó Drottinn Guð okkar! Þú þekkir í sannleika hið óséða. Ákvarða okkur þau gæði sem alltumlykjandi þekking Þín getur úthlutað. Þú ert yfirbjóðandi Drottinn, hinn almáttugi og ástkærasti.

Allt lof sé Þér, ó Drottinn! Við leitum náðar Þinnar á hinum tilsetta degi og setjum allt okkar traust á þig sem ert Drottinn okkar. Dýrlegur ert Þú, ó Guð! Gef okkur það, sem gott er og sæmandi, svo að við megum hafna öllu nema þér. Vissulega ert Þú Drottinn allra veraldanna.

Ó Guð! Umbuna þeim, sem þolugir þreyja á dögum Þínum og styrk hjörtu þeirra til að feta öruggum skrefum stigu sannleikans. Gef því, ó Guð, þær góðu gjafir sem gera þeim fært að ganga inn í unaðssæla paradís Þína. Upphafinn ert Þú, ó Drottinn Guð. Lát himneska blessun Þína stíga niður yfir heimili þeirra, sem hafa trúað á þig. Vissulega stendur enginn Þér frammar í útdeilingu himneskra blessana af hæðum. Send frá Þér, ó Guð, þá herskara, sem gera munu trúfasta þjóna Þína sigursæla. Þú mótast sköpunina með mætti ákvörðunar Þinnar að vild þinni. Þú ert í sannleika yfirbjóðandinn, skaparinn, hinn alvitri.

Seg: Guð er að sönnu skaparinn allra hluta. Hann gefur ríkulega næringu þeim, sem Hann vill. Hann er skaparinn, uppspretta allrar verundar, mótandinn, hinn almáttugi, smiðurinn,

hinn alvitri. Hann ber hin ágætustu nöfn í öllum himnunum og á jörðunni og hvarvetna þar á milli. Allir hlýða boðum Hans, allir íbúar jarðar og himins vegsama Hann og lofa og til Hans munu allir hverfa aftur.

MEÐ opinberun Þinni, ó Guð minn, hefur Þú gert mér kleift að þekkja Þig og með geislum skínandi dýrðar Þinnar hefur Þú blásið mér í brjóst að ákalla Þig. Þú ert næstur mér, ekkert kemst á milli Þín og mín, og ekkert fær aftrað mætti Þínum. Fjarri sé það eðli Þínu að máttugustu fuglar mannglegra sálna eða ímyndanir þeirra skuli nokkru sinni geta svifið til hæða þess eðlis, og of upphafin er heilög verund Þín til þess að æðstu tilfinningar hinna skilningsríku geti stigið upp til Þin. Frá eilífð hefur enginn fengið skilning á Þínu eigin sjálfi, og til eilífðar munt Þú vera hinn sami og Þú hefur verið frá ómunatíð þegar enginn var annar en Þú.

Miklað sé nafn Þitt. Þú ert ástvinurinn besti sem hefur gert mér kleift að þekkja Þig og Þú ert hinn alkunni sem hefur af náð Þinni veitt mér ást Þína. Þú ert hinn aldni sem enginn getur nokkru sinni lýst með vitnisburði um dýrð Þína og hátign, og Þú ert hinn voldugi sem enginn fær nokkru sinni skilið fyrir opinberanir mikilleika Þíns og fegurðar, því að tjáning hátignar og mikilfengleika og eigindir yfirráða og fegurðar eru aðeins tákn guðlegs vilja Þíns og skínandi endurspeglanir drottinvalds Þíns sem eðli sínu samkvæmt boða að leiðin er lokuð og bera því vitni að vegurinn er ótilkvæmilegur og á einskis manns færi að ganga hann.

*Í nafni Drottins þíns, skaparans, hins æðsta valdhafa, þess sem öllum nægir,
hins upphafnasta, þess sem allir leita ásjár hjá.*

SEG: Ó Guð minn! Ó þú sem ert skapari himins og jarðar, ó Drottinn ríkisins! Þú þekkir vel leyndarmál hjarta míns en verund Þín er órannsakanleg öllum nema sjálfum Þér. Þú sérð allt sem er af mér og engum er það fært nema Þér. Veit mér af náð Þinni það sem gerir mér kleift að komast af án alls nema Þín og ákvarða mér það sem gerir mig óháðan öllum nema Þér. Gef að ég megi uppskera ávinning lífs míns í þessum heimi og þeim sem kemur. Opna fyrir augliti mínu hlið náðar Þinnar og veit mér náðarsamlega mikla miskunn Þína og gjafir.

Ó Þú Drottinn ríkulegrar náðar! Lát himneska hjálp Þína umvefja alla þá sem elska Þig og veit okkur þær gjafir og hylli sem eru í eigu Þinni. Ver okkur nægur umfram allt annað, fyrirgef syndir okkar og miskunna Þig yfir okkur. Þú ert Drottinn okkar og Drottinn alls sem skapað er. Engan áköllum við nema Þig og einskis leitum við nema vildar Þinnar. Þú ert Drottinn veglyndis og náðar, ósigrandi í valdi Þínu og fremstur allra í áformum Þínum. Enginn er Guð nema Þú, eigandi alls, hinn upphafnasti.

Veit blessanir Þínar, ó Drottinn minn, boðberum Þínum, hinum heilögu og réttlátu. Sannlega ert Þú Guð, hinn óviðjafnanlegi og alknýjandi.

DÝRLEGUR ert Þú, ó Drottinn, Guð minn! Þú ert í sannleika konungur konunga. Þú veitir óskorað vald hverjum sem Þú vilt og tekur það frá hverjum sem Þú vilt. Þú upphefur hvern sem Þú vilt og niðurlægir hvern sem Þú vilt. Þú gerir sigursælan hvern sem Þú vilt og auðmýkir hvern sem Þú vilt. Þú veitir auðlegð hverjum sem Þú vilt og gerir snauðan hvern sem Þú vilt. Þú lætur hvern sem Þú vilt vinnur sigur á hverjum sem Þú vilt. Í greip þinni er veldi alls sem skapað er og í krafti æðstu yfirráða Þinna kallar Þú til lífs hvern sem Þú vilt. Sannlega ert Þú hinn alvitri, hinn alvaldi, Drottinn máttar og valds.

VEGSAMAÐUR og dýrlegur sért Þú, ó Guð! Gef að sá dagur nálgist óðfluga er við göngum í heilaga návist Þína. Gleð hjörtu okkar með mætti ástar Þinnar og velþóknunar og ger okkur staðfasta, svo að við gefum okkur fúslega undir Þinn vilja og Þína ákvörðun. Vissulega umlykur þekking Þín allt, sem Þú hefur skapað og munt skapa, og himneskur máttur Þinn er ofar öllu sem Þú hefur kallað og munt kalla til lífs. Engan ber að tigna nema Þig, engan ber að þrá nema Þig, engan ber að tilbiðja nema Þig og ekkert ber að elska nema velþóknun Þína.

Vissulega ert Þú hinn æðsti stjórnandi, hinn fullvalda sannleikur, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

ÞÚ veist vel, ó Guð minn, að þrengingar hafa steðjað að mér á alla vegu og enginn getur eytt þeim eða umbreytt nema Þú. Ég veit með fullri vissu vegna ástar minnar á Þér að Þú munt aldrei láta þrengingu verða á vegi neinnar sálar nema Þú viljir upphefja stöðu hennar í himneskri paradís Þinni og styrkja hjarta hennar í þessu jarðneska lífi með virkisgarði Þíns allsráðandi valds til þess að það hneigist ekki að hégóma þessa heims. Þú veist að sönnu fullvel að hvernig sem á stendur væri mér miklu kærara að ákalla Þig en að eignast allt sem er á himnum og jörðu.

Styrk hjarta mitt, ó Guð minn, í ást Þinni og í hlýðni við Þig og gef að ég megi leysast frá allri hersingu andstæðinga Þinna. Ég sver í sannleika við dýrð Þína, að ég þrá ekkert nema Þig, óska einskis nema miskunnar Þinnar og óttast ekkert nema réttlæti Þitt. Ég bið Þig að fyrirgefa mér og þeim sem Þú elskar með hverjum þeim hætti sem Þér þóknast. Vissulega ert Þú hinn almáttugi og örláti.

Ómælanlega upphafinn ert Þú, Ó Drottinn himnanna og jarðarinnar, yfir lofgjörð manna og friður sé með trúföstum þjónum Þínum og dýrð sé Guði, Drottni allra veraldanna.

LOF sé Þér, ó Drottinn, besti ástvinur minn! Ger mig staðfastan í málstað Þínum og gef að ég teljist til þeirra sem ekki hafa rofið sáttmála Þinn né fylgt hjáguðum sinna eigin fánýtu ímyndana. Ger mér því kleift að eignast aðsetur sannleikans í návist Þinni, gef mér tákun um miskunn Þína og lát mig ganga í flokk þeirra þjóna Þinna sem ekki verða slegnir ótta og enginn fær bakað hryggð. Gef mig ekki á vald sjálfs mín, ó Drottinn minn, og meina mér ekki um þekkingu á Honum sem opinberar Þitt eigið sjálf og tel mig ekki til þeirra sem hafa snúið

frá heilagri návist Þinni. Tel mig, ó Guð minn, með þeim sem njóta þeirra forréttinda að festa sjónir á fegurð Þinni og hafa af því slíkt yndi að þeir myndu ekki skipta á einu andartaki þess unaðar fyrir ríki himins og jarðar né gjörvallt sköpunarverkið. Sjá aumur á mér, ó Drottinn, á þessum dögum þegar þjóðir jarðar Þinnar hafa ratað í hörmulega villu. Veit mér því, ó Guð minn, það sem er gott og sæmandi að Þínu mati. Þú ert vissulega hinn alvoldugi og náðugi, hinn örláti, sá sem ætíð fyrirgefur.

Gef, ó Drottinn minn, að ég megi ekki teljast til þeirra sem sviftir eru sjón, heyrn og máli og hafa skilningsvana hjörtu. Frelsa mig, ó Drottinn, frá eldi fáfræði og eigingjarnrar ástríðu, heimila mér inngöngu í forgarð Þinnar yfirskilvitlegu náðar og send það yfir mig af hæðum sem Þú hefur ákvarðað Þínum útvöldu. Þú ert þess megnugur að gera það sem Þér líst. Vissulega ert Þú hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Ó GUÐ minn, ó Drottinn minn, ó meistari minn! Ég bið þig að fyrirgefa mér að leita nokkurrar gleði nema ástar Þinnar, og nokkurrar huggunar nema návistar Þinnar, og nokkurs unaðar nem velþóknunar Þinnar, og nokkurs lífs annars en samneytis við þig.

ÞÚ sérð, ó Drottinn minn, dvalarstað minn í hjarta þessa fjalls og Þú ert vitni að þolgæði mínu. Sannarlega hef ég ekki þráð neitt annað en ást Þína og ást þeirra sem elska þig. Hvernig get ég vegsamað skínandi fegurð drottinvalds Þíns, þegar ég veit að ég er sem ekkert frammi fyrir hífýlum dýrðar Þinnar? Sorg mín í einveru minni og einsemd fær mig samt til að ákalla þig í þessari bæn svo að tryggir þjónar Þínir megi heyra kveinstafi mína, biðji til Þín fyrir mína hönd, og Þú megir náðarsamlega svara bænum þeirra sem tákn um miskunn Þína og hylli. Ég ber því vitni að enginn er Guð nema Þú því að Þitt er fullveldið, tignin, dýrðin og mátturinn sem enginn af þjónum Þínum getur séð eða skilið. Að sönnu munt Þú í krafti þess sem í Þér býr vera um allar aldir órannsakanlegur öllum nema sjálfum Þér.

ER NOKKUR sá sem firrir erfiðleikum nema Guð? Seg: Lof sé Guði! Hann er Guð! Allir eru þjónar Hans og allir lúta boðum Hans!



